

**SKOÐUN** Einar Hugi skrifar um fyrningarfrest og yfirvofandi stórslys. 21



**MENNING** Tímamótasýning á verkum Hreins Friðfinnssonar í Nýlistasafninu. 30



**LÍFIÐ** Fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir lenti í hremmingum í aðdraganda RFF. 46



**SPORT** Alexander Petersson tók mataræðið í gegn til að flýta bataferlinu. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
4. apríl 2014
80. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



**Langamma á mótorhjóli**
Hildur Yeoman frumsýndi á dögunum fatalínu sína, Yuliu, sem er innblásin af merkilegri ævisögu langömmu hennar. Hildur talar um tískubransann og merkilega fjölskyldusögu vestanhafs.

**FRÉTTIR**

**Parkour þarf að fá að vaxa** Fimleikafélag í kringum frönsku jaðaríþróttina parkour verður stofnað eftir helgina. 2

**Leiðir að fjármögnun lífeyrissjóða** Kynnt hefur verið í borgarráði Reykjavíkur skýrsla þar sem farið er yfir hvernig lífeyrissjóðir geti komið að fjármögnun leiguhúsnæðis. 4

**Neita þrýstingi** Skýrslur voru teknar af þremur ákærðu í Aurum-málinu við upphaf aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. 6




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | NA | 7 |
| Akureyri | 8° | A | 2 |
| Egilsstaðir | 7° | SA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | A | 5 |
| Reykjavík | 8° | A | 6 |

**SKÚRIR S-TIL** Í dag verða víðast 5-10 m/s, skúrir S- og SV-til en annars skýjað með köflum. Hiti á bilinu 4-10 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**
Lífið | Fólk






**KRÆKLINGAVEIÐI Í HVALFIRÐI** Dairis Kalnins, skipstjóri á Fjólu 1516, mokar ís yfir veiði gærdagsins. Skip hans kom með fjögur tonn af kræklingi að landi úr Hvalfirðinum. „Ég veit ekki hvenær við förum næst, því eftir nokkrar vikur þarf að rannsaka hvort hann sé orðinn eitraður," segir Dairis. Hann segir nokkur ár síðan skip landaði síðast svona miklum kræklingi á þessum slóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þrjú ný fyrirtæki vilja fá lóð í Helguvík

Átta verkefni tengd framkvæmdum í Helguvík eru nú á borðinu. Reykjanesbær undirritaði nýverið viljayfirlýsingar við þrjú fyrirtæki sem vilja lóðir á svæðinu.

**IÐNAÐUR** Reykjanesbær hefur undirritað þrjár nýjar viljayfirlýsingar vegna lóða á iðnaðar- og hafnarsvæðinu í Helguvík.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er í tveimur tilvikum um að ræða fyrirtæki sem stefna að framleiðslu á vörum fyrir bílaiðnað og í því þriðja fyrirtæki sem vill vinna kísil.




Með yfirlýsingunum þremur eru nú átta verkefni á borðinu þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum í Helguvík. Áform eru um að byggja tvær kísilmálmverksmiðjur, álver, glýkólverksmiðju og vatnsverksmiðju.

Verkefnin eru mislangt á veg komin en hafa samtals kostað tugi milljarða króna. Ekkert þeirra er í hendi enda á í flestum tilvikum eftir að ganga frá málum sem tengjast fjármögnun og raforkukaupum.

„Við erum að vinna að fjárfestingarsamningi við þessi kísilver sem eru komin talsvert langt í undirbúningi þannig að ég vona að þau fari að koma," segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um stöðu mála í Helguvík.

„Það væri ánægjulegt að sjá þessi verkefni verða að veruleika á meðan unnið er að lausn á álversmálum í Helguvík og það eru spennandi tímar fram undan," segir Ragnheiður. - hg / sjá síðu 14

Kennarar vongóðir um nýjan kjarasamning í dag:

## Samningagerðin langt komin

**KJARASAMNINGAR Framhaldsskólakennarar telja að þeir séu að ná samningum. „Samningagerðin er komin vel á veg þrátt fyrir það að nokkur mál eru enn óleyst," segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður samninganefndar Félags framhaldsskólakennara. „Menn verða þó að hafa í huga að það er ekkert í hendi fyrr en búið er að skrifa undir."**

**Ólafur H. Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum, kveðst vongóður um að verkfalli og samningaviðræðum ljúki í dag.**

**Viðræðunefndin, sem setið hefur í Karphúsinu í þrjár vikur, kynnir trúnaðarmönnum og formönnum aðildarfélaga sinna samningsdrögin á fundi klukkan eitt í dag. Annars segja menn að staðan sé mjög viðkvæm og vilja lítið láta hafa eftir sér.**

- jme / sjá síðu 10






Óskar Bergsson hefur stigið til hliðar sem oddviti Framsóknar í Reykjavík:

# Axlar ábyrgð á gengi flokksins

**REYKJAVÍK** Óskar Bergsson, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík, tilkynnti í gær að hann hygðist ekki leiða flokkinn í komandi borgarstjórnarkosningum. Ekki liggur fyrir hver mun taka við af honum.

„Sem oddviti framboðsins ber ég ábyrgð á gengi flokksins í höfuðborginni og staðan sem við horfum á nú er grafalvarleg," segir í tilkynningu Óskars.

„Þar sem tæpir tveir mánuðir eru til kosninga er enn möguleiki á því að snúa vörn í sókn."

Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands þann 26. mars síðastliðinn mældist Framsókn með aðeins tvö prósent fylgi meðal borgarbúa, minnst fylgi allra flokka sem bjóða fram.

Guðrún Bryndís Karlsdóttir skipar annað sætið á lista flokksins í borginni. Hún segir ákvörðun Óskars hafa komið sér á óvart en getur ekki sagt að svo stöddu hvort hún muni leiða flokkinn í hans stað.

„Ég virði þá ákvörðun sem flokkurinn tekur," segir Guðrún. „Ég víkst ekki undan ábyrgð."

Þórir Ingþórsson, formaður kjördæmasambands Framsóknarmanna í Reykjavík, vildi ekki tjá sig við fréttastofu í gær. Flokkurinn hefur frest til 10. maí til að birta endanlegan framboðslista. - bá



> **Þar sem tæpir tveir mánuðir eru til kosninga er enn möguleiki á því að snúa vörn í sókn.**
>
> *Óskar Bergsson, fyrrverandi oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík.*




NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

## SPURNING DAGSINS



Kristján, eigið þið ekki líka að vera bara niðri á jörðinni?

**„Við erum með báða fætur á jörðinni en hugarflugið í lagi.“**

Kristján Guðmundsson, formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins, segir meirihluta flugvallarstarfsmanna í Keflavík óánægða í starfi.

Heilbrigðisráðuneytið bíður eftir niðurstöðum Rannsóknarnefndar flugslysa:

# Engin krafa enn gerð á Mýflug

**STJÓRNSÝSLA** Engin ákvörðun hefur enn verið tekin í heilbrigðisráðuneytinu um það hvort bótakrafa verði gerð á Mýflug vegna sjúkrabúnaðar í eigu ríkisins, sem eyðilagðist er sjúkraflugvél Mýflugs fórst á Akureyri í ágúst í fyrra.

Samkvæmt samningi bar Mýflug ábyrgð á tjóni sem ríkið eða aðrir yrðu fyrir við framkvæmd sjúkraflugsins. Engu að síður borgar ríkið fyrir nýjan sjúkrabúnað í nýja vél Mýflugs. Samkvæmt nýjustu fyrirliggjandi áætlun kostar hann 43 milljónir króna.

„Málið er til skoðunar en ekki er að vænta endanlegrar niðurstöðu fyrr en eftir að lokaskýrsla Rannsóknarnefndar samgönguslysa hefur verið birt,“ segir Margrét Erlendsdóttir, upplýsingafulltrúi heilbrigðisráðuneytisins, í svari til Fréttablaðsins. Fram kom í svari ráðuneytisins 7. janúar síðastliðinn að enda þótt Mýflug hafi borið ábyrgð á meðferð búnaðarins væri ekki augljóst að ríkið ætti kröfu á hendur félaginu vegna hans. - gar



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON** Heilbrigðisráðuneytið hefur sett hugsanlega kröfu á Mýflug til hliðar í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fíkniefnasalar fá dóm:

# Fara í fangelsi í tvö og hálft ár

**DÓMSTÓLAR** Þrír Íslendingar og Pólverji, sem búsettur er hér á landi, voru í gær dæmdir í tveggja og hálfs árs fangelsi í Kaupmannahöfn fyrir fíkniefnaviðskipti.

Um var að ræða að minnsta kosti 480 grömm kókaíns sem hald var lagt á árið 2012. Þá lagði lögregla hald á 26 þúsund dollara (yfir þrjár milljónir króna).

Lögreglumenn í Danmörku og á Íslandi unnu saman að rannsókn málsins. Fíkniefnin voru ætluð til sölu á Íslandi. - hva



**ÚTIVERA** Skólastjóri segir nemendur mjög ánægða með að fá að hjálpa til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nemendur í Ísaksskóla fengu að hjálpa til við vorverkin:

# Börnin slást um að fá að sópa

**SAMFÉLAGSMÁL „Þetta eru bara vorverkin,“ segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir, skólastjóri Ísaksskóla. Nemendur skólans fengu í gær að hjálpa húsverði við að sópa saman sandi á skólalóðinni.**

**„Það var sandað svo mikið í vetur,“ segir Sigríður. „Það er töluverð bið eftir því að þetta verði þrifið af borginni og þess vegna fengu krakkarnir að hjálpa til.“**

**Sigríður segir að nemendur séu alla jafna ekki settir í þrifastörfin en að þeir hafi skemmt sér vel við verkefnið.**

**„Þau slást um að fá að sópa,“ segir Sigríður.** - ssb

Segist hætta á næsta ári:

# Letterman brátt á eftirlaun

**BANDARÍKIN** Sjónvarpsmaðurinn David Letterman upplýsti við upptökur á þætti sínum „The Late Show“ í gær að hann ætlaði á eftirlaun á næsta ári. Búist var við því að sjónvarpsstöðin CBS sendi í kjölfarið frá sér yfirlýsingu, að því er greint var frá í fréttaskoti fréttastofunnar CNN.



**DAVID LETTERMAN**

Letterman er einn farsælasti sjónvarpsþáttastjórnandi Bandaríkjanna. Hann verður 67 ára gamall tólfta þessa mánaðar. - óká

Verðtryggð lán um 62%:

# Hægir á aukningu íbúðalána

**EFNAHAGSMÁL** Dregið hefur talsvert úr aukningu nýrra íbúðalána bankanna á síðustu mánuðum. Þetta kemur fram í Hagsjá Landsbankans.

Ný íbúðalán voru veitt fyrir rúma 140 milljarða króna á tímabilinu frá janúar 2013 til febrúar 2014. Ný útlán voru á bilinu tíu til tólf milljarðar króna í hverjum mánuði fram í nóvember 2013 en hafa síðan lækkað töluvert.

Hagsjá bendir á að hlutfall verðtryggða lána er mun hærra en óverðtryggðra, eða um 62 prósent á tímabilinu öllu. - bá

# Parkour-íþróttin þarf að fá að vaxa

Fimleikafélag í kringum frönsku jaðaríþróttina parkour verður stofnað hér á landi á þriðjudaginn. Búist er við þrjú til fjögur hundruð meðlimum um næstu áramót.

**SAMFÉLAG** Stofnfundur fyrsta fimleikafélagsins á höfuðborgarsvæðinu í 43 ár, eða síðan Gerpla var stofnuð 1971, verður haldinn á þriðjudaginn. Félagið er stofnað í kringum frönsku jaðaríþróttina parkour, sem hefur notið sívaxandi vinsælda bæði hér á landi og erlendis.

Sindri Viborg, 33 ára yfirþjálfari hjá Gerplu, hefur kennt íþróttina undanfarin sjö ár og segir tíma kominn til að hún fái að vaxa úr grasi. „Biðlistar og þrengslin eru bara orðin það mikil og íþróttin er ekkert að fá að vaxa eins og hún á að vaxa,“ segir hann, spurður út í ástæðuna fyrir stofnun félagsins.

Parkour er núna skilgreind sem hluti af Fimleikasambandi Íslands og stendur því ekkert í vegi fyrir að löggilt parkour-fimleikafélag verði stofnað hér á landi.

Íþróttin hefur verið kennd í fimleikasölum og víðar, þar á meðal hjá Gerplu, Fylki, Ármanni og í Björk. Selfyssingar og Akureyringar eru einnig meðal þeirra sem hafa stundað hana. Strákar eru í miklum meirihluta iðkenda enn sem komið er.

Þeir sem æfa parkour á höfuðborgarsvæðinu eru um þrjú hundruð talsins og komast færri að en vilja. Til dæmis eru 160 manns á biðlista í Gerplu og álíka margir í Fylki. Samkvæmt rekstraráætlun Sindra býst hann við því að 300 til 400 meðlimir verði komnir í félagið hans um áramótin og ef allt gengur að óskum verður það til húsa í Vatnagörðum í Reykjavík í 1.500 fermetra húsnæði.

Parkour hefur vakið heimsathygli í hinum ýmsu kvikmyndum og auglýsingum. Sindri kynntist íþróttinni einmitt í gegnum frönsku myndina Yamakazi árið 2001 og hefur ekki litið um öxl síðan.

Hann segir frjálsræðið það skemmtilegasta við parkour og þá staðreynd að ekki sé keppt í íþróttinni. „Það er enginn að fara að segja mér að heljarstökkið mitt sé réttara en hjá öðrum. Þú færð bara að vera þú. Það er það sem er svo heillandi.“ freyr@frettabladid.is



**STOFNANDI** Sindri Viborg er maðurinn á bak við stofnun félagsins. Parkour nýtur vaxandi vinsælda hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Öfgaáhætta að hoppa af húsþökum

Aðspurður segir Sindri parkour ekki vera hættulega íþrótt. „Það eru mjög fá brot eða óhöpp sem eiga sér stað. Nemendur mínir lenda mjög sjaldan í slíku,“ segir hann. Þeir sem helst hafa verið að meiða sig eru krakkar sem æfa ekki íþróttina, sem eru að gera ýmsar kúnstir, þar á meðal að hoppa fram af húsþökum. „Við þjálfum nemendur alltaf með þeim formerkjum að einhverjir þeirra álpist í aðstæður sem þeir ráða ekki við eins og sést oft í bíómyndum. En við hömrum á réttum gildum íþróttarinnar og leggjum áherslu á varkárnina. Meginþorri hennar er á jafnsléttu, ekki á þökum eða öðrum slíkum stöðum. Það er öfgaáhættuparturinn.“




Innanríkisráðuneytið fékk mánaðarfrest vegna dómsmáls Geirs H. Haarde:

# Svörin send út á mánudaginn

**DÓMSMÁL** Innanríkisráðuneytið fékk mánaðarfrest til að svara spurningum Mannréttindadómstóls Evrópu og senda þangað skjöl í máli Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra Íslands.

Ráðuneytið átti upphaflega að skila efninu fyrir hönd íslenska ríkisins til Strassborgar 6. mars en óskaði eftir fresti, sem það fékk til 7. apríl. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins úr ráðuneytinu var svo tímafrekt að þýða öll dómskjölin að ákveðið var að sækja um frestinn.

Spurningarnar sem um ræðir eru sex talsins. Að auki var stjórnvöldum gert að útvega Mannréttindadómstólnum enska þýðingu af niðurstöðum Landsdóms í málinu sem og öðrum ákvörðunum eða niðurstöðum sem því tengjast.

Geir höfðaði mál gegn íslenska ríkinu árið 2012 vegna óréttlátrar málsmeðferðar en hann var ákærður af Alþingi 2010 fyrir vanrækslu í aðdraganda bankahrunsins. Geir var sýknaður í fimm ákæruliðum af sex eða þeim var vísað frá. Hann var sakfelldur fyrir að hafa ekki sett „mikilvæg stjórnarmálefni“ með formlegum hætti á dagskrá ríkisstjórnarfunda eða „tekið þau upp“ á þeim vettvangi. - fb



**GEIR H. HAARDE** Geir í Þjóðmenningarhúsinu árið 2012 þegar dómur yfir honum var kveðinn upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**7. apríl**

Skilafresturinn til að svara spurningum Mannréttindadómstóls Evrópu.


0 kr. Nova í Nova
1.000 mínútur
500 SMS/MMS
0 kr. í frelsi
690 kr. í áskrift
0 kr. í alla
Ótakmarkaðar mínútur og SMS/MMS
4.990 kr./mán.
VELKOMIN TIL NOVA!
Fáðu Netið í símann. Veldu pakka sem hentar þinni notkun!
500 MB 690 kr.
1 GB 1.190 kr.
5 GB 1.990 kr.
10 GB 2.990 kr.
15 GB 3.990 kr.
4G LTE
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

## SVONA ERUM VIÐ



**18** **hjónavígslur para af sama kyni**

**voru framkvæmdar á árunum 1996-2011, þar af 8 hjónavígslur kvenna og 10 hjónavígslur karla.**

Á sama tíma eru skráðir sex skilnaðir para af sama kyni.

Forsætisráðherra hvetur til trúar á íslensku hagkerfi í ræðu á ársfundi Samtaka atvinnulífsins í gær:

# Sigmundur bjartsýnn á aflettingu hafta

**EFNAHAGSMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra er bjartsýnn á möguleikana á að gjaldeyrishöftum verði aflétt. Þetta kom fram í ræðu hans á ársfundi Samtaka atvinnulífsins í gær.

Í ávarpi sínu sagði Sigmundur að þrátt fyrir jákvæðan árangur á ýmsum sviðum hagkerfisins út af áhrifum breyttrar stefnu landsins standi ríkisstjórnin frammi fyrir mörgum verkefnum í efnahagsmálum. Stærsta viðfangsefnið sé losun gjaldeyrishaftanna.

„Í gær kynnti sérfræðihópur sem unnið hefur að því að meta stöðuna og möguleikana á aflettingu hafta niðurstöður sínar fyrir forsætis- og fjármálaráðherra,“ sagði Sigmundur. „Hópurinn skilaði afar góðu verki og ég er bjartsýnn á að við munum sjá hreyfingu á þessum málum áður en langt um líður.“

Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, gagnrýndi á fundinum hæga framför í þessum málum.

„Gjaldeyrishöftin voru upphaflega samþykkt sem tímabundin aðgerð til tveggja ára,“ sagði Björgólfur. „Gárungarnir segja að sennilega sé ekkert meira viðvarandi en tímabundnar ráðstafanir hins opinbera.“

Sigmundur sagði einnig á fundinum að hið „stóra efnahagslega plan“ væri að trúa á Ísland og segja skilið við hugarfar afturhalds og neikvæðni. „Flest bendir enda til að svartnættinu sé að slota og trú á eigin getu að eflast,“ sagði forsætisráðherra. **- bá**



**BJARTSÝNN** Forsætisráðherra segir jákvæðan árangur hafa náðst með breyttri stefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÍBÚAR FRÆDDIR UM EBÓLU** Heilbrigðisstarfsfólk í Conakry, höfuðborg Gíneu, útskýrir hegðun ebóluveirunnar. MYND/AP

Ebóla herjar á Afríkuríki:

## Nærri 90 eru látnir í faraldri

**GÍNEA, AP** Ebólufaraldurinn í Gíneu og Líberíu hefur kostað nærri níutíu manns lífið, en tugir manna að auki hafa veikst.

Veiran er ein sú hættulegasta sem þekkist og kostar allt að 90 prósent þeirra sem sýkjast lífið. Engin lækning er þekkt. Eina leiðin til að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins er að einangra þá sem sýkjast.

Í Conakry, höfuðborg Gíneu, veiktist maður að nafni Bakari Soumaoro eftir að hafa borið fárveikan vin sinn á bakinu um langa leið til að koma honum á sjúkrahús. Viku eftir að vinurinn lést veiktist Soumaoro sjálfur og lét lífið stuttu síðar. **- gb**

Íslandspóstur bregst við halla:

## Loka útibúum

**VIÐSKIPTI** Íslandspóstur hefur sótt um leyfi til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hækka póstburðargjald á bréfapósti. Gjaldið var hækkað á síðasta ári.

Þetta kemur fram í viðtali við forstjóra Íslandspósts, Ingimund Sigurpálsson, í Bændablaðinu á fimmtudag.

Ingimundur segir að Íslandspóstur hyggist loka útibúum á landsbyggðinni og fækka póstburðardögum.

Íslandspóstur var rekinn með 119 milljóna króna tapi á síðasta ári. **- ssb**

# Kynntu hvernig lífeyrissjóðir geti fjármagnað húsnæði

**Borgarráð ætlar í næstu viku að afgreiða tillögu um samstarf lífeyrissjóða og Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar leiguhúsnæðis. Til greina kemur að borgin myndi leigufélög með fjárfestum og gefi afslátt af lóðum. Meðal kosta er að stofna samlagshlutafélög, framtakssjóði eða fara svonefnda „Hvalfjarðarleið“.**

**LEIGUMARKAÐURINN** Dregin hefur verið upp mynd af aðkomu lífeyrissjóðanna að uppbyggingu leiguhúsnæðis í Reykjavík. Skýrsla þess efnis var kynnt á fundi borgarráðs í gærmorgun. Samkvæmt tillögum lífeyrissjóðanna og Reykjavíkurborgar verða fjárfestar að vera tilbúnir að skuldbinda sig rekstri leiguhúsnæðis í fjörutíu til fimmtíu ár.

Í tillögunni eru nefndar þær leiðir sem til greina koma svo að Reykjavíkurborg geti verið virkur þátttakandi í uppbyggingu leiguhúsnæðis. Aðkoma borgarinnar mun fyrst og fremst snúa að úthlutun lóða en einnig getur borgin komið að greiðslu gatnagerðargjalda og með beinu fjárframlagi til fjárfesta. Grunnforsenda að baki verkefninu er þó að útfærslan standist viðmið ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, um markaðslausnir.

Ekki er orðið ljóst hvort greitt verður fyrir lóðirnar með peningum eða í hlutabréfum og réttindum þeim tengdum í þeim leigufélögum sem annast munu uppbygginguna. Ljóst er þó að afsláttur verður veittur af lóðum vegna langrar skuldbindingar fjárfestanna.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að lífeyrissjóðirnir muni ekki verða einir um hituna. „Þetta verður opið fyrir alla fjárfesta sem eru tilbúnir að binda peningana sína til svona langs tíma. Það er enginn ofsagróði af fjárfestingunni en hún er býsna örugg.“

Stefán Halldórsson, verkefnastjóri hjá Landssamtökum lífeyrissjóða, segir að fyrsta skref vinnunnar verði að velja þá leið sem farin verður. „Það er ljóst að ef menn ætla að fara í verulega uppbyggingu á leiguíbúðum sem langtímastarfsemi þá þurfa borgaryfirvöld sem fara með skipulagsmál að móta stefnu í þessu sem er aðgengileg fyrir fjárfesta.“

Nefnd er meðal annars svokölluð Hvalfjarðargangaleið, en í henni felst að Reykjavíkurborg sé aðili að leigufélagi með fjárfestum en eigi allt hlutafé þess. Aðrir aðilar fái þá allan ágóða af útleigu íbúðanna.

Dagur segir að borgin leggi áherslu á að húsnæðið henti fólki sem er með hefðbundnar tekjur og ekki verði um neinar lúxusíbúðir að ræða. „Borgin mun jafnframt leggja áherslu á að þetta sé viðhaldslétt og vandað húsnæði,“ segir Dagur. Hann segir að tillagan verði afgreidd í borgarráði í næstu viku „Ég geri svo ráð fyrir því að útfærslan taki nokkrar vikur en það er sameiginlegur vilji að þetta gangi fljótt og vel.“

**snaeros@frettabladid.is**



**SKUGGAHVERFIÐ** Reykjavíkurborg vill byggja upp stöðugan leigumarkað fyrir „venjulegt fólk með venjulegar tekjur“. Ekki verða byggðar rándýrar lúxusíbúðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**STEFÁN HALLDÓRSSON**

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Friedrichshafen | 20° | New York | 8° |
| Aþena | 21° | Gautaborg | 8° | Orlando | 30° |
| Basel | 18° | Kaupmannahöfn | 8° | Ósló | 10° |
| Berlín | 15° | Las Palmas | 21° | París | 20° |
| Billund | 8° | London | 19° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 24° | Mallorca | 22° | Stokkhólmur | 6° |




**Á MORGUN**
8-13 SV-til, annars hægari.




**SUNNUDAGUR**
Víðast 5-10 m/s.

**HELGARVEÐRIÐ** Litlar breytingar á veðrinu til morguns, en það má gera ráð fyrir fremur rólegri austanátt og nokkuð björtu veðri. Hins vegar verður ögn stífari vindur og væta með köflum sunnantil á morgun og á sunnudag. Áfram nokkuð milt.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður




**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




**Heimilið**
**Líf- og heilsa**
**Bíllinn**
**Reksturinn**

Einu sinni höfðu allir hlutir verðmiða. Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. Skoðaðu þitt dæmi með reiknivél Varðar á **vordur.is**

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.**

vörður

ÍSLENSKA/SIA.IS VOR 66938 03/14

## VEISTU SVARIÐ



**Hversu** lengi hefur Kópavogsfangelsi verið starfrækt?

**Hvað** hefur sveitarfélagið Hornafjörður risið um marga sentimetra frá 1997?

**Hversu** gömul er rokkhátíðin Aldrei fór ég suður?

VEISTU SVARIÐ

**1.** Frá árinu 1989 **2.** 15 sentimetra **3.** 10 ára

Teitur Jónsson dósent ver doktorsritgerð sína í tannlæknisfræði við HÍ í dag:

# Forseti tekur próf við eigin deild

**MENNTAMÁL** Teitur Jónsson, forseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands, mun í dag verja doktorsritgerð sína við deildina. Þetta er að öllum líkindum í fyrsta sinn í sögu skólans sem forseti tekur próf við sína eigin deild.

„Þetta er í sjálfu sér ekki mjög óvænt,“ segir Teitur. Hann bendir á að sífellt fleiri kennarar stundi nám að einhverju leyti samhliða starfi sínu. „Meira að segja var varaforseti deildarinnar að verða doktor í síðasta mánuði,“ segir Teitur en Bjarni Elvar Pjetursson varði ritgerð sína í mars.



TEITUR JÓNSSON

Teitur á von á því að sjá marga nemendur sína við doktorsvörnina en vikulegur fyrirlestur Tannlækningastofnunar Háskólans verður felldur niður í dag og tannlæknanemar á fjórða til sjötta ári skyldaðir að mæta á vörnina í staðinn. Hann segist hæfilega taugaóstyrkur við tilhugsunina um að sitja próf fyrir framan nemendur sína.

„Jú, ég var ekki búinn að hugsa um það mikið þar til nýlega,“ segir Teitur. Hann á þó ekki von á öðru en að standa sig með prýði.

„Maður er ekki fæddur í gær,“ segir hann. „Svo er búið að samþykkja þetta pródúkt á ýmsum stöðum, þannig að þetta er í raun bara uppskerudagur.“

- bá

Fíkniefnamál telst upplýst:

# 60 kannabisplöntur fundust

**FÍKNIEFNI** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á 60 kannabisplöntur og 11 kíló af kannabisefnum á miðvikudag.

Eiturlyfin fundust við húsleit í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði og voru, að því er segir í tilkynningu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, tilbúin til dreifingar.

Leitað var á tveimur öðrum stöðum í tengslum við málið.

Þrír karlar voru handteknir í þágu rannsóknarinnar sem telst upplýst.

- ssb








**ÞÉTT SETIÐ** Ákæruvaldið, sakborningar og lögmenn þeirra eiga langa daga fyrir höndum. Gert er ráð fyrir að aðalmeðferð standi yfir fram í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Neita því að hafa orðið fyrir þrýstingi

Skýrslur voru teknar af þremur ákærðu í Aurum-málinu við upphaf aðalmeðferðar í gær. Þeir voru allir sammála um að lánveiting Glitnis til félagsins FS38 ehf. hefði verið jákvæð. Verjendur gagnrýndu framferði sérstaks saksóknara harðlega.

**DÓMSMÁL** „Mér er enn óljóst hvaða reglur ég á að hafa brotið,“ sagði Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis banka, við upphaf skýrslugjafar sinnar á fyrsta degi aðalmeðferðar Aurum-málsins í gær. Auk Lárusar eru þeir Jón Ásgeir Jóhannesson athafnamaður og einn aðaleigandi bankans, Magnús Arnar Arngrímsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, og Bjarni Jóhannesson, fyrrverandi viðskiptastjóri, ákærðir fyrir umboðssvik og hlutdeild í þeim í tengslum við sex milljarða króna lán Glitnis til félagsins FS38 ehf. í júlí 2008 til kaupa á félaginu Aurum Holding.

Verjendur hinna ákærðu forfluttu málið áður en skýrslutökur hófust og þar gagnrýndu þeir harðlega málatilbúnað og gagnaframlagningu sérstaks saksóknara. Óttar Pálsson, verjandi Lárusar, lagði fram verðmat fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings á Aurum sem unnið var í apríl 2008, sem ekki hafði komið fram áður. Hann sagði þetta verða lykilskjal í málinu þar sem þar komi fram að mat á félaginu hafi verið mun hærra heldur en gert var ráð fyrir við lánveitinguna. Aðrir verjendur tóku undir orð Óttars, Gestur Jónsson, verjandi Jóns, sagði að hann teldi málatilbúnað ákæruvaldsins vera hruninn, þar sem ákæran byggði á því að verðmatið sem miðað var við við lánveitinguna hafi verið ofmetið, en nú hafi komið í ljós að svo sé ekki.

Lárus sagði sérstakan saksóknara eyða miklum tíma í að búa til sögur og láta að því liggja að innan bankans hefði staðið styr um þessa lánveitingu en vilji bankans hefði staðið til þess að fá frekari tryggingu í viðskiptum við Fons og staða bankans hefði verið bættari eftir hana. Þegar kom að spurningum til Lárusar voru svörin stutt. Hann bar því við að hann myndi lítið eftir tölvupóstum sem bornir voru undir hann, þar sem sex ár séu liðin frá þessum tíma. Hið sama gilti um ákærðu Magnús og Bjarna þegar þeir svöruðu spurningum sérstaks saksóknara. Allir höfnuðu þeir að hafa látið undan þrýstingi við ákvörðun um lánveitinguna en sérstakur saksóknari lagði mikla áherslu á að reyna að sýna fram á að Jón hefði beitt þá miklum þrýstingi til að lánið yrði veitt og bar undir sakborningana mikið af tölvupóstum sem hann sendi þeim því til stuðnings.

fanney@frettabladid.is

## ORÐRÉTT ÚR RÉTTARSAL Í AURUM-MÁLINU

**Ef að menn trúa á drauga þá sjá þeir drauga.“**

*Helgi Birgisson, verjandi Magnúsar um málatilbúnað sérstaks saksóknara.*

**Það eina sem hann hefur til sakar unnið er að hafa unnið í banka.**

*Bjarni Eiríksson verjandi Bjarna um ákæruna gegn skjólstæðingi sínum.*

**Nú hlýtur málatilbúnaður ákæruvaldins endanlega að hrynja.“**

*Óttar Pálsson, verjandi Lárusar, um nýframlagt verðmat á Aurum.*

**Á ferli mínum sem bankamaður hafði ég aldrei heyrt minnst á hugtakið umboðssvik.“**

*Lárus Welding.*

**Það stóð ekki til, en af einhverjum ástæðum var afgreiðslan svona.**

*Magnús um af hverju lánveitingin var samþykkt á milli funda.*

**Þetta eru bara einhver tölvupóstsamskipti síðan í febrúar 2008. Ég man ekkert eftir þessu.**

*Bjarni um tölvupóst milli hans og Jóns Ásgeirs.*


**Tónskáldasjóður Rásar 2**
**auglýsir eftir umsóknum**

Sjóðurinn hefur það hlutverk að efla frumsköpun, útgáfu og flutning á nýrri íslenskri tónlist og textum.
Styrkir úr sjóðnum skulu veittir tónskáldum/textahöfundum til nýsköpunar og hvers kyns verkefna á sviði hryntónlistar.

Umsóknir skulu berast sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum í þríriti ásamt fylgigögnum **fyrir kl.12.00 þann 21. apríl n.k. merktar Tónskáldasjóði Rásar 2 c/o STEF, Laufásvegi 40, 101 Reykjavík.**

**Eyðublöðin má finna á:**
http://ftt.is/Sjodir_og_uthlutanir/Sjodir/Tonskaldasjodur_Rasar_2

**Umsóknir ber að vanda.**

FÉLAG TÓNSKÁLDA & TEXTAHÖFUNDA





# „Framúrskarandi akstursupplifun“

## Ford Kuga Titanium AWD.

Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Skynvætt fjórhjóladrif og Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu er staðalbúnaður.

Ford Kuga fær þig til að brosa í hvert skipti sem þú sest undir stýri. Komdu og prófaðu.

**Beinskiptur AWD með dísilvél frá 5.790.000 kr.**
**Sjálfskiptur AWD með dísilvél frá 6.490.000 kr.**
**Sjálfskiptur AWD með bensínvél frá 6.190.000 kr.**




50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Vissir þú að Ford Kuga er öruggasti bíllinn í sínum flokki?
Öryggi skiptir miklu máli en það gerir staðalbúnaðurinn líka. Ford Kuga stenst þann samanburð fyllilega líka enda búinn skynvæddu fjórhjóladrifi, Ford SYNC raddstýrðu samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu, Titanium leðuráklæði á slitflötum sæta, 17” Titanium álfelgum, upphitanlegri framrúðu, starthnappi, regnskynjara í framrúðu og langboga með álútliti. Síðan er að sjálfsögðu hægt að sérpanta. Ford Kuga hefur sérstöðu í úrvali og verði aukabúnaðar. Afgreiðslutími sérpantana er einnig styttri en almennt gerist. Pantaðu bílinn eins og þú vilt hafa hann! Það er margt í boði. Við mælum með að þú byrjir á að kíkja við í reynsluakstur - við tökum vel á móti þér!

Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 140 hö. 6 gíra beinsk./sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9/6,2 l/100 km. $CO_2$ losun 154/162 g/km.
Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hö. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. $CO_2$ losun 179 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Matvælastofnun Noregs:

## Sjóða þarf fryst innflutt ber

**NOREGUR** Nítján Norðmenn hafa sýkst af lifrarbólgu A. Grunur leikur á að þeir hafi fengið veiruna eftir að hafa neytt innfluttra frystra berja og nú ráðleggur Matvælastofnun Noregs neytendum að sjóða öll innflutt fryst ber í eina mínútu, samkvæmt fréttaveitunni NTB.

Dóra S. Gunnarsdóttir, matvælafræðingur hjá Matvælastofnun, segir stofnunina fylgjast með málinu og meta hvort ástæða sé til að vara íslenska neytendur við. - ibs

Gæðanefnd dönsku ríkisstjórnarinnar vill lengja nám til BA- og BS-gráðu og stytta meistaranám:

# Leggur til fækkun nema í meistaranámi

**DANMÖRK** Sérstök gæðanefnd dönsku ríkisstjórnarinnar um framhaldsmenntun vill lengja nám til BA- og BS-gráðu úr þremur árum í fjögur. Jafnframt vill nefndin að háskólanemar sem lokið hafa þessum gráðum eigi ekki lengur skilyrðislausan rétt á að fara í meistaranám. Framvegis eigi að fjarlægja tvö af hverjum þremur plássum fyrir meistaranema og stytta meistaranámið úr tveimur í eitt.

Í frétt á vef danska ríkisútvarpsins segir að laga eigi kerfið að auknum fjölda nema. Þörf sé á að staldra við og meta framtíðarhorfurnar. Haft er eftir Jørgen Søndergaard, formanni nefndarinnar, að nú fái aðeins um helmingur háskólamenntaðra störf í einkageiranum. Framvegis verði það fjórir af hverjum fimm.

Það er mat nefndarinnar að nýta eigi fjórða árið í BA- og BS-náminu til að annaðhvort búa nemendur undir störf í atvinnulífinu eða til undirbúnings fyrir vísindastörf.

Samtök háskólanema óttast að gæðanefndin einblíni á sparnað í stað þess að skoða hvernig bæta megi námið. Þeir segja að gæði snúist um hversu góð menntunin er. Slíkt vanti í umræðuna.

Samtök háskóla í Danmörku segjast reiðubúin til að koma á breytingum þannig að fleiri nemendur komist að í þeim greinum sem atvinnulífið kallar eftir. Samtök atvinnulífsins segja að ekki megi fækka meistaranemum það mikið að það komi niður á atvinnulífinu. Þau efast einnig um ágæti þess að stytta meistaranámið. - ibs



**Í ÁRÓSUM** Fjölmargir nemar frá Norðurlöndum stunda háskólanám í Árósum.



**SPORTLEGUR** Bíllinn og stoltir hönnuðir við kynninguna í gær. MYND/GUNNAR SVERRISSON

Stefna á verðlaunasæti í keppni í Englandi í sumar:

## Háskólanemar afhjúpa rafbíl

**TÆKNI Verkfræðinemar við Háskóla Íslands afhjúpuðu í gær rafbíl sem kemur til með að keppa á alþjóðlegri kappaksturs- og hönnunarkeppni í Englandi í sumar.**

**Þetta er í fjórða sinn sem lið frá Háskóla Íslands tekur þátt í keppninni en frá upphafi hefur áhersla verið lögð á umhverfisvæna bíla.**

**Nemar við Listaháskóla Íslands tóku þátt í að hanna útlit bílsins en samtals tóku fjörutíu verkfræðinemar þátt í hönnun og smíði bílsins. Lið Háskóla Íslands stefnir að sigri í keppninni en í fyrra hreppti liðið þriðja sæti í 2. flokki keppninnar.** - ssb

Norðmenn í námi erlendis:

## Þörf á fleirum sem tala þýsku

**NOREGUR** Norðmenn sem halda utan til náms fara helst til landa þar sem þeir geta stundað námið á ensku eða skandínavísku. Ráðgjafi hjá alþjóðaskrifstofu menntamála segir jákvætt að margir verði betri í ensku með námi erlendis.

Hins vegar sé það synd að fleiri skuli ekki fara í nám til Þýskalands og Frakklands. Noregur þurfi fleiri þýsku- og frönskumælandi til þess að auka tengsl innan viðskiptalífsins, atvinnulífsins og við stjórnmálamenn í þessum löndum. - ibs

Datt í Ólafsfjarðarmúla:

## Skíðakona með þyrlu á spítala

**SLYS** Erlend skíðakona var flutt með þyrlu á Sjúkrahúsið á Akureyri eftir að hún meiddist í Ólafsfjarðarmúla. Kallaðar voru út björgunarsveitir frá Ólafsfirði, Siglufirði og Dalvík. Þá aðstoðuðu við björgunina þyrlur frá tveimur ferðaþjónustum.

Fyrstu björgunarmenn voru komnir á staðinn um hálftíma eftir að útkallið barst.

Í tilkynningu Landsbjargar var konan sögð töluvert slösuð en þó ekki í lífshættu. Neitað var að gefa upplýsingar um ástand konunnar á Sjúkrahúsinu á Akureyri. - skó, óká

# Gætu ræktað nytjaskóg í eyðimörkinni

**Lítill hluti Hafnarsands við Þorlákshöfn gæti fóstrað nytjaskóg sem gæfi milljarða í tekjur. Nytjaskógur hefði fljótt jákvæð áhrif á veðurfar og yrði dýrmætt útivistarsvæði. Eftir áralanga friðun standa yfir 7.000 hektarar enn eftir sem eyðimörk.**

**NÁTTÚRA** Mikil tækifæri felast í skógrækt á ógrónu landi á láglendi Íslands. Auðnir, ógróið land eða land með innan við 50% gróðurþekju, eru rúmir 12 þúsund ferkílómetrar sem auðvelt er að rækta upp. Slík svæði má finna við þéttbýli þar sem ræktun gæfi milljarðatekjur, störf og stórbætta mannvist.

Pétur Halldórsson, kynningarstjóri hjá Skógrækt ríkisins, birtir hugleiðingar sínar um þetta efni á heimasíðu Skógræktarinnar. Þar tekur hann sérstaklega dæmi af Hafnarsandi við Þorlákshöfn, sem einnig er kallaður Þorlákshafnarsandur; 7.100 hektara lands sem þrátt fyrir áratuga friðun hefur ekki verið ræktað upp. Samt er það með mildustu og úrkomusömustu svæðum á landinu og kjörið til ræktunar, skrifar Pétur.

Pétur segir í viðtali við Fréttablaðið að tilefni skrifanna hafi verið sú staðreynd að 12% af láglendi Íslands séu eyðimörk en henti vel til ræktunar, t.d. með nytjaskógi.

„Það er búið að sýna fram á það á Markarfljótsaurum til dæmis, á söndum í Kelduhverfi og á Hólasandi að hægt er að rækta nytjaskóga á þessum eyðimörkum og hafa af þeim verulegar tekjur; af landi sem kannski gefur ekki neitt í dag,“ segir Pétur.

Almennt er mælikvarðinn á nytjaskógur með einni milljón trjáplantna skapi rúmlega fjórtán ársverk. Pétur nefnir að ef ræktuð er alaskaösp í iðnviðarskógi má uppskera eftir 50 ár trjávið að verðmæti um tvær milljónir króna af hverjum hektara. Eyðimörkin í kringum Þorlákshöfn er um 7.100 hektarar. Ræktun á alaskaösp á sjöunda hluta þess lands gæfi því tvo milljarða króna.



**Á HAFNARSANDI** Sitkaölur og íslenskt birki vaxa misvel á sandinum. Eftir 11 ár hefur ölurinn náð 2-2,5 metra hæð án áburðar. Birkið, jafngamalt, er 0,3-0,4 metrar með áburðargjöf í þrígang. MYND/AÐALSTEINNSIGURGEIRSSON

Pétur segir að einhverjum þyki það kannski langur tími – 50 ár. Hins vegar myndi skógrækt af þessari stærðargráðu hafa áhrif miklum mun fyrr með bættri mannvist í Þorlákshöfn.

„Skógarnir yrðu fljótlega að dýrmætu útivistarsvæði fyrir íbúana og eftir því sem trén stækkuðu færu Þorlákshafnarbúar að taka eftir breytingum á veðurfari. Skógur hefur ótrúleg áhrif á veðurfar, hægir vind og hækkar þar með staðarhita þar sem skjólsins nýtur. Garðrækt yrði auðveldari við hús í Þorlákshöfn og fleiri dagar þar sem hægt yrði að sitja úti og njóta veðurblíðu,“ skrifar Pétur.

svavar@frettabladid.is

### Þorlákshafnarsandur




Þúsund hektara nytjaskógur myndi skapa 2 milljarða eftir 50 ár.

> **Skógur hefur ótrúleg áhrif á veðurfar, hægir vind og hækkar þar með staðarhita þar sem skjólsins nýtur.**
>
> *Pétur Halldórsson, kynningarstjóri hjá Skógrækt ríkisins*




Kennarar skora á ráðamenn að klára sameiningu:

## Vilja sameinast HÍ

**MENNTAMÁL** Mikill meirihluti akademískra starfsmanna við Landbúnaðarháskóla Íslands vill sameina skólann Háskóla Íslands.

Þrír fjórðu starfsmanna hafa skorað á menntamálaráðherra, rektor skólans og allsherjar- og menntamálanefnd að klára sameiningarferli skólanna. Sameining hefur mætt mikilli andstöðu hjá Bændasamtökum Íslands, sveitarstjórn í Borgarfirði og þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna í Norðvesturkjördæmi en rektor skólans, Ágúst Sigurðsson, hefur lýst yfir vilja til að sameina skólana. Hann telur að stórt framfaraskref yrði stigið með sameiningu.

Akademískir starfsmenn Landbúnaðarháskólans telja að sameining myndi styrkja stöðu landbúnaðar- og umhverfisrannsókna á Íslandi.

Áform hafa verið um sameiningu frá síðasta kjörtímabili en fallið var frá þeim fyrir skömmu og niðurskurður boðaður. - ssb



**VINNA HÖRÐUM HÖNDUM** Starfsmenn telja að sameining myndi efla starfsemi skólans umtalsvert. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Megi gæfa og gæði fylgja fermingarbörnum

## Vörurnar frá Samsung eru ávísun á gæfuríkar gæðagjafir

### Lengi býr að bestu gerð.

Fermingargjöf frá Samsung mun ekki aðeins veita stundargleði, heldur líka fullvissu fyrir því að gæðin munu endast og gjöfin reynast fermingarbarninu gæfurík.

## Galaxy Note 10.1" · Spjaldtölva · 4G



SM-P605
Stýrikerfi : Android 4.3
Örgjörvi : 2,3 GHz Quad
Minni : 16 GB stækkanlegt með Micro SD (64GB)
Vinnsluminni 3GB RAM
Upplausn : 2560 x 1600 (WQXGA)
Þyngd: 547 gr
Stærð:171,4 x 243,1 x 7,9 mm

Verð: 149.900 kr

Bluetooth · Wi-Fi CERTIFIED

## Galaxy Tab 3 · 10.1" · Spjaldtölva · 4G



GT-P5220
Stýrikerfi : Android 4.2 Jelly Bean og fjöldi forrita með.
Styður 4G
Litur: Hvít
Örgjörvi : Intel Dual Core Atom 1.6 GHz
Geymsla: 16GB
Minni : 1 GB DDR2

Verð: 69.900 kr

Bluetooth · Wi-Fi CERTIFIED

## MYNDAVÉLATILBOÐ FRÁ SAMSUNG

### SAMSUNG NX 1000 {TIL BÆÐI SVÖRT OG HVÍT}

Wi-Fi CERTIFIED



20.3 milljón pixlar • 20-50 mm linsa fylgir • APS-CMOS Sensor • 8 rammar á sek. • Direct Wi-Fi • I-Function linsa • Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek. • ISO 100-12800 • Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið • Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði • Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

Verð: 79.900 kr

### SAMSUNG NX 210

Wi-Fi CERTIFIED



SAMSUNG NX 210

20.3 milljón pixlar • 18-50 mm linsa fylgir • APS-CMOS Sensor • 8 rammar á sek. • Direct Wi-Fi • I-Function linsa • Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek. • ISO 100-12800 • Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið • Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði • Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

Verð: 129.900 kr

### SAMSUNG GALAXY Tab 2 fylgir með báðum vélunum

Kaupauki



Samsung GALAXY Tab 2
7" WiFi spjaldtölva fylgir með í kaupunum.

### DV150



Myndavél með tveim skjám. Pottþétt fyrir „selfí"

Verð: 26.900 kr.

## HÁTALARAR DA-F61



Bluetooth · Wi-Fi CERTIFIED

Þráðlaus ferðahátalari fyrir snjallsíma og spjaldtölvur
2x10W · Innbyggð hleðslurafhlaða, 12 klst ending

Verð: 49.900 kr.



SANP915S3G-K01SE
Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
Vinnsluminni: 4GB · Harður diskur: SSD 128GB
Spjaltölva og fartölva í einu og sama tækinu–SNILLD

Verð: 169.900 kr.

### Ativ Book 2

NP270E5G-K03SE

15,6"



Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
Vinnsluminni: 4GB · Harður diskur: 500 GB
Töff hönnun · Frábær tölva fyrir fólk á ferðinni.

Verð: 119.900 kr.

### Ativ Book 9 Lite

13,3"



NP905S3G-K01SE
Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
Töff hönnun. 1,4 kg. og 8 klst. rafhlöðuending.
Frábær tölva fyrir fólk á ferðinni.

Verð: 149.900 kr.

## DOKKUR DA-E550



Samsung hátalaradokka fyrir snjallsíma
Nýstárleg hönnun · Gerð fyrir Galaxy S3, S2, Note, Iphone, og Ipod

Verð: 36.900 kr

Bluetooth · Wi-Fi CERTIFIED

## Heyrnartól af bestu gerð

### Pioneer HLJÓMTÆKI SE-MJ721

Heyrnartól



Verð: 9.900

### Pioneer HLJÓMTÆKI SE-MJ751

Heyrnartól



Verð: 18.900

### Skullcandy

SkullCandy Aviator



Verð kr. 25.990,-

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18 OG LAUGARDAGA FRÁ 12–16

**SAMSUNG SETRIÐ** samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR · BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

Forstjóri Isavia segir formann FFR fara með ósannindi:

## Segir ekki rétt farið með tölur


BJÖRN ÓLI HAUKSSON

**VINNUMARKAÐUR Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, segir formann Félags flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR) fara með ósannindi. Þetta sagði hann í ræðu sinni á aðalfundi Isavia í gær.**

**Haft var eftir Kristjáni Jóhannssyni, formanni FFR, í blaðinu í gær að hann væri óánægður með harkaleg vinnubrögð yfirstjórnar Isavia og að kannanir sýndu að 57 prósent starfsmanna kvæðust óánægð í starfi.**

**Björn Óli segir tölurnar alrangar. „Það er verulega ámælisvert að farið sé með slík ósannindi og dylgjur opinberlega í miðjum kjaraviðræðum, þegar nýleg könnun sýnir að yfir 90 prósent starfsmanna Isavia eru ekki óánægð í starfi sínu,“ sagði Björn Óli. „Sú stefnubreyting sem orðið hefur í samskiptum okkar við þetta stéttarfélag veldur mér verulegum áhyggjum. Það hafa komið fram opinberlega bæði ósannar og ósanngjarnar fullyrðingar frá framkvæmdastjóranum,“ sagði hann jafnframt.** - kóh




# Skrítið ástand og óvissa í skólunum

Framhaldsskólanemar segja að margir séu komnir í fulla vinnu. Þeir sem eru að útskrifast eru orðnir mjög áhyggjufullir yfir að ná ekki að útskrifast á réttum tíma. Foreldrar íhuga hvað þeir geti gert til að styðja við bakið á nemendum.


BIRNA KETILS-DÓTTIR SCHRAM


JARA HILMARSDÓTTIR

**SKÓLAMÁL** Áhyggjur nemenda og foreldra magnast eftir því sem verkfall framhaldsskólakennara stendur lengur. „Eina orðið sem lýsir ástandinu er óvissa,“ segir Jara Hilmarsdóttir, starfandi forseti Nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð.

Verkfall framhaldsskólakennara hefur nú staðið í þrjár vikur og margir farnir að ókyrrast, sérstaklega þeir nemendur sem ætla að útskrifast í vor.

„Þetta er skrítið ástand og mikil óvissa. Auðvitað vonum við að verkfallið leysist sem fyrst,“ segir Birna Ketilsdóttir Schram, inspector scholae Menntaskólans í Reykjavík.

Birna segir að margir krakkar séu komnir í fulla vinnu.

„Margir þeirra voru að vinna með skólanum en eftir að verkfallið hófst fóru þeir í fulla vinnu. Svo veit ég um nokkra sem fengu vinnu í fiski hjá HB Granda,“ segir hún.

Birna segist ekki hafa heyrt af neinum sem ætli að hætta námi vegna verkfallsins. Það sé bekkjakerfi í MR og ef fólk hætti þá verði það að taka allt árið aftur.

Jara segir svipaða sögu. Hún viti af krökkum sem séu komnir í fulla vinnu og sumir ætli að hætta námi á þessari önn. Það sé áfangakerfi í MH og því tapi fólk ekki heilu ári þótt það hætti eins og í bekkjarkerfinu.

Birna segir að um 150 nemendur, flestir þeirra útskriftarnemendur, mæti í skólann á hverjum degi til að læra saman. Aðrir séu duglegir að mæta á bókasöfnin og læri þar.

Jara segir að um leið og fréttir bárust af því að það gæti farið að styttast í verkfallinu hafi þeim fjölgað sem komu í skólann til að læra.

„Fólk sem er saman í áföngum kemur og lærir saman. Þeir sem eru að fara að útskrifast eru áhyggjufullir yfir að ná ekki að útskrifast ekki á réttum tíma. Þetta fólk er farið að koma í hópum í skólann til að læra,“ segir Jara. Hún bætir við að sumir hafi brugðið á það ráð að fá einkakennslu ýmist hjá háskólanemum eða háskólamenntuðu fólki.

johanna@frettabladid.is


KOLBRÚN Þ. PÁLSDÓTTIR

### ÁHYGGJUFULLIR FORELDRAR

„Foreldrar hafa miklar áhyggjur af stöðu mála. Sumir nemendur fóru af stað með góð fyrirheit og ætluðu að stunda sjálfsnám en eru smátt og smátt að missa móðinn eftir því sem verkfallið dregst á langinn,“ segir Kolbrún Þ. Pálsdóttir, sem situr í foreldraráði Fjölbrautaskólans í Garðabæ (FG).

Þrjár dætur Kolbrúnar eru í framhaldsskóla og á ein þeirra að útskrifast í vor af listabraut FG.

„Ef verkfallið stendur mikið lengur ætlum við foreldrarnir að hitta nemendaráð skólans og fara yfir það með krökkunum hvort við getum á einhvern hátt aðstoðað þau,“ segir Kolbrún.



# Aðalnúmerin í bænum

Fimm bragðbestu páskaeggin eru frá Nóa Síríus, samkvæmt páskaeggjadómstóli DV 2014. Við þökkum móttökurnar. **Njótið vel.**



PIPAR\TBWA • SÍA • 141005

MERIDA

# BÚÐU ÞIG UNDIR HJÓLASUMARIÐ MIKLA

## á Merida gæðingum

Taktu **Merida** gæðahjólin til kostanna á komandi sumri og hjólreiðar verða ný upplifun fyrir þig og þína. Í Ellingsen færðu einstakt úrval reiðhjóla fyrir konur og karla, stelpur og stráka ... á götuna, öræfin og fjöllin, fyrir keppnina, sumarfríið og fjölskyldustundirnar.



**MERIDA** HYBRID CROSSWAY 100

**129.990 KR.**

Léttgreiðslur **21.665 KR.** í 6 mánuði

Stærðir: 48-52-55
Gírar: Shimano Altus
Þyngd: 13,9 kg
Bremsur: Promax vökvadiskabremsur



**MERIDA** MTB27, BIG SEVEN 40

**129.990 KR.**

Léttgreiðslur **21.665 KR.** í 6 mánuði

Stærðir: 13,5"–15"–17"–18,5"
Gírar: Shimano Altus
Þyngd: 14,1 kg
Bremsur: Promax vökvadiskabremsur



**MERIDA** RACER CYCLO CROSS 4

**229.990 KR.**

Léttgreiðslur **38.332 KR.** í 6 mánuði

Stærðir: 48-52-55-58
Bremsur: Hayes CX Expert 140
Gírskipting: Shimano 105
Þyngd: 10,3 kg



**MERIDA** CLASSIC, HALLINGDAL LADY 3

**109.990 KR.**

Léttgreiðslur **18.332 KR.** í 6 mánuði

Bremsur: Shimano Coster
Gírskipting: Shimano
Gírar: 3
Dekk: 28"

**MERIDA** BARNASTÓLL FYRIR HJÓL

**16.990 KR.**



**MERIDA** KIDS BARNAHJÁLMUR

**5.990 KR.**



**MERIDA** DUAL MG1 HJÁLMUR

**8.990 KR.**



**ORTLIEB** CITY REIÐHJÓLATASKA

Fyrir afturhjólin, vatnsheld

**17.900 KR.**





**ÞÝSK HÁGÆÐA-HÖNNUN,**
mest seldu hjólin í Noregi

**VAXTALAUSAR GREIÐSLUR**
Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI



**MERIDA JULIET JR FJALLAHJÓL**

**64.990 KR.**
Léttgreiðslur **10.832 KR.** í 6 mánuði

Stærðir: 24"
Bremsur: V-BRAKE
Gírskipting: Shimano



**MERIDA BELLA 20 BARNAHJÓL**

**45.990 KR.**
Léttgreiðslur **7.665 KR.** í 6 mánuði

Stærð: 20"
Bremsur: V-BRAKE
Gírar: Shimano 6-SPEED



**MERIDA BELLA BARNAHJÓL**

**24.990 KR.**
Léttgreiðslur **4.165 KR.** í 6 mánuði

Stærð: 20"
Bremsur: Fótbremsur
Gírskipting: Shimano

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# Átta verkefni í Helguvík á borðinu

Reykjanesbær undirritaði nýverið viljayfirlýsingar við þrjú fyrirtæki sem hafa óskað eftir lóð í Helguvík. Tvö vilja framleiða vörur fyrir bílaiðnað og það þriðja vinna kísil. Átta verkefni tengd nýframkvæmdum eru á borðinu. Þau eru mislangt komin og ekkert er í hendi.

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is



**IÐNAÐUR** Þrjú fyrirtæki hafa nú bæst í hóp þeirra sem hafa formlega óskað eftir lóð á iðnaðar- og hafnarsvæðinu í Helguvík.

Reykjanesbær hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins undirritað þrjár nýjar viljayfirlýsingar vegna lóða á svæðinu. Í tveimur tilvikum er um að ræða fyrirtæki sem stefna að framleiðslu á vörum fyrir bílaiðnað og í því þriðja fyrirtæki sem vill vinna kísil.

Með yfirlýsingunum þremur eru nú átta verkefni þar sem stefnt er að framkvæmdum í Helguvík á borðinu. Þau eru mislangt á veg komin en hafa samtals kostað tugi milljarða króna. Ekkert þeirra er í hendi enda á í flestum tilvikum eftir að ganga frá málum sem tengjast fjármögnun og orkukaupum.

**Fjármögnun kísilvers langt komin**

Áform eru um að byggja tvær kísilmálmverksmiðjur á svæðinu. United Silicon hf. hyggst reisa verksmiðju og hefja starfsemi í apríl 2016. Félagið var stofnað af tveimur erlendum fjárfestum úr evrópska kísilmálmiðnaðinum. Það keypti allt hlutafé í fyrirtækinu Stakksbraut 9 ehf. sem stefndi að kísilframleiðslu á svæðinu og United fékk þá lóð í Helguvík og umhverfismat sem var samþykkt í maí 2013. Framkvæmdir gætu hafist í lok sumars og verksmiðjan á endanum skapað 70 störf.

Forsvarsmenn félagsins undirrituðu raforkusölusamning við Landsvirkjun um miðjan síðasta mánuð og samning við Landsnet um flutning á 35 megavöttum af afli til Helguvíkur. Samningurinn við Landsvirkjun inniheldur fyrirvara sem félagið þarf að uppfylla fyrir lok maí, meðal annars varðandi fjármögnun.

Auðun Helgason, stjórnarmaður United Silicon, segir fjármögnun verkefnisins langt komna.

„Það er verið að ganga frá lausum endum, fjármögnunarsamningum, sem eru forsenda þess að það verði hægt að fara í þetta verkefni. Við eigum í samskiptum við Seðlabankann vegna fjármögnunarinnar og undanþágu þar. Það má segja að það sé unnið að áætlun og að við stefnum að kynningu á verkefninu í lok maí,“ segir Auðun.

**Framleiði kísil hlið við hlið**

Thorsil ehf. stefnir einnig að framleiðslu kísilmálms í Helguvík. Fyrirhuguð verksmiðja félagsins gæti skapað 160 störf á sextán hektara lóð sem yrði einungis í nokkurra metra fjarlægð frá verksmiðju United. Hún þyrfti 87 megavött af raforku og gæti framleitt 54 þúsund tonn á ári.

Í janúar skrifuðu forsvarsmenn félagsins undir samning við Mannvit hf. um hönnun byggingarinnar. Thorsil hafði þá lokið hlutafjáraukningu vegna þess áfanga verkefnisins en félagið er alfarið í eigu innlendra aðila.

„Við höfum verið í þeirri vinnu og við gerum ráð fyrir að henni ljúki í september. Við erum með samkomulag við Landsvirkjun um skilmála og erum að vinna að orkusamningi. Svo erum við einnig í viðræðum við Landsnet um flutning á orkunni,“ segir Hákon Björnsson, framkvæmdastjóri Thorsil.

Nú er að hans sögn unnið að fjármögnun verkefnisins. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í haust og að framleiðsla hefjist í árslok 2016.

**Vatnsútflutningur og glýkól**

Reykjaneshöfn, fyrirtækið sem rekur hafnir Reykjanesbæjar, úthlutaði Brúarfossi hf. lóð í Helguvík í nóvember 2012 undir vatnsverksmiðju. Brúarfoss hyggst fara í vatnsútflutning til þróunarlanda og hefur gert sölusamning við góðgerðarfélag í Kanada sem vill dreifa vatninu til flóttamannabúða Sameinuðu þjóðanna.

„Við erum búin að vinna að þessu verkefni í tvö og hálft ár og sjáum fyrir endann á því að það komist í gang,“ segir Birgir Viðar Halldórsson, framkvæmdastjóri Brúarfoss.

Birgir reiknar með að fjármögnun verkefnisins ljúki innan sex til átta vikna og að framkvæmdir hefjist í haust.

Atlantic Green Chemicals (AGC) hefur stefnt að byggingu lífalkóhól- og glýkólverksmiðju í Helguvík frá árinu 2008. Félagið áformar að nýta varmaorku frá kísilmálmverksmiðjum á svæðinu til framleiðslu á efnunum. Þau eru meðal annars notuð í ýmis plastefni, snyrtivörur og afísingarvökva fyrir flugvélar.

„Við verðum bara að bíða og sjá hvað gerist. Við erum komin með umhverfismat en eins og þekkt er er Ísland ekki heitasti reiturinn varðandi erlendar fjárfestingar um þessar mundir af ýmsum ástæðum og þetta er ekki eini staðurinn sem kemur til greina í heiminum,“ segir Gunnlaugur Friðbjarnarson, efnaverkfræðingur AGC.

Félagið er að hans sögn í eigu innlendra og erlendra einkaaðila og fyrirtækja. Verksmiðjan gæti notað fimm megavött af rafmagni, fimmtíu megavött af varmaorku, en AGC hefur ekki enn fengið lóð undir starfsemina.

**Fimmtán milljarðar í álverið**

Undanfarið hefur lítið þokast í framkvæmdum Norðuráls vegna 180 þúsund tonna álvers í Helguvík. Norðurál hefur stefnt að byggingu álversins frá árinu 2004. Fyrsta skóflustunga var tekin í júní 2008 og þá var farið í framkvæmdir á svæðinu en þar hefur ekkert gerst frá síðustu áramótum.

Sólveig Kr. Bergmann, upplýsingafulltrúi Norðuráls, segir í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að Norðurál hafi eytt yfir fimmtán milljörðum króna í uppbyggingu álversins.

„Sem við höfum fullan vilja, getu og áhuga á að ljúka. Öll tilskilin leyfi eru til staðar. Unnið er að útfærslu á raforkuöflun samkvæmt gildandi samningum við raforkufyrirtæki,“ segir í svarinu.



**„Það er verið að ganga frá lausum endum, fjármögnunarsamningum, sem eru forsenda þess að það verði hægt að fara í þetta verkefni. Við eigum í samskiptum við Seðlabankann vegna fjármögnunarinnar og undanþágu þar.**

*Auðun Helgason*
*stjórnarmaður United Silicon*



**HELGUVÍK** Kostnaðarsöm uppbygging Reykjaneshafnar í Helguvík skýrir að mestu 7,3 milljarða króna skuldir fyrirtækisins.

## Lóðir í Helguvík sem búið er að úthluta




## SEGIR SPENNANDI TÍMA FRAM UNDAN



„Það er verið að vinna að fjölmörgum málum í einu. Við erum að vinna að fjárfestingarsamningi við þessi kísilver sem eru komin talsvert langt í undirbúningi þannig að ég vona að þau fari að koma,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um stöðu mála í Helguvík.

„Það er verið að raða þarna upp fyrirtækjum út frá þeirri hugmyndafræði að hrat úr einu verði að hráefni hjá öðru. Þannig að það er komin mjög skemmtileg heildarframtíðarsýn sem vonandi er ekkert svo langt inn í framtíðina,“ segir Ragnheiður og tekur fram að verkefnin krefjist ekki öll mikillar orku.

„Það væri ánægjulegt að sjá þessi verkefni verða að veruleika á meðan unnið er að lausn á álversmálum í Helguvík og það eru spennandi tímar fram undan.“

steypu hrærivélar



Lescha steypurhrærivél SBM P150 150 lítra (hægt að taka í sundur - þýsk gæði)
59.900,-

Lescha steypuhrærivél SM 145S 140 lítra (þýsk gæði)
71.900,-



Drive-HM-140 1600W - 14 cm hræripinni - 2 hraðar
21.990,-

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Íslendingar hafa aldrei verið sólgnari í páskabjór miðað við tölur frá ÁTVR:

# Páskabjór selst þriðjungi meira

**VIÐSKIPTI** Þegar fjórar vikur eru liðnar af þeim sjö sem páskabjórinn verður seldur í verslunum ÁTVR, hefur salan á honum aukist um 28 prósent miðað við á sama tíma og í fyrra.

„Þetta er svipuð aukning og við höfum séð í sölu á jólabjór og þorrabjór. Þessir tímabundnu sérbjórar eru alltaf að verða vinsælli,“ segir Einar S. Einarsson, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs, aðspurður.

Eins og staðan er núna er Viking páskabjór söluhæstur og í öðru sæti er Páskakaldi frá Bruggsmiðjunni en hann var söluhæsti páskabjórinn í fyrra. Páskagull frá Ölgerðinni er í þriðja sæti en þessir þrír bjórar eru langvinsælastir í ár. Enn eru stórar helgar eftir hvað páskabjórsöluna varðar og því gætu sölutölurnar breyst.




Páska-ljósölið Jesús frá Borg seldist upp í verslunum ÁTVR á fyrstu tveimur vikunum, sem kemur kannski ekki á óvart enda kom bjórinn út í mjög takmörkuðu magni. Jesús naut þannig álíka mikilla vinsælda og Júdas, sem Borg sendi frá sér í fyrra. Sá bjór seldist upp á fyrstu tveimur til þremur vikunum.

- fb




**ÁTVR** Salan á páskabjór hjá ÁTVR hefur aukist um 28 prósent frá því í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FRÁBÆRAR GJAFIR HANDA UNGUM FULLORÐNUM





**Verð kr. 16.999,-**
Ferðahátalari Svartur/Hvítur - Bluetooth




**Verð frá kr. 4.999,-**
Samanbrjótanlegt skáksett




**Verð kr. 5.499,-**
Divergent bókaserían
á ensku í gjafaöskju




**Verð kr. 7.999,-**
John Green safnið
á ensku Í gjafaöskju




**Verð kr. 6.999,-**
Íslenskar þjóðsögur




**Verð kr. 4.199,-**
Passíusálmar




**Verð kr. 5.999,-**
Heimspekibókin



**Verð kr. 2.999,-**
Vandaður Stylus penni



**Verð kr. 3.999,-**
Hnattlíkan 16 cm



**Verð kr. 8.999,-**
Hnattlíkan 26 cm, með ljósi



**Verð kr. 9.999,-**
Hnattlíkan 30 cm, með ljósi

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.


Kaffi
dagar
SEVERIN
KYNNING Á DOLCE GUSTO ALLA HELGINA
NESCAFÉ Dolce Gusto
GREAT COFFEE YOUR WAY
YFIR 30 GERÐIR AF TE, KAFFI OG KAKÓ!
Saeco
BRAUN
AEG
PHILIPS
SEVERIN
TRISTAR
DeLonghi
THERMOS
wilfa
Russell Hobbs
illy

# Allar kaffivörur á allt að 50% afslætti. Aðeins í nokkra daga!

**Kaffivélar, kaffikerfi, espressovélar, kaffikvarnir, pressukönnur, espressokönnur, kaffibox, kaffikönnur, hitabrúsar, flóunarkönnur og margt fleira.**




# byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

Framferði Rússa ógnar öryggi í Evrópu:

# Ómur kalds stríðs

Fyrir fáeinum vikum eða mánuðum hefðu menn afgreitt það sem hræðsluáróður og kaldastríðstal ef einhver hefði spáð því að á 21. öldinni yrði landamærum Evrópuríkja enn og aftur breytt með hervaldi; að eitt Evrópuríki myndi ráðast inn í annað og taka af því landsvæði. Það er liðin tíð, hefðu margir sagt.

Svo gerðist það; Rússland réðst inn í Úkraínu og hefur nú innlimað Krímskaga. Á augabragði hefur mikið starf að friði og öryggi í Evrópu verið að engu gert. Það er ekki ofmælt hjá Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins (NATO), að framferði Rússa gagnvart Úkraínu sé alvarlegasta ógn við öryggi í Evrópu í mannsaldur.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Viðbrögð NATO hafa verið hörð. Utanríkisráðherrar bandalagsins ákváðu á fundi fyrr í vikunni að hætta öllu hernaðar- og borgaralegu samstarfi við Rússland, samstarfi sem tekið hefur tvo áratugi að byggja upp. NATO hefur eflt loftrýmisgæzlu í Eystrasaltsríkjunum, ratsjárflugvélar fljúga eftirlitsflug yfir Póllandi og Rúmeníu og rætt er innan bandalagsins hvort efla þurfi varnir aðildarríkjanna í Austur-Evrópu enn frekar. Á sama tíma auka Rússar liðssafnað sinn við austurlandamæri Úkraínu og NATO segist ekki sjá nein merki um að þær hersveitir hafi verið kallaðar til baka.

Sú gagnkvæma öryggistrygging, sem NATO-aðildin veitir, hefur sannað gildi sitt. Hún þýðir að til dæmis Eystrasaltsríkin, þar sem er stór rússneskur minnihluti og staðan að því leyti svipuð gagnvart Rússlandi og í Úkraínu, ættu að geta treyst því að Rússar beiti þau ekki sambærilegu ofríki – nema Pútín og hans menn séu endanlega gengnir af göflunum. Ef viðleitni Úkraínu til að ganga í NATO hefði ekki verið stöðvuð, undir hótunum og þrýstingi Rússa, hefði Krímskagainnrásin sennilega ekki átt sér stað. Nú endurtaka Rússar hótanir sínar í garð Úkraínu og vara ríkið við að sækjast eftir aðild að bandalaginu.

NATO þarf að beina sjónum á ný að sínu gamla kjarnahlutverki, vörnum landsvæðis aðildarríkjanna, sem sumir héldu fram að væri orðið úrelt og skipti ekki máli. Samheldnina innan bandalagsins þarf sömuleiðis að efla. Gera verður ráð fyrir að Bandaríkin, sem höfðu gefið yfirlýsingar um að athygli þeirra beindist nú í vaxandi mæli að Kyrrahafinu og Asíu, telji sig á ný þurfa að sinna öryggi Evrópu. Þá verða evrópsk aðildarríki NATO, Ísland þar með talið, hins vegar að vera reiðubúnari en áður að axla með Bandaríkjunum hinar fjárhagslegu byrðar af sameiginlegum vörnum bandalagsins.

Í umræðum um öryggismál Evrópu heyrum við nú heldur dapurlegan enduróm kalda stríðsins. Þeir sem hafa andmælt því útbreidda sjónarmiði að engin hefðbundin hernaðarleg ógn steðji lengur að ríkjum Evrópu og varnarviðbúnaður gegn slíkri hættu sé óþarfur, ættu sízt að hlakka yfir því að hafa haft rétt fyrir sér. En framferði Rússa sýnir því miður að það var og er áfram ástæða til að hafa varann á.

Það verður að forðast stigmögnun spennunnar í evrópskum öryggismálum og nýtt vígbúnaðarkapphlaup. Við eigum að hafa lært nógu mikið af sögunni til að afstýra slíku. En það á þá við um öll Evrópuríki. Rússland, sem hefur þverbrotið alþjóðalög og -samninga og sýnt nágrannaríki sínu ótrúlegan yfirgang, verður að sýna samstarfsvilja á ný ef takast á að afstýra nýju köldu stríði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

NÝTT NÁMSKEIÐ!

Velkomin í núið
– frá streitu til sáttar

Byggt á Mindfulness-based Cognitive Therapy sem tvinnar saman aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og sálfræði austrænnar visku.

Námskeiðin eru í 8 vikur á Hilton Reykjavík Nordica.

NÆSTA NÁMSKEIÐ: 8. apríl
frá kl. 17.30 til 19.00

Innifalið er geisladiskur með núvitundaræfingum og handbók
Ath! Ekki verður kennt í dymbilviku.

Skráning er hjá Nordica Spa
í síma 444 5090og á www.nordicaspa.is

Innifalið
8 skipti í Nordica Spa og Gym frá mán - fimmt. Aðgangur í spa og alla opna tíma.

Verð: 49.000 kr.
Meðlimir Nordica Spa fá 10% afslátt

Leiðbeinendur verða sálfræðingarnir Guðbjörg Daníelsdóttir og Herdís Finnbogadóttir.

NORDICA SPA&GYM

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Skuldaleiðréttingar í næstu viku**
Frumvarp um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána komst ekki á dagskrá Alþingis á miðvikudag eins og vænst hafði verið. Hins vegar var frumvarp um séreignarsparnað afgreitt til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Næsti þingfundur er á mánudag og þá gefst Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra loks tækifæri til að mæla fyrir frumvarpinu um skuldaleiðréttingu. Framsóknarmenn eru alsælir með frumvörpin og telja að þeim hafi tekist hið ómögulega: að bjarga skuldurum landsins. Það gætir hins vegar mun meiri efasemda meðal sjálfstæðismanna.



**Hættur og farinn**
Framsóknarmaðurinn Óskar Bergsson er hættur við að leiða lista Framsóknarmanna í Reykjavík í næstu borgarstjórnarkosningum. Í tilkynningu segist hann sem oddviti flokksins bera ábyrgð á gengi hans í höfuðborginni og staðan sé grafalvarleg. Mikið rétt hjá Óskari, fylgi flokksins í borginni mælist afar lítið og samkvæmt könnunum á hann afar litla möguleika á að koma manni í borgarstjórn. Það er hins vegar vafasamt að það breyti nokkru þótt skipt verði um karlinn í brúnni því Framsóknarflokknum hefur aldrei tekist að verða trúverðugur þéttbýlisflokkur.



**Tók við af Birni Inga**
Eftir því sem næst verður komist kom það flestum í opna skjöldu að Óskar hefði ákveðið að hætta. Óskar tók við af Birni Inga Hrafnssyni í borgarstjórn 2008 og varð síðar formaður borgarráðs í tíð Hönnu Birnu Kristjánsdóttur þegar hún var borgarstjóri. Hann fékk ekki brautargengi til að leiða listann 2010, Einar Skúlason gerði það en hafði ekki erindi sem erfiði. Kannski ætti flokkurinn að hætta við framboð í Reykjavík, þar sem eftirspurnin er svo lítil eftir honum.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Bregðumst við loftslagsvánni

UMHVERFISVERND



Sigurður Ingi Jóhannsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) birtir nú í áföngum fimmtu úttekt sína á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Kaflar um líkleg áhrif loftslagsbreytinga hafa vakið mikla athygli að undanförnu. Það er ekki nýtt að IPCC dragi upp dökka mynd, en vísindin styrkjast með hverri úttekt og vægi niðurstöðunnar vex.

Ekki síst valda áhyggjum spár um fæðuöryggi. Til lengri tíma getur hlýnun lofthjúpsins leitt til minni uppskeru nytjajurta á borð við hveiti, maís og hrísgrjón. Áhrif á fiskistofna eru einnig illfyrirsjáanleg, þar sem þeir færa sig eftir breyttu hitastigi og straumum. Þetta eru slæm tíðindi á sama tíma og mannkyn vex um tvo milljarða munna eða meira á næstu áratugum.

Allar þjóðir munu bera skaða af stórfelldum loftslagsbreytingum, líka við Íslendingar. Fyrir okkur er hin svokallaða súrnun sjávar eitt helsta beina áhyggjuefnið tengt loftslagsbreytingum. Aukinn styrkur $CO_2$ breytir efnasamsetningu í sjó, sem getur haft alvarleg áhrif á vistkerfi hafsins. Röskun á náttúrufari og lífsskilyrðum á heimsvísu hefur einnig óbein áhrif á Ísland, vegna aukinnar hættu á upplausn, ófriði og flóttamannavanda.

Til skemmri tíma geta einstakir þættir orðið Íslendingum og öðrum norðlægum ríkjum hagfelldir. Þannig telja vísindamenn líklegt að hlýnun muni bæta ræktunarskilyrði á Íslandi. Þetta er staðreynd, sem breytir engu um að loftslagsvandinn er hnattræn vá, sem Ísland berst gegn ásamt öðrum. Það er líka rétt að benda á að í öllum vanda felst von um lausn. Hún felst að miklu leyti í loftslagsvænni tækni, sem dregur úr losun og bætir lífsgæði. Mörg íslensk fyrirtæki skara fram úr í slíkri tækni og á sviði endurnýjanlegrar orku. Ég fagna því ef nýsköpun á þessu sviði blómstrar og fyrirtækjum með loftslagslausnir gengur vel.

**➜ Fyrir okkur er hin svokallaða súrnun sjávar eitt helsta beina áhyggjuefnið tengt loftslagsbreytingum.**

Skýrsla IPCC er ákall til ríkja heims að gera betur. Ísland stendur sig að mörgu leyti vel í loftslagsmálum. Auðvitað getum við þó gert enn betur. Það má efla hlut rafbíla. Það má nýta loftslagsvænar tæknilausnir íslenskra hugvitsfyrirtækja í skipum. Það má efla kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu. Tökum loftslagsspánum af alvöru og vinnum að lausnum með bjartsýni að vopni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# G-orðið

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Ímyndum okkur einkenni. Til að gefa því ekki of gildishlaðna merkingu skulum við kalla það „G". Segjum nú að við höfum umtalsverðar sannanir fyrir því að þeir sem hafi hátt G séu líklegir til að lifa lengur, verða hraustari og hafa meiri tekjur en þeir sem eru með lágt G. Segjum að enn fremur væri vitað að fólk með hátt G væri síður líklegt til að fara í fangelsi, síður líklegt til að ánetjast fíkniefnum, síður líklegt til að flosna upp úr námi og svo framvegis. Sem sagt: Hátt G = gott.

Ímyndum okkur nú að það væru til gögn yfir G-skor barna í Reykjavík eftir hverfum. Sem sagt, tölur sem meðal annars gæfu sterkar vísbendingar um líklegar ævilíkur og ævitekjur fólks í Reykjavík eftir því hvar það elst upp. Myndum við vilja birta þau gögn? Það held ég nú.

### En offita?

Tökum annað dæmi. Segjum að við hefðum yfir að ráða gögnum yfir offitu barna í Reykjavík, eftir hverfum. Segjum að við myndum skoða þessar tölur með aðferðum tölfræðinnar. Þá gæti tvennt komið á daginn:

***Möguleiki 1:*** Enginn marktækur munur væri á offitu barna eftir hverfum Reykjavíkur.

***Möguleiki 2:*** Í sumum hverfum Reykjavíkur væri hlutfall of feitra barna marktækt hærra en í öðrum hverfum.

Ef niðurstaðan væri „Möguleiki 2" þýddi það að ástæða væri til að leggja meira fjármagn í málaflokkinn í sumum hverfum. Jafnt fjármagn á alla staði myndi ekki jafna muninn. Kannski þyrfti Reykjavíkur eitthvað sérstakt væri að valda því að börn í sumum hverfum væru marktækt þyngri en börn annars staðar. Síðan væri hægt að reyna að tækla þann vanda.

Til að leysa vandamál þurfum við að vita af því. Kannski væru þeir til sem teldu að það sé svo sem í lagi að skoða þessa hluti, en að óþarfi sé að birta þá opinberlega því almenningur myndi bara rangtúlka niðurstöðuna. Fjölmiðlar myndu birta fyrirsagnir um „Feitasta hverfið í Reykjavík". Íþróttakennurum í þessum hverfum væri kennt um ástandið. Kannski væru þetta réttmætar áhyggjur, en trompuðu varla lýðræðislegu og vísindalegu rökin fyrir því að birta gögnin.

### Bannorðin

Færni fólks til að tileinka sér nýja þekkingu hefur mikil áhrif á lífsgæði þess. Þrátt fyrir að alla kvarða megi gagnrýna þá virðist samt vera sterk fylgni milli einkunna fólks í skóla og þess hve vel því mun vegna í lífinu, hve hraust og hve ríkt það verður. Engu að síður eru þessi mál í raun algjört tabú. Í annan stað er mismunun á grundvelli heilastarfsemi ekki aðeins lögleg heldur beinlínis stofnanabundin. En á hinn bóginn má ekki nefna þennan mun milli fólks á nafn. Í hinum enskumælandi heimi notast fræðimenn sem skoða þennan mismun oft við fræðiheiti til að sneiða fram hjá hinum gildishlöðnu orðum eins og „gáfaður" eða „klár". Titill þessa pistils vísar í svokallaðan „g-þátt" (e. g-factor) sem er eitt dæmi um slíka hugtakasmíði.

### Birting gagna

Um daginn var ákveðið að birta ekki sundurliðun einkunna í PISA-könnun eftir hverfum Reykjavíkur. Væntanlega vegna þess að menn höfðu áhyggjur af því að fólk myndi misskilja gögnin og halda að kennarar í sumum hverfum væru verri en aðrir. Ég skil að menn hafi áhyggjur af því, en þar ættu áhyggjurnar ekki að liggja. Ef marktækur munur er milli hverfa þá þýðir það að börn í sumum hverfum fá hugsanlega ekki sömu tækifæri og börn í öðrum hverfum. Ef þetta er raunverulegt vandamál, hvað ætlum við þá að segja við þessar kynslóðir í framtíðinni?

„Leitt að þú sért með lægri ævitekjur og lægri lífslíkur. En við vildum ekki segja neitt og gerðum ekkert í því. Við vildum ekki særa þig og skólann þinn."

Þótt skilja megi tilfinningasemina í tengslum við þessi mál þá ætti að sjálfsögðu að birta þessi gögn. Það er jafnmikið vit í að þegja yfir þessu og þegja yfir tölum um svifryksmengun og segja svo: „Ekki viljum við að fólk haldi að sumar götur séu mengaðri en aðrar. Það er ekki við göturnar, eða götusóparana að sakast, sjáið til."

> Ef marktækur munur er milli hverfa þá þýðir það að börn í sumum hverfum fá hugsanlega ekki sömu tækifæri og börn í öðrum hverfum.

# Hugmyndir sem ekki standast

HEILBRIGÐISMÁL



Ragnar Árnason
prófessor

Formaður Vinstri grænna, Katrín Jakobsdóttir, birti grein undir heitinu „Hugmyndir sem ekki standast" í Fréttablaðinu þann 19. mars sl. Í fyrri hluti greinarinnar leitast hún við að gagnrýna fræðilega ritgerð eftir mig sem birtist í Hjálmari, blaði hagfræðinema við Háskóla Íslands, og fjallaði um alvarlegan vankant á opinberum heilbrigðistryggingum.

Þessi hluti greinar Katrínar er í samræmi við hefðbundin skoðanaskipti siðaðra manna og í eðli sínu uppbyggilegur. Í síðari hluta greinarinnar tekur Katrín hins vegar hamskiptum. Hún talar um að ég sé að boða einhverja stefnu (sem á sér nákvæmlega enga stoð í ritgerðinni) og freistar þess að tengja þessa ímynduðu stefnu sína við fjármálaráðherra, og ríkisstjórnina (sem á sér hvorki stoð í ritgerðinni né raunveruleikanum). Ég læt lesandanum það eftir að fella dóm yfir svona málflutningi.

Hitt vil ég taka skýrt fram að umrædd ritgerð er einfaldlega hagfræðileg greining sem stendur og fellur á eigin verðleikum og hefur ekkert með pólitíska stefnumörkun eða stjórnmálaflokka gera. Mér finnst hins vegar óneitanlega dapurlegt að Katrín Jakobsdóttir skuli telja það sér og flokki sínum Vinstri grænum til framdráttar að halda þessum rangfærslum fram og veifa þar með röngu tré í tali sínu til þjóðarinnar.

### Hrein ósannindi

Katrín skilur ekki eða þykist ekki skilja kjarnann í ritgerð minni. Sá kjarni er alls ekki að hér eigi ekki að reka félagslegt heilbrigðiskerfi eða að efnaminna fólk eigi að bera sinn heilbrigðiskostnað eitt og óstutt. Það er ekki einu sinni ýjað á slíku í greininni. Allar fullyrðingar um annað eru hrein ósannindi og lýsa fyrst og fremst hugarheimi þeirra sem telja sér sæma að bera slíkt á borð. Kjarni ritgerðarinnar og boðskapur er að sú aðferð sem við höfum valið til að ná hinum félagslegu markmiðum í heilbrigðismálum, þ.e. heilbrigðistryggingakerfið í þeirri mynd sem það hefur verið rekið á Íslandi, feli í sér mjög verulega „efnahagslega sóun". Þetta er skilmerkilega útskýrt og rökstutt í greininni og að því er ég hygg hafið yfir vafa.

Hugtakið „efnahagsleg sóun" merkir í þessu samhengi nákvæmlega það sama og í daglegu máli. Það merkir að við séum að sólunda verðmætum. Það merkir að við getum náð öllum þeim heilsufarslegu og félagslegu markmiðum sem núverandi heilbrigðiskerfi nær, og sem bæði Katrínu og mér er annt um, með minni tilkostnaði eða náð meiri heilsufarslegum og félagslegum árangri með sama tilkostnaði. Ef unnt er að minnka efnahagslega sóun er einfaldlega meira af raunverulegum verðmætum til skiptanna og unnt að bæta hag allra, þar á meðal þeirra sem minnst hafa.

### Kreddukindurnar

Samfélag sem heldur úti kerfum sem fela í sér efnahagslega sóun er augljóslega verr í stakk búið en ella til að styðja við og bæta hag þeirra sem minna mega sín. Því er það að þeir sem raunverulega vilja bæta hag lítilmagnans, hver sem hann er og hvar sem hann finnst, hljóta ætíð að kappkosta að forðast efnahagslega sóun og leggja áherslu á skilvirkni í öllum kerfum og öllum rekstri. Með þeim hætti einum er unnt að vernda og bæta hag þeirra sem minna mega sín til frambúðar.

Íhaldsseggirnir og kreddukindurnar sem gera tiltekin kerfi að einhverju sáluhjálparatriði og vilja ekki einu sinni íhuga hvort eitthvað megi nú ekki færa þar til betri vegar stuðla að efnahagslegri sóun og rýra getu samfélagsins til samhjálpar. Þetta eru því hinir raunverulegu óvinir velferðarkerfisins. Vonandi er það misskilningur minn, en mér sýnist af grein Katrínar Jakobsdóttur að hún vilji skipa sér í þann flokk.

> **Hitt vil ég taka skýrt fram að umrædd ritgerð er einfaldlega hagfræðileg greining sem stendur og fellur á eigin verðleikum. Mér finnst hins vegar óneitanlega dapurlegt að Katrín Jakobsdóttir skuli telja það sér og flokki sínum Vinstri grænum til framdráttar að halda þessum rangfærslum fram og veifa þar með röngu tré í tali sínu til þjóðarinnar.**

Capacent Ráðningar

FORSTJÓRI

Skeljungur

**Skeljungur óskar eftir að ráða forstjóra til starfa. Viðkomandi verður að hafa yfirgripsmikla reynslu af rekstri og stjórnun.**

**Ábyrgðarsvið:**
- Ábyrgð á rekstri og afkomu félagsins og tengdra félaga
- Stefnumótun og innleiðing stefnu í samráði við stjórn
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Stjórnun mannauðs
- Upplýsingagjöf til stjórnar og hluthafa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stefnumótandi hugsun og reynsla af innleiðingu stefnu
- Reynsla af stjórnun veltufjármuna og geta til að vinna með lykiltölur í rekstri
- Leiðtogahæfileikar
- Góðir samskiptahæfileikar og samningatækni

Skeljungur heldur í heiðri jafnrétti milli kynja og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um.

Skeljungur er framsækið og sveigjanlegt þjónustu- og verslunarfyrirtæki sem þjónar orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja hratt og örugglega í sátt við umhverfi sitt. Skeljungur er með starfsemi á um 100 stöðum á landinu og um 300 starfsmenn.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

# Er stytting náms til stúdentsprófs til hagsbóta fyrir nemendur?

MENNTUN



**Yngvi Pétursson**
rektor Menntaskólans í Reykjavík

**Fyrri hluti**

Á undanförnum vikum hafa ýmsir skipst á skoðunum um styttingu náms til stúdentsprófs. Er þetta aðeins sparnaðarhugmynd eða er raunverulega verið að hugsa um hag nemenda? Þetta hápólitíska mál varðar menntastefnu þjóðarinnar en kemur mörgum þannig fyrir sjónir að það sé nýtt sem skiptimynt í kjaradeilu framhaldsskólakennara við ríkisvaldið. Það er gríðarlegt áhyggjuefni hversu mikið kjör framhaldsskólakennara hafa versnað og það hefur umtalsverð áhrif á endurnýjun í kennarastéttinni. Staðreyndin er sú, að ungt vel menntað fólk sem vill ráða sig til kennslustarfa er fljótt að hverfa frá þeim áætlunum þegar greint er frá kjörum sem framhaldsskólakennurum á Íslandi bjóðast.

Mig langar til þess að fá að blanda mér aðeins í umræðuna og lýsa viðhorfi mínu til breytinga á námi til stúdentsprófs. Í þessari grein fjalla ég fyrst og fremst um þetta mál út frá bóknámi og þeim skóla sem ég hef starfað við í rúma fjóra áratugi, þar af lengstum við stærðfræðikennslu. Viðhorf mitt er hvorki dregið úr tóminu, né sótt í órökstuddan samanburð við aðrar þjóðir. Skoðanir mínar draga styrk sinn af þeirri reynslu og þekkingu er fylgir störfum mínum sem kennari og sem rektor Menntaskólans í Reykjavík í rúman áratug. Meginmarkmið skólans hefur ætíð verið að veita nemendum góðan undirbúning fyrir bóklegt háskólanám og skv. gögnum sem okkur berast varðandi námsgengi nemenda okkar á háskólastigi virðist okkur ganga mjög svo bærilega að standa við það markmið. Eins og flestum er kunnugt, er boðið upp á tvenns konar kerfi í bóknámi á Íslandi, annars vegar áfangakerfi og hins vegar bekkjakerfi. Ég tel mikilvægt að nemendur geti áfram fengið að velja þar á milli. Ég vil taka það fram að ég er jákvæður í garð hugmynda um styttingu heildarnámstímans til stúdentsprófs.

**Sveigjanleiki aðalatriðið**

Aðalatriðið, að mínu mati, er að í skipulagi námsins sé sveigjanleiki og að nemendum standi til boða nám sem undirbýr þá undir störf í samfélaginu eða er til undirbúnings framhaldsnáms og háskólanáms. Mikilvægt er að nemendur geti treyst því að þetta sé í boði.

Ég er hins vegar alfarið á móti styttingu náms til stúdentsprófs í formi skertrar menntunar enda er það alltaf gengisfelling á námi og rýrir það möguleika nemenda til háskólanáms bæði hérlendis og erlendis og tel ég að nemendur vilji ekki gengisfella menntun sína með því að skerða námið.

Vert er að hafa í huga að nemendur í dag sýna mun meiri áhuga á því að fá inngöngu í góða háskóla en að hefja starfsævina fyrr. Ég hef tekið eftir því, að á undanförnum árum hefur það færst í aukana að nemendur taki sér hlé eftir stúdentspróf til þess að vinna og afla sér tekna til þess að skoða heiminn áður en þeir setjast í háskóla og hefja undirbúning undir ævistarfið. – Okkar unga fólk er svo vel upplýst að það veit að menntun þess og undirbúningur ræður úrslitum þegar það sækir um inngöngu í góða og virta háskóla.

**Ómetanlegt tækifæri**

Í framhaldsskólalögunum frá árinu 2008 er gert ráð fyrir því að flytja 12 einingar niður í grunnskólann. Þar er um að ræða 3ja eininga byrjendaáfanga í íslensku,

**➜ Ég tel mikilvægt að nemendur geti áfram fengið að velja þar á milli.**

dönsku, ensku og stærðfræði. Einnig á að lengja framhaldsskólaárið um viku eða alls þrjár vikur í þriggja ára skóla. Þessi aðgerð á að jafna út niðurskurð á heilu ári í framhaldsskóla, í þeim tilgangi að nýta tíma nemenda betur.

Því miður virðist það ekki hafa tekist sem skyldi að koma þessum 12 einingum framhaldsskólakennslunnar niður í grunnskólann, hver svo sem skýringin er. Ljóst má þó vera að svona stór breyting kallar á verulegan undirbúning og vinnu. Ég kannast reyndar ekki við það hjá mínum nemendum að þeir hafi ekki nóg að gera. Þegar ég máta núverandi námskrá Menntaskólans í Reykjavík, eða sambærilegra bóknámsskóla á framhaldsskólastigi, við þessar hugmyndir blasir við gengisfelling á námi nemenda um a.m.k. hálft ár. Til þess að stytta framhaldsskólann um heilt ár þarf því að lengja framhaldsskólaárið um fleiri vikur ef gengisfelling á ekki að verða á námi þeirra. Mikilvægur kostur íslenska menntakerfisins er að nemendum gefst færi á því að taka þátt í vinnumarkaðinum yfir hásumartímann. Í raun eru íslensk ungmenni lánsöm að þurfa ekki að bíða fram á fullorðinsár eftir því að kynnast atvinnulífinu af eigin raun. Einmitt þetta tækifæri er ómetanlegt og tel ég að það skýri að stórum hluta að hér þekkist varla stéttaskipting þar sem okkur lærist að bera virðingu fyrir störfum annarra. Sumarvinna unglinga er mikilvægur þáttur í menntun og þroska hvers og eins og þarna stöndum við framar flestum þjóðum sem við viljum bera okkur saman við og við skulum gæta þess sem vel er gert.

# Hugmyndalisti Orkustofnunar

ORKUMÁL



**Sif Konráðsdóttir**
lögfræðingur

Orkustofnun lagði fram umdeildan lista með 91 virkjanahugmynd fyrir skemmstu, þar af 50 frá eigin brjósti, eins og rætt var um í grein minni 2. apríl. Í ljós hefur komið að af þeirri 41 hugmynd sem frá orkufyrirtækjum komu eru fjórar þegar í verndarflokki. Þar á Landsvirkjun tvær hugmyndir, Norðlingaölduveitu og Tungnaárlón, Sunnlensk orka eina á Hengilssvæðinu og Orkusalan á eina, miðlun í Hólmsárlóni austan Torfajökuls. Og – af þeim 50 hugmyndum sem komu frá Orkustofnun án þess að neinn bæði um það eru einar 15 þegar í verndarflokki. Þeirra á meðal eru fjögur svæði í Kerlingarfjöllum (á náttúruminjaskrá) og Jökulfall og Hvítá við Bláfell á Kili.

**Beðið um rök**

Orkustofnun getur ekki falið verkefnisstjórn um vernd og nýtingu náttúrusvæða að meta neina af þessum 19 hugmyndum, þó verkefnisstjórnin taki vissulega við ábendingum orkufyrirtækja og Orkustofnunar eins og hvers annars. Lögin og lögskýringagögn eru skýr um það. Að þeirri niðurstöðu komst einnig umhverfis- og auðlindaráðuneyti í lögfræðiáliti.

Að auki ber Orkustofnun að rökstyðja sérstaklega gagnvart verkefnisstjórninni hví stofnunin telur sér rétt að neyta lagaheimildar til að óska mats á einum 35 hugmyndum til viðbótar, án þess að nokkurt orkufyrirtæki óski þess. Þeirra á meðal eru Hveravellir (friðlýstir), Seyðishólar í Grímsnesi og Sandfell við Haukadalsheiði og Brúará (á náttúruminjaskrá) í Biskupstungum. Auk þess hálfrar aldar gömul hugmynd um að dæla Hvítá í gegnum svæði á náttúruminjaskrá upp í lón sem yrði þar sem nú er Úlfsvatn upp á Vörðufelli í Biskupstungum. Hver ætli séu rökin fyrir að biðja um mat á þessu þegar engin er skyldan?

*(Höfundur ólst upp á bökkum Hvítár í Biskupstungum)*

Lægri vextir á bílalánum

Landsbankinn býður betri kjör í apríl. Lægri vextir á nýjum bílalánum og afsláttur af lántökugjöldum. Kynntu þér málið á landsbankinn.is/istuttumali.

Lánshlutfall allt að 75%

Allt að 7 ára lánstími

Engin stimpilgjöld



# VG segir NEI við heimilisofbeldi

OFBELDI



**Eyrún Eyþórsdóttir**
lögreglukona og frambjóðandi VG

**➜ Við í VG viljum að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að óska eftir samstarfi við stofnanir og grasrótarsamtök sem koma að málaflokknum og að samvinna þeirra verði efld.**

Heimilisofbeldi er ekki aðeins vandamál þeirra sem búa við ofbeldið, heldur er það samfélagslegt vandamál. Það er kúgunarferli sem brýtur niður þá sem fyrir því verða og skapar vítahring sem erfitt er að rjúfa. Við í Vinstri hreyfingunni grænu framboði viljum að borgin leggi sitt af mörkum til að rjúfa þennan vítahring og það er því mikið fagnaðarefni að tillaga okkar um átaksverkefni gegn heimilisofbeldi í Reykjavík, sem Sóley Tómasdóttir bar upp í borgarstjórn, hafi verið samþykkt samhljóma.

Vandamálið er því miður allt of stórt. Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er tilkynnt um hátt í 1.000 heimilisofbeldismál árlega og um 200 konur og börn dvelja í Kvennaathvarfinu ár hvert en stór hluti þeirra fer til baka í ofbeldisaðstæðurnar. UNICEF áætlar að alls búi 2.000 til 4.000 börn á Íslandi við heimilisofbeldi. Áætlað er að aðeins 9-16% brotaþola kæri heimilisofbeldi til lögreglu.

Við í VG viljum að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að óska eftir samstarfi við stofnanir og grasrótarsamtök sem koma að málaflokknum og að samvinna þeirra verði efld. Tryggja þarf samræmt verklag, að tekið sé á vandamálum um leið og þau koma fram og þau sett í farveg með lausnarmiðuðum hætti. Þá er brýnt að miðla þekkingu á milli þeirra stofnana og grasrótarsamtaka sem koma að heimilisofbeldismálum með einum eða öðrum hætti.

Í þessu eigum við að horfa til þess mikla árangurs sem hefur náðst á Suðurnesjum en þar var ákveðið fyrir nokkrum misserum að taka heimilisofbeldismál föstum tökum með samstilltu átaki lögreglu og félagsmálayfirvalda. Þeirri nálgun svipar til verklags sem lögreglan í Noregi hefur viðhaft, en á uppruna sinn að rekja til Kanada, þar sem mat á hverju máli fyrir sig skilar sér í persónulegri nálgun og sérsniðinni úrlausn fyrir hvert heimilisofbeldismál. Reynslan sýnir að slíkt verklag skilar verulegum árangri.

Með slíku samstarfi má segja að brotaþolar fái stuðning og gerendur fái að axla ábyrgð. Heimilisofbeldi er alvarlegt þjóðfélagsmein sem skerðir lífsgæði þeirra sem verða fyrir því og það er samfélagslega kostnaðarsamt. VG segir því NEI við heimilisofbeldi.

# Frumvarpið sem má ekki gleymast

FJÁRMÁL



**Einar Hugi Bjarnason**
hæstaréttarlögmaður

Alþingis bíða nú ærin verkefni sem leysa þarf á þeim fáu þingfundardögum sem eftir lifa af vorþinginu. Þannig bíða ýmis mikilvæg lagafrumvörp afgreiðslu og ber þar vafalaust hæst frumvörp ríkisstjórnarinnar, um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána og ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána.

## Lítið frumvarp – Miklir hagsmunir

Tilefni þess að ég sting niður penna nú er að minna á frumvarp sem lagt hefur verið fram af efnahags- og viðskiptanefnd um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Í 1. gr. frumvarpsins segir: „Við ákvæði til bráðabirgða XIV í lögunum bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fyrningarfresturinn skal vera átta ár frá því tímamarki.“

Þó að frumvarpið láti ekki mikið yfir sér og í raun aðeins þessi eina grein er það að mínum dómi eitt það allra mikilvægasta sem nú bíður afgreiðslu þingsins þar sem því er ætlað að koma í veg fyrir að fyrningarfrestur uppgjörskrafna vegna ólögmætrar gengistryggingar renni út 16. júní nk. heldur framlengist til 16. júní 2018.

Ef ekki næst að afgreiða þetta lagafrumvarp sem lög frá Alþingi á þeim tíma sem eftir lifir af vorþinginu er að mínum dómi stórslys yfirvofandi enda er þá raunveruleg hætta til staðar að kröfur lántaka á hendur fjármálafyrirtækjunum fyrnist nú í sumarbyrjun.

Slík niðurstaða er að mínum dómi fullkomlega ótæk í ljósi þess að fjölmargir lántakar hafa enn ekki fengið niðurstöður frá lánveitendum um hvort og þá hvernig haga skuli uppgjöri vegna ólögmætrar gengistryggingar lána þeirra. Í þessu sambandi þarf ekki annað en að minna á að „viðskiptavinir“ Dróma sáluga fengu fá svör – og hvað þá úrlausn sinna mála – fyrr en eftir jarðarförina um síðustu áramót og yfirtöku Arion banka á lánunum í kjölfarið.

## Framferði Lýsingar

Þá eru ónefndir þeir ólánsömu einstaklingar sem tóku lán hjá eignaleigufyrirtækinu Lýsingu. Þar á bæ hafa þær leiðbeiningar sem felast í dómafordæmum Hæstaréttar, allt frá því að gengistrygging bílasamninga félagsins var dæmd ólögmæt með dómi þann 16. júní 2010, iðulega verið túlkaðar út frá eins þröngu lögfræðilegu sjónarhorni og frekast er unnt. Nýjasta dæmið um þetta er sú aðferðafræði sem Lýsing beitir við leiðréttingu fyrri endurútreikninga félagsins. Sú aðferð er beinlínis í andstöðu við dómafordæmi Hæstaréttar sem eru skýr um hvaða aðferð ber að beita við uppgjör gengislána. Það þarf vart að koma á óvart að aðferðafræðin sem Lýsing beitir við útreikninginn leiðir til lakari niðurstöðu fyrir lántaka en ef farið væri eftir dómafordæmum Hæstaréttar.

Ekki er laust við að sá grunur læðist að manni að þessi afstaða Lýsingar kunni að helgast af fyrningarfrestinum sem nefndur var hér að framan og ætlunarverkið sé að réttindi lántaka fyrnist. Ekki urðu þær fréttir, að Lýsing hafi nýlega fallið frá áfrýjun til Hæstaréttar á prófmáli sem höfðað var í kjölfar gengislánasamstarfs á grundvelli heimildar Samkeppniseftirlitsins, til að draga úr þeim efasemdunum. Í því máli hefði verið unnt að fá niðurstöðu í Hæstarétti um réttmæti útreikningsaðferðar Lýsingar.

**➜ Ég skora því á alþingismenn að bregðast skjótt við og samþykkja frumvarpið sem lög frá Alþingi.**

## Fyrirvarar við endurútreikninga

Þegar mörg stór verkefni bíða afgreiðslu Alþingis er sú hætta ávallt fyrir hendi að hin sem virðast smærri sitji á hakanum og gleymist í atinu. Þetta mega ekki verða örlög frumvarpsins um lengingu fyrningarfrestsins. Ég skora því á alþingismenn að bregðast skjótt við og samþykkja frumvarpið sem lög frá Alþingi áður en vorþingið rennur sitt skeið.

Að lokum vil ég brýna fyrir þeim sem nýverið hafa fengið í hendur endurútreikning frá sínum lánveitanda að fara gaumgæfilega yfir útreikningana og samþykkja þá ekki nema með fyrirvara um betri rétt. Þegar upp er staðið geta slíkir fyrirvarar, ásamt ráðgjöf sérfræðinga um réttarstöðuna, skipt sköpum og komið í veg fyrir að réttmætar kröfur lántaka glatist.





# FERSKASTI NAMMIBARINN

## borðum grænmeti og ávexti daglega

STÓR ASKJA



499kr/pk
verð áður 699

**Jarðarber**
400 gr.



ávöxtur mánaðarins

**Vatnsmelónur**



**Papaya Gold**

NÝ UPPSKERA



**Mineola mandarínur frá Usa**



**Anjou perur**

289kr/kg
verð áður 399



**Sætar kartöflur**

FERSKT með FLUGI

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa




**McCain franskar**




**Forest Feast**
Þurrkaðir ávextir í hnausþykku belgísku súkkulaði.

TILBOÐ
199kr/pk
verð áður 269




**Baguette**




**Páskaeggin eru komin**
Eitt mesta úrvalið.

TILBOÐ
399kr/pk
verð áður 499




**Chicago Town pizzur**

Hægt að setja í örbylgjuofn og í uppþvottarvél. Glerið má fara inn í ofn án loksins.



**Glerbox með plastloki**

Gildir til 6. apríl á meðan birgðir endast.

kleinu hringir



HEFUR ÞÚ KÍKT Á KLEINUHRINGJAÚRVALIÐ Í HAGKAUP?

Kleinuhringjabar í Skeifunni, Smáralind, Garðabæ, Kringlunni og á Eiðistorgi
Minna úrval í öðrum verslunum.

Þú finnur okkur á facebook
www.facebook.com/hagkaup



















zevia
KALORÍULAUST GOS

**ENGIN GERVISÆTA**




199kr/stk

**MEÐ STEVÍU**

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## MERKISATBURÐIR

**1949** Tólf þjóðir skrifa undir Norður-Atlantshafssáttmálann og mynda NATO.

**1956** Alþýðubandalagið er stofnað.

**1964** Bítlarnir eiga smáskífur í fimm efstu sætum bandaríska Billboard-listans.

**1968** Martin Luther King yngri er myrtur.

**1970** Rúgbrauðsgerðin í Reykjavík stórskemmist í eldi.



**STUÐ MILLI STRÍÐA** Stemningin á æfingum er engu lík.

# Mikill heiður að vera afmælishöfundur

Áhugaleikfélagið Hugleikur fagnar þrjátíu ára afmæli sínu um þessar mundir og setur söngleikinn Stund milli stríða upp af því tilefni. Þórunn Guðmundsdóttir skrifaði söngleikinn en hún segir félagsskapinn í Hugleik mjög örvandi.

„Þetta er óneitanlega mikill heiður og ég er mjög stolt af því að fá að vera þrjátíu ára afmælishöfundur,“ segir Þórunn Guðmundsdóttir. Hún skrifaði söngleikinn Stund milli stríða sem leikfélagið Hugleikur frumsýnir í Tjarnarbíói á laugardaginn í tilefni af þrjátíu ára afmæli félagsins.

„Þetta er verk sem gerist á millistríðsárunum í kreppu. Ég skoðaði tíðarandann og hvað hefði verið að gerast á þessum tíma. Þá sá ég að það er ótrúlega margt sem speglast við okkar samtíma og mjög gaman að kafa ofan í það. Þetta er vonandi hæfileg blanda af gamni og alvöru. Þetta er bæði svolítill fíflaskapur en líka grafalvarlegir hlutir eins og berklar og bankaþrot. Svo brestur fólk í söng og syngur um von, þrá, vonbrigði og gleði,“ segir Þórunn. Hún skrifaði sitt fyrsta verk fyrir Hugleik árið 2002 með söngleiknum Kolrössu og hefur síðan þá sett upp nokkur verk í samstarfi við leikfélagið.

„Þetta hefur verið mjög farsælt samstarf. Ég er endalaust þakklát fyrir að hafa ratað inn í þennan félagsskap af frjóu fólki. Ég held að ég hefði ekki byrjað að skrifa nema út af þessu umhverfi. Það er svo hvetjandi að vera innan um svona margt fólk sem er að skapa, hvort sem það er tónlist eða ljóð. Það er gífurlega örvandi,“ segir Þórunn. Hún hefur líka skrifað óperur sem settar hafa verið upp í Tónlistarskóla Reykjavíkur þar sem hún er aðstoðarskólastjóri alla jafna en er nú starfandi skólastjóri á meðan hann er í ársleyfi.

Leikfélagið Hugleikur er elsta áhugaleikfélag Reykjavíkur og hefur eingöngu sett upp verk sem rituð eru af félagsmönnunum sjálfum. Alls taka sextán leikarar þátt í uppfærslunni á Stund á milli stríða ásamt hljómsveit en leikstjóri er Jón St. Kristjánsson sem sviðsetti einmitt söngleikinn Kolrössu árið 2002.

> **„Þetta er vonandi hæfileg blanda af gamni og alvöru. Þetta er bæði svolítill fíflaskapur en líka grafalvarlegir hlutir eins og berklar og bankaþrot. Svo brestur fólk í söng og syngur um von, þrá, vonbrigði og gleði.**
>
> *Þórunn Guðmundsdóttir*

liljakatrin@frettabladid.is




✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og æskuvinur,

**GUNNAR HÁMUNDARSON**
**Hörðalandi 16,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 16. mars. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar Landspítalans. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki líknardeildarinnar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Guðrún Sigurveig Jóhannsdóttir**
**Þorbjörg Halldóra Gunnarsdóttir**
**Jóhanna Gunnarsdóttir**
**Sigurður Gunnarsson** **Rannveig Gunnarsdóttir**
**Ólafur Gunnarsson** **Þórný Birgisdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn**
**Sigurður Heiðar Sveinbjarnarson**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, stjúpi, afi og langafi,

**TORFI ÓLAFSSON**
**fv. deildarstjóri,**
**Melhaga 4, Reykjavík,**

sem lést föstudaginn 21. mars á Landspítalanum í Fossvogi, verður jarðsunginn með sálumessu í Dómkirkju Krists konungs í Landakoti í dag, föstudaginn 4. apríl, kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á SOS-barnaþorpin.

**Ólafur H. Torfason** **Sigríður Dóra Jóhannsdóttir**
**Helgi Torfason** **Ella B. Bjarnarson**
**Anna G. Torfadóttir** **Gunnar J. Straumland**
**Baldur Hermannsson** **Jóna I. Guðmundsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



✝

Kær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**GEIR ZOËGA**
**Ægisíðu 66, Reykjavík,**

andaðist 31. mars á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni 9. apríl, kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Sigríður E. Zoëga**
**Þórdís Zoëga** **Kristján Óskarsson**
**Ragnhildur Zoëga** **Ásgeir Ásgeirsson**
**Geir Magnús Zoëga** **Þóra Björg Dagfinnsdóttir**
**Jakobína Birna Zoëga** **Anton Örn Bjarnason**
**og barnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**BJARGAR JAKOBSDÓTTUR**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild 3N á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun.

**Bjarni Árnason**
**Jakob Árnason** **Lucinda Hjálmtýsdóttir**
**Kristinn R. Árnason** **Dagmar Magnúsdóttir**
**Bjarni Örn Kristinsson**
**Rakel Lind Kristinsdóttir**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**OKTAVÍA ÞÓRA ÓLAFSDÓTTIR**
**(Stella)**

andaðist þann 16. mars síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ingibjörg Jónsdóttir** **Harry Ágúst Herlufsen**
**Finnbogi Þórir Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**LOFTUR ÞORSTEINSSON**
**verkfræðingur,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli aðfaranótt þriðjudagsins 1. apríl. Útför hans verður gerð frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 8. apríl kl. 15.00.

**Þorsteinn Loftsson** **Hanna Lilja Guðleifsdóttir**
**Matthías Loftsson** **Kolbrún Þorsteinsdóttir**
**Ingibjörg Loftsdóttir**
**Páll Loftsson** **Anna Pála Vignisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN FRIÐRIKSDÓTTIR**
**frá Hjarðarhaga,**

verður jarðsungin frá Kaupangskirkju laugardaginn 5. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Lögmannshlíð.

**Ragnheiður Snorradóttir** **Haraldur Haraldsson**
**Oddný Snorradóttir**
**Sigurður Snorrason** **Anna Sigríður Haraldsdóttir**
**Friðrik Snorrason** **Ólöf Guðrún Helgadóttir**
**Snorri Snorrason** **Heiða Dís Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTJÁN ÖSSUR JÓNASSON**
**viðskiptafræðingur,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 1. apríl sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 9. apríl kl. 13.00.

**Sigríður Sóley Kristjánsdóttir** **Harold Jordan**
**Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir** **Rúnar Björgvinsson**
**Ingveldur Halla Kristjánsdóttir**
**Erla Björg Kristjánsdóttir** **Khalil Sellim**
**Una Hlín Kristjánsdóttir**
**Hólmsteinn Össur Kristjánsson** **Maja Loncar**
**og afabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og vinar,

**KARLS EIRÍKSSONAR**
**fv. forstjóra,**

sem lést fimmtudaginn 20. febrúar sl.

**Eiríkur Karlsson** **Ragnheiður Pétursdóttir**
**Þóra Karlsdóttir**
**Bergrós Hauksdóttir**
**Fjóla Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## AFRÍSKT BALL

**Lífleg afrísk tónlist mun duna í Iðnó í kvöld frá klukkan 22 þegar slegið verður upp afrísku balli. Dansað verður við vinsæl dægurlög frá Afríku sunnan Sahara í boði DJ Kito frá Mósambík. Sérstakir gestir eru The Bangoura Band og Cheick og félagar frá Gíneu Conakry slá trommur.**




## NÁM Í DANMÖRKU

**Á HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE Í HORSENS BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN**

**Í BOÐI ER:**

**Á ENSKU OG DÖNSKU**
- Byggingafræði
- Véltæknifræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði
- Byggingatæknifræði

**Á ENSKU**
- Tölvutæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði
- BS í Markaðsfræði

**Á DÖNSKU**
- Véltækni
- Landmælingar
- Vöruþróun og tæknileg sameining
- Aðgangsnámskeið

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi 4.-11. apríl 2014. Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715, eða netfang jee@viauc.dk. Leggið inn skilaboð/skrifa og við munum hringja/skrifa til baka.

**VIAUC.DK/HORSENS**

**VIA UNIVERSITY COLLEGE**
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens

Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: horsens@viauc.dk

VIA UNIVERSITY COLLEGE

5603



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is







# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklingalæri Adodo. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**EINFALDUR RÉTTUR** Kjúklingalæri í skemmtilegri útfærslu frá Úlfari. MYND/GVA

## KJÚKLINGALÆRI ADODO

**FYRIR 4**
2 msk. olía
8 kjúklingalæri
4 laukar, skornir í sneiðar
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
3 lárviðarlauf
½ dl eplaedik
1 dl sojasósa
1½ dl kjúklingasoð eða vatn og kraftur
Salt og nýmalaður pipar
1-2 msk. hlynsíróp (maple), má sleppa

Hitið olíuna í vokpönnu eða stórum potti og steikið lærin í 2 mínútur á hvorri hlið. Kryddið með salti og pipar. Takið þá lærin af pönnunni og steikið laukinn og hvítlaukinn í 2 mínútur. Leggið þá lærin ofan á laukinn og bætið lárviðarlaufum á pönnuna. Þá er eplaediki, sojasósu og soði bætt á pönnuna og soðið með loki við vægan hita í 20 mínútur. Takið þá lokið af og sjóðið í 3-4 mínútur eða þar til nánast allur vökvinn er soðinn niður. Ef þið viljið hafa réttinn sætari þá er sírópinu bætt saman við. Berið fram með hrísgrjónum og brauði.







# HEILSURÉTTIR

**065**

Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr

**980 | 1340**

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

***Án salts og sykurs.***

**NINGS**

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 - Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is

# Lífið

FÖSTUDAGUR
4. APRÍL 2014

*Harpa Ómarsdóttir hárgreiðslumeistari*
**OPNAR NÝJA HÁRAKADEMÍU Í ÁGÚST** 2

*Nína Björk ljósmyndari og stílisti*
**HRIFIN AF BÓHEM OG KLASSÍSKUM FATNAÐI** 4

*Lína Birgitta Camilla Sigurðardóttir*
**SKILUR EKKI FORDÓMA GEGN KYNHNEIGÐ** 10



*Hildur Yeoman*

## TILBÚIN AÐ TAKA NÆSTA SKREF

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?**
**Aðalheiður Birgisdóttir, Heiða**

**Aldur?** 44 ára

**Starf?**
Fatahönnuður/stofnandi Nikita.

**Maki?**
Hjalti Steinn Sigurðarson

**Stjörnumerki?**
Vog

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Heimagert ávaxta-boozt.

**Uppáhaldsstaður?**
Biarritz í Suðvestur-Frakklandi og Snæfellsnes.

**Hreyfing?**
Snjóbretti, motocross, sund, göngur.

**Uppáhaldsfatahönnuður?**
Merki – Acne og Weekdays.

## HVERJIR HVAR?

Steinþór Helgi Arnsteinsson, tónlistariðnaðarmaður og starfsmaður hjá CCP, hélt upp á þrítugsafmæli sitt með pomp og prakt um síðustu helgi



á skemmtistaðnum Harlem. Fjölmennt var í veislunni en meðal gesta voru Sigtryggur Magnason og Svandís Dóra Einars-



dóttir leikkona, en með þeim í för var borgarstjóraefnið Dagur B. Eggertsson. Þá var söngkonan Sigríður Thorlacius í veislunni og María Lilja Þrastardóttir.





# FÓLK HÁRAKADEMÍAN OPNAR Í MÖRKINNI Í LOK ÁGÚST

***Harpa Ómarsdóttir hárgreiðslumeistari opnar nýjan og spennandi hárgreiðsluskóla í samstarfi við Label M á Íslandi.***

Nú er tækifærið að fara í nám sem tekur styttri tíma, en hárgreiðslunámið hefur verið fjögur ár hingað til. Vandamálið í dag eru námssamningar hjá nemum og þetta er nýjasta lausnin við því,“ segir Harpa Ómarsdóttir, eigandi Hárakademíunnar sem verður opnuð í Mörkinni 1 í ágúst í samstarfi við Label M á Íslandi. „Það hefur vantað svona gæðaskóla en stefnan er að koma nemendum á samning og útskrifa framúrskarandi fagfólk,“ segir hún. Harpa hefur sjálf mikla reynslu innan bransans. Hún hefur unnið við fagið í 15 ár og öðlast þekkingu frá erlendum akademíum á borð við Aveda, Tony and Guy og Vidal Sassoon. Einnig hefur hún kennt íslensku fagfólki í gegnum árin. Hárakademían mun bjóða upp á tólf mánaða nám til sveinsprófs í akademíunni og námssamning sem er styttri en aðrir skólar hafa boðið upp á. „Það mun fjöldinn allur af gestaleiðbeinendum koma að náminu en það er allt spennandi fólk sem hefur ýmislegt gott til brunns að bera.“ Í kringum fjórtán manns fá inntöku í skólann og er 18 ára aldurstakmark. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, harakademian.is








# MYNDIR HUGFANGIN AF ÚLFUM

***Sigríður Margrét Jónsdóttir sker út úlfamyndir úr pappa og selur á Facebook.***

„Ég er algjör fótboltamamma sem lifi fyrir að vera skapandi,“ segir Sigríður Margrét Jónsdóttir, sem útskrifaðist úr Iðnskólanum í Hafnarfirði í vor. Sigga Magga, eins og hún kallar sig á Facebook, er búin að vera að sauma á sig flíkur frá því að hún man eftir sér en segist vera dottin í þann gír að búa til myndir sem hún kallar úlfinn. „Ég lærði dýraatferlisfræði í Danmörku og hef verið hugfangin af úlfum. Svo fór ég að skera út í pappa og hef verið að vinna í að gera fjölbreytta úlfa í mismunandi litum.“

Sigga Magga segist hafa þurft að stíga út fyrir þægindarammann þegar fólk fór að sýna myndunum hennar áhuga en er himinlifandi yfir áhuganum. Hægt er að nálgast myndirnar á Facebook-síðunni Sigga Magga eða hjá Reykjavík Corner Store.



Sigga Magga sker út úlfa í litríkan pappa og býr til myndir sem eru mjög vinsælar um þessar mundir.

Lífið www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Saga Sig**


Fylgstu með á
Facebook
Lindex Iceland
Edited by
Kate Hudson
Jakki,
13995,-
LINDEX

# FATASKÁPURINN NÍNA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR

*starfar sem ljósmyndari og stílisti. Hún er mikill fagurkeri og segir að skapið ráði stílnum hverju sinni. Nína Björk fellur oftast fyrir klassískum yfirhöfnum og flíkum í bóhem-stíl. Hún sækir ósjaldan innblástur til fyrirsætunnar Kate Moss og leikkonunnar Siennu Miller.*











5 **Hattur** Mér finnst hattar gera mjög mikið og það er alltaf gaman að setja upp hatt sem setur svona punktinn yfir i-ið. Ég keypti þennan í Zöru.

4 **Pels** Ég er hrikalega ánægð með þennan pels sem er frá Feldi. Hann er að sjálfsögðu úr ekta skinni og er mjög vandaður.

1 **Kimono** Þessi kimono er úr búðinni AFTUR. Liturinn er svo fallegur og hann gerir mjög mikið fyrir mann. Einnig er hann smart við gallabuxur.

2 **Taska** Marc by Marc Jacobs. Þessi taska er falleg og klassísk. Hún fylgir mér allt því hún passar við nánast allt.

3 **Kjóll** ELLA. Þennan kjól hef ég notað mikið. Sniðið er fallegt og hægt að blanda öllu saman við hann við öll tækifæri. Efnið í honum er ótrúlega fallegt og vandað.

Þér er boðið í afmæli!

Við eigum 22 ára afmæli og bjóðum því **22% afslátt** af öllu í Sigurboganum

Dagana 4.og 5.apríl, 2014

WWW.FACEBOOK.COM/SIGURBOGINN

WWW.SIGURBOGINN.IS



SIGURBOGINN



## BJARTIR LITIR Í SUMAR

Förðunin fyrir sumarið býður upp á bjarta og sterka liti. Varalitirnir eru í appelsínugulum tónum og er ferskjulitur og pastel áberandi. Plómulitir verða einnig áfram vinsælir. Skyggingarnar eru léttar og einblínt er á ferska, hreina húð og náttúrulega fegurð. Þá koma VV-kremin sterkt inn sem gera húðina lýtalausa án þess að farðinn sé sýnilegur. Í sumar snýst allt um að um finna sína eigin innri fegurð með tónum vorsins.




Bjartir litir hjá MAC og Chanel í sumar.

# VELDU HOLLARA

Fyrsta kjúklingavaran á Íslandi sem hlaut gæðavottun Skráargatsins




**Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.**

**Þau eru ósprautuð og hollari valkostur sem uppfyllir gæðakröfur Skráargatsins.**

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952.
Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamennskuna.

**Lestu meira um Skráargatið á**
**skraargat.is**

ROSE
Poultry from Denmark



# HILDUR YEOMAN
## BÝR TIL SINN EIGIN TÍSKUHEIM

*Hildur Yeoman fatahönnuður frumsýndi á dögunum fatalínu sína, Yuliu, sem er innblásin af merkilegri ævisögu langömmu hennar. Hildur hefur náð að skapa sér nafn innan fatahönnunarheimsins hér á landi en að baki nafninu Yeoman eru margar forvitnilegar sögur.*

**STARF** Fatahönnuður
**ALDUR** 30 ára
**FJÖLSKYLDA** Daníel Karl Björnsson maki og sonurinn Högni 5 ára.

Ég þarf alltaf að búa til heilan heim í kringum fötin mín, ég gat ekki bara gert tískusýningu heldur varð það að vera danssýning og gjörningur í leiðinni," segir Hildur Yeoman brosandi er hún tekur á móti blaðamanni í fallegu risherbergi í miðbænum.

Á veggjunum hanga tískuteikningar af fatalínunni Yuliu með útskýringum og efnisbútum en Hildur hefur einmitt vakið athygli fyrir fallegar tískuteikningar í gegnum tíðina. Átta ár eru síðan Hildur útskrifaðist sem fatahönnuður frá Listaháskóla Íslands og hefur hún náð að skapa sér gott orðspor fyrir skartgripahönnun sína. Yulia er fyrsta fatalínan frá Hildi sem er hugsuð til framleiðslu.

### *Ekki bara tískusýning*

Tískusýning Hildar fór fram fyrir viku í Hafnarhúsinu sem hluti af HönnunarMars og var fullt út úr dyrum. Góður rómur var gerður að sýningunni og er Hildur sátt og sæl með viðtökurnar. Ásamt því að halda tískusýningu var Hildur einnig hluti af sýningunni Línur ásamt þeim Berki Sigþórssyni og Ellen Loftsdóttur sem einnig var partur af HönnunarMars.

„Ég var með rosalega gott teymi í kringum mig að vinna að línunni og sýningunni. Þetta eru allt listamenn á sínu sviði og mér þykir afar vænt um að vinna með þessu fólki. Með þeim kom mikill kraftur og saman náðum við að brjóta upp hið hefðbundna tískusýningarform. Sem ég er ekki viss um að við Íslendingar eigum að daðra mikið við, þar sem mér finnst mikilvægt að við séum með ákveðna sérstöðu. Við getum ekki keppt við ítölsku eða frönsku tískuhúsin þar sem hefðin er aldagömul og eigum ekkert að reyna það. Fólk kemur hingað til að sjá eitthvað annað, einhvern frumkraft þess nýja."

Meðal þeirra sem komu að sýningunni voru myndlistarmennirnir Daníel Karl Björnsson, maður Hildar, og Helgi Már. Valdimar Jóhannsson sá um tónlistina, Þorgeir Guðmundsson vann myndband fyrir sýninguna; mótorhjóladansverk sem tekið var upp í Toppstöðinni.

„Svo sá Ísak Freyr vinur minn um förðunina en hann kom sérstaklega frá London. Edda Guðmundsdóttir, ofurstílisti frá New York, vann einnig að sýningunni. Svo það var valinn einstaklingur í hverju starfi. Á mánudaginn lögðum við svo land undir fót og tókum myndir af nýju línunni með Sögu Sig vinkonu minni. Ég er ótrúlega spennt að sjá afraksturinn af því."

### *Villingurinn amma*

Fatalínan er innblásin af sögu langömmu Hildar, Juliu Yeoman sem var frá Bandaríkjunum, nánar tiltekið New Jersey. Afi Hildar er Bandaríkjamaður, hermaður, sem kynntist ömmu Hildar er hann var hér á landi í stríðinu. Fjölskyldusaga Hildar er flókin og áhugaverð, en sjálf segist hún ekki hafa fengið að vita alla sögu langömmu sinnar fyrr en í fyrra. Það er saga konu sem passaði ekki inn í sam-



Tekur næsta skref Hildur Yeoman býst við því að fatalínan Yulia komi í verslanir í haust en það er fyrsta sinn sem hún setur fatalínu sína í framleiðslu. Hún segir tískubransann vera hark á Íslandi en mikilvægt sé að halda í það sem gerir mann einstakan á markaði. MYNDIR/SAGA SIG

### *Yulia - tískupallurinn í Hafnarhúsinu.*





félagið og fór sínar eigin leiðir í lífinu.

„Við erum mjög leyndardómsfull fjölskylda og ég er alltaf að komast að einhverju nýju. Amma var alger villingur en orðin fjögurra barna móðir rétt eftir tvítugt. Þetta var á fjórða áratugnum þegar mótorhjólagengi voru að ryðja sér til rúms í Bandaríkjunum. Hún yfirgefur börnin sín fjögur og stingur af með einu svona gengi. Skilur börnin eftir á munaðarleysingjahæli í New Jersey og eyðir fjórum árum í að rúnta um Bandaríkin. Það var alveg vottur af kvenréttindabaráttu í þessu hjá henni, hún til dæmis keyrði hjólið sjálf en var ekki farþegi,“ segir Hildur, sem hitti Juliu langömmu sína tvisvar sinnum en kveðst alltaf hafa verið hálfhrædd við hana.

„Hún var með kræklótta putta og ráma rödd. Það var alltaf smá kaupstaðarlykt af henni. Hún var ekki þessi hefðbundna húsmóðir og passaði ekki inn samfélagið eins og það var á þessum tíma.“

Eldur var eins konar rauður þráður í sýningunni Yuliu en partur af því var dansverk sem dansarinn Sigríður Soffía útfærði.

„Það var einhver ástæða fyrir því að langamma var eins og hún var. Hún missti sjálf mömmu sína mjög ung en hún lést eftir að það kviknaði í hárinu á henni við eldhússtörf. Það var svo alltaf vafamál hvort það hafði gerst óvart eða hvort maðurinn hennar átti einhvern þátt í því. Eins og ég segi þá er ýmislegt sem ég veit ekki um fjölskylduna mína og ég er alltaf að komast að einhverju nýju.“

### *Berbrjósta pitsustaður*

Róbert, afi Hildar og sonur Juliu, og amman, hin íslenska Margrét, settust að á Íslandi þar sem afinn stofnaði einn af fyrstu pitsustöðum á Íslandi, Marinós pizza. Fastagestir þar voru meðal annars Megas og strákarnir í Jet Black Joe.

Hann ætlaði svo að taka konseptið skrefinu lengra og var kominn langt með að opna svokallaðan berbrjósta pitsustað (e. topless pizzaplace) í miðbæ Reykjavíkur. Fyrirmyndin að staðnum er sams konar veitingastaður sem Ralph, afabróðir Hildar, rak í New Jersey.

„Hann var búinn að ráða starfsfólk, aðallega stelpur, og var að fara að opna þegar Stöð 2, sem þá var nýfarin í loftið, komst á snoðir um málið og ætlaði að gera frétt. Það hræddi stelpurnar sem hættu við og afi fór í kjölfarið í fýlu við Ísland. Hann kvaddi því land og þjóð í fússi og kom aldrei aftur,“ segir Hildur og kímir.

### *Listræn flökkukind*

Sjálf segist hún líkjast meira þessari bandarísku föðurfjölskyldu sinni, en þaðan koma bæði listrænu hæfileikarnir og flökkugenið. Síðasta árið hefur hún nefnilega verið á flakki um heiminn ásamt kærasta sínum, Daníel Karli Björnssyni myndlistarmanni, og syni þeirra, Högna sem er fimm ára. Næsta stopp er einmitt Berlín í nokkra mánuði.

„Við erum að nýta tímann áður en hann byrjar í skóla. Þá verður maður að festa rætur einhvers staðar, en það hentar mér mjög vel að skipta um umhverfi,“ segir Hildur, sem sjálf er að reyna að ná tökum á því að tvinna saman vinnu og fjölskyldulíf.

„Þetta er eitthvað sem maður er alltaf að glíma við eftir að maður verður mamma. Sem betur fer er þetta tarnavinna sem ég er í. Það koma dagar sem ég er alveg í fríi og svo tímar þegar maður vinnur alltaf langt frameftir. Eins og núna í þessari törn passaði ég mig á að fara alltaf heim til að svæfa hann og núna, eftir sýninguna finn ég að hann þarf meira á mér að halda. Eðlilega.“

### *Tilbúin að taka næsta skref*

Það er augljóst að fatalínan Yulia er innblásin af mótorhjólatískunni. Stuttur leðurjakki, skósíð plastkápa, vel sniðnir kjólar með fallegu munstri, skyrta, buxur og stuttir toppar.

Fatalínan er sú fyrsta sem Hildur gerir sem er ætluð til framleiðslu. Hún hefur hingað til verið meira þekkt fyrir skartgripina sem hún selur í versluninni Kiosk á Laugaveginum, þar sem ungir íslenskir hönnuðir hafa hreiðrað um sig. Hálsmenin og eyrnalokkarnir frá Hildi hafa átt góðu gengi að fagna.

„Það hefur gengið mjög vel að selja skartgripina og eins og staðan er núna get ég lifað á þeirri sölu. Sem er frábært og hefði ekki verið mögulegt ef ég hefði ekki fengið að vera með krökkunum í Kiosk, sem er gott framtak.“

Hildur sér fyrir sér að koma sér fyrir á Íslandi í framtíðinni með fjölskyldunni. Þegar hún útskrifaðist úr Listaháskólanum fyrir átta árum grunaði hana samt ekki að hún myndi fara að vinna fyrir sitt eigið merki. Auk þess að selja skartgripina sína hér á landi eru þeir fáanlegir í verslunum í London og Japan.

„Ég sá frekar fyrir mér að ég færi að vinna fyrir einhvern annan en sjálfa mig en svona þróast þetta skemmtilega. Núna er ég tilbúin að taka næsta skref með merkið en næstu mánuðir fara í að koma þessari línu í framleiðslu og svo í verslanir næsta haust. Það væri óskandi að fá einhvern með í lið með mér sem er með viðskiptavit. Að vera í þessum tískubransa hér á Íslandi er hark en við verðum bara að passa okkur að halda í það sem gerir okkur einstök á markaðinum.“

*Við getum ekki keppt við ítölsku eða frönsku tískuhúsin þar sem hefðin er aldagömul og eigum ekkert að reyna það.*



TILBOÐ
Nicovel Fruit og Mint
498kr/pk til 6. apríl
(áður 598kr/pk)
BÓNUS
VILTU HÆTTA AÐ REYKJA?


Nicovel® lyfjatyggigúmmí

**Nicovel Fruit** og **Nicovel Mint** lyfjatyggigúmmí, innihalda 2 mg af nikótíni sem nikótín resinat. Nicovel er ætlað reykingamönnum 18 ára og eldri. Ekki má nota Nicovel ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni tyggigúmmísins eða ef þú reykir ekki. Leitið ráða hjá lækni áður en Nicovel er notað ef: þú hefur nýlega fengið hjartaáfall eða heilablóðfall, þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð (ofsabjúgur) eða útbrot með kláða (ofsakláði). Einnig ef þú ert með: brjóstverk, hjartakvilla sem hefur áhrif á hraða eða takt hjartsláttar, ómeðhöndlaðan háþrýsting, lifrarsjúkdóm, nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettumerg (krómfíklaæxli), magasár eða bólgu í vélinda. Einstaklingar undir 18 ára aldri ættu ekki að nota Nicovel nema því sé ávísað af lækni. **Viðeigandi skammtur fyrir fullorðna getur haft mikil eituráhrif eða verið banvænn fyrir lítil börn.** Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicovel í samráði við lækni. Skammtar eru einstaklingsbundnir og valdir út frá nikótínþörf. Yfirleitt er nóg að nota 8-12 tyggigúmmí á dag. Hámarksskammtur er 24 stykki á dag. Nánari upplýsingar um notkun er að finna í fylgiseðli lyfsins. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: Orifarm Generics A/S. Umboð á Íslandi: Icepharma hf. Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.





MYNDIR/ARNÞÓR BIRKISSON

# FÖRÐUN ÓGNVEKJANDI-DRAUGAFJÖLSKYLDA Í VOGUM

***Förðunarfræðingarnir Selma Hafsteinsdóttir og Ástrós Erla Benediktsdóttir unnu að draugalegri myndatöku ásamt Arnþóri Birkissyni ljósmyndara.***

„Við sáum drauga í hverju horni og andrúmsloftið var eftir því. Við létum þó ekkert stöðva okkur þrátt fyrir mikinn kulda og snjóbyl úti heldur var fyrirsætunum hlýjað inni í bíl reglulega þar sem þær drukku heitt kakó,“ segir Kristín Stefánsdóttir hlæjandi þegar hún rifjar upp draugamyndatöku á eyðibýli í Vogum á Vatnsleysuströnd. Hugmyndin að myndatökunni varð að veruleika í kjölfar lokaverkefnis nemenda í NN-Makeup school sem lærðu „special effects“ en þemað tengdist vofum og íslenskum þjóðsögum. „Oft fær fagfólk ekki tækifæri til að nýta sköpunargáfuna til fullnustu og deila með öðrum. Að vinna með Arnþóri ljósmyndara var svo meiriháttar því við náðum að skapa draugafjölskyldu sem átti að hafa tekið sér bólfestu í húsi og neitað að fara. Myndirnar fanga þessa stemningu á magnaðan hátt,“ segir Kristín.

**FÖRÐUNARFRÆÐINGAR:**
Selma Hafsteinsdóttir förðunarmeistari og kennari á Special Effects-námskeiðinu, Ástrós Erla Benediktsdóttir, skólastjóri NN-Makeupschool, og Ólöf Birna Torfadóttir, förðunarmeistari og fyrrum nemandi í Special Effects.



# Helgarbrjálæði í Flash



Kjólar áður 16.990
nú 9.990 kr.

40-50%
afsláttur







Kjólar áður 14.990
nú 7.990 kr.



40-50%
afsláttur

Fleiri myndir á Facebook



Mussur áður 14.990
nú 7.990 kr.



FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**



# BAK VIÐ TJÖLDIN Á **REYKJAVÍK FASHION FESTIVAL**

*Um síðustu helgi fóru fram átta tískusýningar í Hörpu á Reykjavík Fashion Festival. Sýningarnar voru ólíkar, allt frá sunnudags-sveitastemningu og til leikhúss-goth-innblásturs. Förðunarfræðingarnir og hárgreiðslufólkið baksviðs hafði því nóg að gera við að breyta útliti fyrirsætanna en sumar hverjar sýndu fyrir fleiri en einn hönnuð. Lífið skoðaði fyrirsæturnar og fólkið baksviðs.*














# LÍNA BIRGITTA CAMILLA

## 23 ÁRA EIGANDI VERSLUNARINN-AR DEFINE THE LINE






1. **Þegar ég var ung þá …** var ég ólátabelgur.
2. **En núna …** er ég stillt og prúð.
3. **Ég mun eflaust aldrei skilja …** fordóma gegn kynhneigð.
4. **Ég hef ekki sérstakan áhuga á …** að hanga með neikvæðu fólki.
5. **Karlmenn eru …** vælukjóar þegar þeir eru veikir.
6. **Ég hef lært að maður á alls ekki að …** dæma aðra fyrirfram því þú hefur ekki hugmynd um hvað hver og einn er að ganga í gegnum.
7. **Ég fæ samviskubit þegar …** ég borða of mikið nammi.
8. **Ég slekk á sjónvarpinu þegar …** fréttir byrja þar sem þær eru yfirleitt neikvæðar.
9. **Um þessar mundir er ég mjög upptekin af …** nýjum og spennandi verkefnum sem tengjast Define the Line og að undirbúa tískusýningu með stílistahópnum mínum í RFA (Reykjavík Fashion Academy).
10. **Ég vildi óska þess að fleiri vissu af …** aðdráttaraflinu sem er eitt af lögmálum heimsins (The Secret).

# *Sætt og sykurlaust*
## *fyrir fermingarnar*



## *Marensterta með jarðarberjum og karamellusósu*

**Tveir stórir botnar**
3 dl eggjahvítur við stofuhita (um 8 hvítur)
120 g Sukrin melis
1 tsk vanilludropar
1/2 tsk cream of tartar eða vínsteinslyftiduft
nokkur saltkorn
26 dropar bragðlaus stevía frá Via-Health

Hitið ofn í 120°C með blæstri. Þeytið eggjahvíturnar þar til þær fara að freyða. Bætið við Sukrin melis, cream of tartar, salti og vanillu. Þegar marensinn fer að mynda stífa toppa þá er hann settur í sprautupoka.

Eftir að hafa markað fyrir hring á smjörpappír þá er rósum sprautað á pappírinn innan í hringinn þannig að þær rétt snertist. Uppskriftin dugar í tvo botna. Gott er að skipta henni í tvennt og baka botnana í sitthvoru lagi.

Bakið við 120°C í 15 mín, neðarlega í ofninum. Lækkið þá hitann niður í 90°C og bakið í 20 mín í viðbót, fylgist með því að botnarnir dökkni ekki um of.

Gott er að baka einn botn í einu til að baksturinn verði sem bestur. Látið svo botnana aftur í ofninn og leyfið þeim að kólna þar í tvær klukkustundir.

**Fylling:**
1 peli rjómi
1 askja fersk jarðarber
1 msk balsamedik (má sleppa)
3 msk kókosflögur
1/2 tsk vanilludropar

Þeytið rjómann með vanilludropum og skerið niður jarðarberin. Dreifið 1 msk af balsamediki yfir. Setjið helming rjómans á neðri botninn, dreifið jarðarberjum yfir og svo kókosflögunum. Setjið afganginn af rjómanum yfir og efri botninn svo ofan á. Best er að láta tertuna kólna í ísskáp í um klukkustund.

**Karamella:**
1 tsk smjör
nokkur saltkorn
50 g Sugarless sugar eða Sukrin gold
1/2 tsk vanilludropar eða duft
30 ml rjómi

Bræðið smjörið í potti við meðalhita ásamt sætuefninu, látið krauma í dálitla stund. Þegar karamellan er orðin brúnleit er rjómanum bætt saman við. Hrærið vel þar til allt hefur blandast vel saman. Takið pottinn af hellunni og látið kólna örlítið. Þegar tertan hefur fengið að kólna er karamellunni dreift yfir.



## *Kransakökutoppar*

200 g möndlumjöl (ljóst) eða malaðar hýðislausar möndlur
60 g Sukrin melis
2 eggjahvítur
30 dropar bragðlaus stevía frá Via-Health
1 tsk möndludropar
1 tsk sítrónusafi
40 g rjómi

Blandið öllu vel saman í matvinnsluvél þar til þétt mauk hefur myndast. Setjið deigið í sprautupoka, sprautið litlum rósum á bökunarpappír og bakið í 10 mín við 180°C með blæstri.

**Súkkulaðibráð:**
30 g sykurlaust súkkulaði, ljóst eða dökkt
2 tsk Sukrin melis
10 dropar karamellustevía frá Via-Health
1 tsk bragðlaus kókosolía

Bræðið súkkulaði og bætið við Sukrin melis, stevíu og kókosollíu. Hrærið vel í og dýfið svo botninum á kældum kransaköku-toppunum ofan í bráðina. Leggið toppana á smjörpappírinn. Gott er að setja þá í ísskáp eða frysti í nokkrar mínútur.




Uppskriftir frá Maríu Kristu

VIA-HEALTH
Stevia
NÁTTÚRULEG SÆTA

facebook






Rachel Powell

**https://www.facebook.com/rachelpowelldesign**

Rachel Powell hannar munstur á veggfóður, plaköt, diska, handklæði, púða, efni og fleira. Uppáhaldsliturinn hennar er sinnepsgulur sem skín í gegn á síðunni hennar. Innblásturinn er án efa fenginn frá sjötta áratugnum.

Instagram



Instagram Birk-holm

**instagram.com/birk_holm**

Hin danska Anna Storck Birkholm-Falshøj hannar gæðaullarfatnað undir nafninu Birk-Holm. Vörumerkið leggur áherslu á einfaldleika, sjálfbærni og áreiðanleika. Þó með hag neytandans í huga og virðingu fyrir náttúrunni. Gaman er að fylgjast með gæðahönnun hennar á Instagram.

Pinterest



Gorgeous Vegan Food – Kid Friendly

**pinterest.com/cosmoblue/gorgeous-vegan-food-kid-friendly/**

Ef þú ert að reyna að sneiða hjá unnum dýraafurðum er þetta síðan sem þú ættir að skoða. Hér er að finna alls konar uppskriftir að gómsætum réttum sem einnig eru mjög barnvænir. Hér er að finna rétti með vegan-„kjúklingi", hemp-hristingum og fjöldann allan af girnilegum eftirréttum.

## BLOGGARINN GLÆSILEG ÍTÖLSK TÍSKUDROTTNING

Chiara Ferragni

**theblondesalad.com/**

Það rennur ítalskt blóð í hinni 25 ára Chiara Ferragni sem er lögfræðinemi. Árið 2009 opnaði hún tískubloggið, The Blonde Salat og bloggar bæði á ítölsku og ensku. Hún hefur verið nefnd í New York Magazine fyrir götutísku ársins og unnið bloggverðlaun Bloglovin sem viðskiptabloggari ársins. Með yfir 12.000.000 heimsóknir á mánuði er ekki að undra að merki á borð við Guerlain, Dior, Hugo Boss, Louis Vuitton, Chanel og Bottega Veneta séu í samstarfi við hana.









## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Viðgerðir



**CASA-RAF**
**HEIMILISTÆKI-VIÐGERÐIR**
Gerum við öll merki, komum á staðinn, skoðunargjald 4900,-kr S. 845 5976.

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**HUMAR - 2.600 KR.KG.**
Fiskikóngurinn Sogavegi 3 & Höfðabakka 1. Sími 587 7755 - www.fiskikongurinn.is

Hægindastólar, svefnsófi, standlampi og bílskúrshurðaopnari. Uppl. í s. 893 3475 e. kl. 17

Notaðir brettarekkar og vöruhillur til sölu ! Upplýsingar í síma 6606464 (Hlynur)

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**PAR MEÐ BARN Á LEIÐINNI ÓSKA EFTIR BARNABILSTÓL FYRIR NÝBURA 0-36KG +**
Par með fyrsta barn á leiðinni óska eftir barnabílstól fyrir nýfætt barn 0-36kg+. Gefins eða mjög ódýrt endilega hafið samband í email : omar@this.is eða í Síma: 857 3503

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**


**Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis þann 23. apríl**

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS**



visir.is/samfelagsverdlaun





**BÍLL DAGSINS**
**Toyota Land Cruiser 120VX**
Nýskráður 10/2004, ekinn 135 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.290.000**
Tilboð dagsins kr. **2.490.000**



HONDA
**Accord Special Edition**
Nýskráður 9/2007, ekinn 96 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.190.000**



HONDA
**CR-V Comfort Plus Dísil**
Nýskráður 2/2014, reynsluakstursbíll, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.940.000**



PEUGEOT
**208 Active 1.2VTi**
Nýskráður 3/2014, ekinn 0 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.740.000**



PEUGEOT
**207 1.4HDi**
Nýskráður 5/2007, ekinn 102 þús.km., dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 1.150.000**



NISSAN
**Pathfinder SE**
Nýskráður 8/2006, ekinn 105 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.390.000**



HONDA
**CR-V ES**
Nýskráður 10/2003, ekinn 118 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.350.000**



TOYOTA
**Yaris T-sport**
Nýskráður 10/2003, ekinn 112 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.190.000**



FORD
**Focus Trend 1.6**
Nýskráður 5/2005, ekinn 135 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.190.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

**BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## fasteignir


HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Ártún - Selfoss-*Einstök staðsetning og útsýni***



Í einkasölu glæsilegt einbýli með innbyggðum bílskúr samtals 220 fm. Byggt 2009. Frábær staðsetning og útsýni m.a. yfir Ölfusána. Glæsilegur garður og hellulagt bílaplan. Sólfstofa, útsýnisstofa og fleira. Fullbúin eign í sérflokki. **Verðtilboð.**

**Allar nánari upplýsingar gefur Helgi Jón s. 893 2233.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**


## tilkynningar

VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURNESJA

**Aðalfundur Verslunarmannafélags Suðurnesja verður haldinn að Vatnsnesvegi 14, Reykjanesbæ, þriðjudaginn 8. apríl nk. kl. 20:00**

**DAGSKRÁ**
Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins

*Stjórn Verslunarmannafélags Suðurnesja*

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara 31. maí 2014, hefst hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík þann 5. apríl nk. Atkvæðagreiðslan fer í fyrstu fram á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, alla virka daga milli kl. 8:30 – 15:00. Um helgar er opið frá kl. 12:00 – 14:00.

Lokað verður á skírdag þann 17. apríl, föstudaginn langa 18. apríl, páskadag 20. apríl og annan í páskum 21. apríl nk. Opið verður laugardaginn 19. apríl nk. frá kl. 12:00 – 14:00. Lokað verður sumardaginn fyrsta 24. apríl og 1. maí nk.

Frá og með 19. maí nk. fer atkvæðagreiðslan fram í Laugardalshöll og þá verður opið alla daga frá kl. 10:00 – 22:00. Á kjördag laugardaginn 31. maí nk. verður opið frá kl. 10:00 til kl. 17:00 fyrir kjósendur utan höfuðborgarsvæðisins.

*Sýslumaðurinn í Reykjavík*

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




Ný sending af sundfötum frá TYR, úr DURAFAST efni, sem er sérlega klórþolið og lithelt. Sjá www.aquasport.is

Aqua Sport
www.aquasport.is
Bæjarlind 1-3, 201 Kóp.
sími: 564 0035,
aquasport@aquasport.is


## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Búslóð til sölu, gömul tekk húsgögn, sófasett og fl. Uppl. í s. 663 4374

## Dýrahald



Shihtzu rakki til sölu. Foreldrar með frábæra dóma á sýningu Hrfi. Frábærir fjölskylduhundar! Uppl. í sima 6910938

## HEILSA

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð. S. 854 3454 / 561 6254 opið frá kl.10:00-19:00

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

Til leigu glæsileg 107fm 3ja herb. íbúð á sv. 105. Leiguverð 220þús m/húsjóði per/mán. Uppl. sendist á olafur@versus.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði / verslunarh./skrifst. við Dalveg í Kópav. Uppl. í s. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**KORNIÐ BAKARÍ**
Gott fólk óskast í bakaríin okkar á virkum dögum. Umsóknir sendist á netfangið umsokn@kornid.is eða kornid.is

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST**
Í rótgróna veiðibúð í Rvk. Um sumarstarf er að ræða. Þekking á veiðiskap stundvísi og góð framkoma skilyrði
**Ferilskrá sendist á zircon@simnet.is**

Óskum eftir að ráða til okkar vanan mann í trjáklippingar í fulla stöðu, einnig erum við að leita eftir vönum manni í hellulagningar. Áhugasamir sæki um á www.gardlist.is

Vantar bæði fólk í vinnu strax og fyrir sumarið. Leitum að mjög duglegu og drífandi fólki með bílpróf og til í mikla vinnu í sumar. Umsækjendur sendi tölvupóst á hreinirgardar@gmail.com

Vélstjóra vantar á 200 tonna rækjubát. Uppl. í s. 845 3480

## skemmtanir





Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR:**

**LAUGARDAGURINN 5. APRÍL**
11:35 MAN. CITY - SOUTHAMPTON
13:50 NEWCASTLE - MAN.UNITED
13:50 ASTON VILLA - FULHAM
16:20 CHELSEA - STOKE CITY

**SUNNUDAGURINN 6. APRÍL**
12:20 EVERTON - ARSENAL
14:50 WESTH.UNITED - LIVERPOOL




HLJÓMSVEITIN KLETTAR RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILLA VALLA, SIGGI ÁRNA OG BJÖRGVIN GÍSLA.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe
SAFT


Bylting í áletrun legsteina
VARANLEGT
LETUR
Eingöngu hjá Graníthöllinni
Hér hvílir
Auðúlfur Stórólfsson
f. 1.2.1895 d. 2.3.1991
Blessuð sé minning hans
Endurmerkjum
eldri legsteina
með varanlegu letri
Graníthöllin
Legsteinar
www.granithollin.is
Bæjarhrauni 26, Hafnarfirði 555-3888

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**1398** krónur kg
Íslandslamb
**Grill-lamba sirloinsneiðar**

2013 SLÁTRAÐ
**1498** krónur kg.
Kaupfél. Skagf. **Lambalæri í sneiðum** FROSIÐ

2013 SLÁTRAÐ
**1259** krónur kg.
Kaupfél. Skagf. **Heilt lambalæri** FROSIÐ

Eingöngu sneiðar úr miðlæri
**1998** krónur kg
Kjarnafæði
**Grill lambalærissneiðar 1. flokkur**

**498** krónur 465g

**1259** krónur kg.
**Ali Bayonne-skinka** 1.flokkur

**1259** krónur kg.
Bónus **Hamborgarhryggur**

**1398** krónur kg.
Kjarnafæði Brasilískar
**Grill-grísakótilettur úrbeinaðar**

**598** krónur565g

300 KR. VERÐLÆKKUN
**1098** kr. kg
Skagfirskur **Mjúkur sveitabiti**
VERÐ ÁÐUR 1398 KR.KG

**398** kr. 400g
MERRILD **Specialristed kaffe**

**198** krónur 300g
**Homeblest** kex 300g

**198** kr. 170g

**198** kr. 125g

6 FYRIR 4
**792** kr kippan

25 ára BÓNUS

ÞÚ KAUPIR FJÓRAR 2L PEPSI & FÆRÐ TVÆR 2L FRÍTT MEÐ

**198** kr. 1.5 ltr.

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

25 ára

Við eigum afmæli í apríl

BÓNUS 1989 - 2014

# BÓNUS 25 ára

Til hamingju! Þú hefur unnið 10.000 kr. GJAFAKORT
Upplýsingar á skrifstofu Bónus í síma 527 9000.

# Leynist glaðningur?

Leynist glaðningur í Bónus 1 kg. egginu þínu ?
100 stk. af 10.000 kr. úttektarkorti í Bónus
eða 25 stk. Dolse Gusto kaffivélar

1998 kr. 1 kg.

Gleðilega páska

459 kr. 170g.
Bónus Hangiálegg

198 kr. 1 kg.
Bónus kornbrauð 1 kg.

TILBÚNIR BÓNUSRÉTTIR SEM AÐEINS ÞARF AÐ HITA UPP HEIMA: FYRIR 3-4

998 kr. bakkinn

1. KJÚKLINGA HEILSURÉTTUR
2. KJÚKLINGUR OG NÚÐLUR
3. MEXÍKÓSKT BURRITOS
4. ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
5. PASTA CARBONARA
6. ÍTALSKT LASAGNE

359 kr. 2 ltr.
Bónus ís 3 teg. 2 ltr.

159 kr 5 stk.

159 kr 4 stk.

120 gramma hamborgari í brauði aðeins 200 KR

398 kr. 125g
BÓNUS FERSKT LAMBHAGASALAT 125g
Íslensk vistvæn ræktun - Betra bragð

359 kr 10 stk.
Bónus Pylsubrauð 5 stk
Bónus Pylsur 10 stk 485g

1598 kr 10 stk. 120g
Kjarnafæði Frosnir nautgripaborgarar 120g
Bónus XL hamborgarabrauð

BÓNUS GRÍSAKÓTILETTUR & GRÍSAHNAKKI

1259 krónur kg.
BÓNUS Kryddaðar grísakótilettur

1259 krónur kg.
BÓNUS Kryddaðar úrb. grísahnakkasneiðar

359 kr 15 stk.
Bónus Kleinur 15 stk.

359 kr 500g.

SALERNISPAPPÍR 9 rúllur MJÚKUR
698 kr. 9 stk.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30



2 | KL. 19:45
**Spurningabomban**
Logi Bergmann fær til sín frábæra gesti í þessum stórskemmtilega spurningaþætti.

# Skemmtilegt föstudagskvöld



2 | KL. 19:20
**The Simpsons**
Bráðfyndin teiknimyndasería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.



2 | KL. 20:35
**Men In Black II**
Bráðskemmtileg ævintýramynd með Will Smith og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**The Place Beyond The Pines**
Dramatísk spennumynd með Ryan Gosling, Bradley Cooper og Eva Mendes í aðalhlutverkum.



3 | KL. 20:15
**Community**
Önnur gamanþáttaröðin um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögfræðiréttindi sín og neyðist til að setjast á skólabekk á ný.



3 | KL. 20:35
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 4 | 8 | | | | | |
| | | | | | | | | 1 |
| | 6 | 3 | 7 | 9 | | | | |
| 9 | | | 1 | 5 | | 2 | 4 | 3 |
| 2 | 8 | | 6 | | | | 7 | |
| | | 5 | 9 | | | 1 | 6 | |
| | | | 2 | 6 | | 4 | | |
| 4 | 2 | 9 | | 8 | | | | |
| | | 8 | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 1 | | | 3 | | | |
| | | 3 | | | | | 1 | 5 |
| 4 | 7 | | | 6 | 1 | | | |
| | | | 6 | 7 | 2 | | | 1 |
| | | | | 4 | | | | |
| | 8 | | 3 | 1 | | | 7 | |
| 6 | | | | | 8 | 5 | | 7 |
| | | | 4 | | | 9 | 2 | |
| 9 | | 5 | 2 | | | | 8 | 6 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 8 | 7 | | 6 | | | |
| 5 | 6 | 4 | 8 | | | 3 | | 2 |
| 7 | | | | | | | | |
| | | 7 | | | | 1 | | |
| | 4 | | | 2 | | 9 | | |
| | 1 | | 3 | | | | 4 | |
| | | | 4 | | 3 | 6 | 9 | |
| | | 6 | | | 9 | | | |
| 4 | | | 6 | | | | 3 | 5 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 9 | 3 | 4 | 6 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 2 | 3 | 5 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 6 |
| 6 | 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 3 | 1 | 8 | 4 |
| 3 | 8 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 7 | 5 |
| 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 2 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 |
| 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 4 | 1 | 3 | 5 | 2 | 7 | 8 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 1 | 3 | 2 | 7 |
| 3 | 1 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 8 | 9 |
| 2 | 9 | 5 | 3 | 7 | 8 | 6 | 4 | 1 |
| 6 | 5 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 3 | 5 | 1 | 9 | 8 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 5 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 7 | 2 | 6 |
| 5 | 7 | 9 | 6 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 6 | 4 | 9 | 5 |
| 4 | 6 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 6 | 2 | 3 | 4 | 9 |
| 6 | 3 | 2 | 9 | 4 | 1 | 5 | 8 | 7 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 3 | 5 | 2 | 6 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Hver manneskja þarf að lifa sínu lífi sem fyrirmynd fyrir aðra.“**

*Rosa Parks*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** sæti, **6.** þys, **8.** hvers vegna, **9.** duft, **11.** öfug röð, **12.** dótarí, **14.** hökutoppur, **16.** átt, **17.** af, **18.** trjátegund, **20.** bardagi, **21.** sjá eftir.

**LÓÐRÉTT 1.** vesaldómur, **3.** skammstöfun, **4.** svelgja, **5.** pfn., **7.** sérgrein, **10.** rúm ábreiða, **13.** gras, **15.** gætt, **16.** andmæli, **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** ýs, **8.** hví, **9.** mél, **11.** on, **12.** drasl, **14.** skegg, **16.** nv, **17.** frá, **18.** eik, **20.** at, **21.** iðra.

**LÓÐRÉTT: 1.** eymd, **3.** eh, **4.** svolgra, **5.** sín, **7.** sérsvið, **10.** lak, **13.** sef, **15.** gátt, **16.** nei, **19.** kr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Jón Kristinn Þorgeirsson (1.883) tefldi við Tómas Veigar Sigurðarson (1.954) á Skákþingi Norðlendinga fyrir skemmstu.**

**Hvítur á leik:**



28. Bxg7! Hfc8 (28.… Kxg7 29. Hg3+ Kh8 30. Dd4+ f6 31. Dxc5) 29. Hg3 f6 30. f5 Db6 31. Bxf6+ Kf7 32. Bd4 Hc2 33. De3 Dd6 34. Hg7+ Kf8 35. f6 og hvítur vann skömmu síðar. Jón Kristinn varð skákmeistari Norðlendinga.

**www.skak.is** Þrír efstir á öðlingamóti.

# HJÓLADAGUR

## SUZUKI Í SKEIFUNNI 17

### OPIÐ Á LAUGARDAG FRÁ KL. 13–16

- 15% AFSLÁTTUR AF NÝJUM EFTIRÁRS MÓTORHJÓLUM OG ÖÐRUM VÖRUM Í BÚÐINNI.
- SÖLUMENN OKKAR VERÐA Í SÉRLEGA GÓÐU SKAPI MEÐ AFSLÆTTI Á NOTUÐUM HJÓLUM.
- HAYABUSA ICELAND, GAFLARAR OG FLEIRI HJÓLAKLÚBBAR MÆTA Á SVÆÐIÐ MEÐ SÍN HJÓL.
- STARFSFÓLK Á VERKSTÆÐI VEITIR RÁÐLEGGINGAR.
- BÍLASÝNINGARSALUR SUZUKI OPINN.
- KAFFI OG MEÐLÆTI Í BOÐI.

SANNIR HJÓLAUNNENDUR MISSA EKKI AF ÞESSU!

HJÓLAÐU VIÐ Í SUZUKI OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ



SUZUKI Way of Life!

Skeifan 17, 108 Reykjavík Sími 568 5100

PIPAR\TBWA • SÍA • 140966

# Rússnesk sönglög og íslenskur vornæturóður

Fyrstu vortónleikar Karlakórs Reykjavíkur á þessu ári verða í Langholtskirkju næsta mánudag og svo verður haldið áfram.

Væntanlegt söngferðalag Karlakórs Reykjavíkur til Pétursborgar síðar á árinu litar dagskrá vortónleika hans sem nú eru að bresta á. Þar verða rússnesk lög sungin en líka íslensk og annarra þjóða.

Titill tónleikanna, Kom vornótt og syng, er sóttur í kvæði eftir Jón frá Ljárskógum sem sungið er við lag eftir Frédéric Chopin. Jóns verður minnst sérstaklega á tónleikunum þar sem öld er liðin frá fæðingu hans. Hann léði Karlakór Reykjavíkur rödd sína á fjórða áratug síðustu aldar en er þekktastur fyrir söng sinn í MA-kvartettinum. Einsöngvarar á tónleikunum eru tveir. Annars vegar Natalía Druzin Halldórsdóttir mezzósópran sem er af rússneskum ættum og hins vegar Benedikt Gylfason drengjasópran.

Anna Guðný Guðmundsdóttir er við flygilinn og stjórnandi kórsins er Friðrik S. Kristinsson.

Tónleikarnir verða í Langholtskirkju þrjú fyrstu virku kvöld næstu viku klukkan 20 og þeir síðustu laugardaginn 12. apríl klukkan 15.

gun@frettabladid.is



**KARLAKÓR REYKJAVÍKUR** Kórinn minnist Jóns frá Ljárskógum á vortónleikunum í Langholtskirkju, vegna aldarafmælis hans. MYND/ÚR EINKASAFNI



**NANNA LIND OG EIRÍKUR ÖRN** „Einn góður vinur safnsins benti okkur á í morgun að við værum hér með eintak af Grútarbiblíunni,“ segir Nanna Lind glaðlega. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# Bók bókanna sýnd í ýmsum útgáfum

Ævafornar biblíur sem Amtsbókasafninu á Akureyri hafa áskotnast í tímans rás eru nú til sýnis á safninu. Þær eru gersemar sem gaman er að skoða.

„Við fórum djúpt í okkar innstu geymslur og tókum fram nokkra forna dýrgripi. Það er einkum bók bókanna, Biblían, í útgáfum fyrri alda. Þær hafa aldrei verið sýndar en okkur datt í hug að draga þær fram í tilefni af páskunum meðal annars.“ Þetta segir Nanna Lind Svavarsdóttir, verkefnisstjóri á Amtsbókasafninu, sem ásamt Eiríki Arnari Magnússyni hefur unnið þar að uppsetningu sýningar.

„Hér má sjá prentgripi frá því um 1500 og fram til 1900 – stórar og fallegar bækur og ótrúlega vel varðveittar, margar hverjar. Einn góður vinur safnsins benti okkur á í morgun að við værum hér með eintak af Grútarbiblíunni,“ segir hún glaðlega. „Þessi fimmta útgáfa biblíunnar á íslensku er ýmist kölluð Grútarbiblían eða Hendersonsbiblían. Fyrra nafnið er þannig til komið að Harmljóðin eru í þessari útgáfu kölluð „Harmagrútur Jeremiæ“, í stað „Harmagrátur Jeremiæ“!

Nanna segir flestar bókanna prentaðar í Kaupmannahöfn en nokkrar á Hólum í Hjaltadal frá 1637-1753, meðal annars biblía Þorláks Skúlasonar frá 1637. „Ein biblían er prentuð í Skálholti 1686 og önnur í Viðeyjarklaustri 1841 en sú yngsta í Prentsmiðju Íslands í Reykjavík 1859.“

Innan um bækurnar eru nokkrir kirkjumunir, sumir úr einkaeigu en aðrir fengnir að láni frá Minjasafninu á Akureyri, að sögn Nönnu. „Hingað kemur margt fólk daglega og sumir koma gagngert til að kíkja á sýninguna. Öllum finnst merkilegt að sjá svona gamlar bækur og krakkar staldra til dæmis við.“

Sýningin er opin á afgreiðslutíma safnsins, frá 10 til 19 virka daga og laugardaga frá 11 til 16.

gun@frettabladid.is

# Kvikmyndin og verkin mynda eina heild

Sýning á verkum Hreins Friðfinnssonar verður opnuð á morgun í Nýlistasafninu, en hún er jafnframt sú síðasta sem haldin verður í gömlu kexverksmiðjunni.

Sýning á verkum myndlistarmannsins Hreins Friðfinnssonar verður opnuð í Nýlistasafninu á Skúlagötu á morgun klukkan fimm. Sýningin samanstendur af verkum Hreins auk kvikmyndar um líf hans og list, sem heitir Æ ofan í æ, í leikstjórn þeirra Ragnheiðar Gestsdóttur og Markúsar Þórs Andréssonar sem eru jafnframt sýningarstjórar sýningarinnar.

„Við unnum kvikmyndina þannig að ákveðin verk úr ferli Hreins eru notuð eins og hvatar að sögum í atburðarásinni. Þannig að kvikmyndin og sýningin mynda eina heild á Nýlistasafninu. Þarna eru bæði verk sem koma fyrir í myndinni en líka önnur verk sem bæði kallast á við heim kvikmyndarinnar og svo glæný verk sem Hreinn hefur unnið sérstaklega inn í rýmið hér,“ segir Ragnheiður. „Myndin og verkin á sýningunni verða þannig í samtali og kallast á,“ en kvikmyndin verður svo sýnd á klukkutíma fresti í sérstöku rými á sýningunni.

„Nýlistasafnið er á Skúlagötunni þar sem Kexverksmiðjan Frón var til margra ára, rýmið er hrátt og svolítið frekt en Hreinn hafði strax áhuga á að vinna sérstaklega með gólfið sem er flísalagt, þannig að nýju verkin hans eru unnin beint inn á þetta gólf,“ segir Ragnheiður.

„Þetta verður líka tímamótasýning vegna þess að þetta er síðasta sýningin sem verður haldin á vegum Nýlistasafnsins í þessu rými. Safnið neyðist til þess að flytja sökum talsverðar hækkunar á leiguverði og það ríkir mikil óvissa um næsta aðsetur safnsins. Það vakti að sjálfsögðu strax áhuga Hreins, þessi hugmynd um að vinna með eitthvað sem er að hverfa eða breytast,“ bætir Ragnheiður við.



**SÝNINGARSTJÓRARNIR** Ragnheiður og Markús Þór með verk eftir Hrein Friðfinnsson, Tvennt frá árinu 1974, úr safneign Nýlistasafnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á Listahátíð verður sérstök dagskrá í kringum sýninguna. „Þá kemur gjörningalistamaðurinn Magnús Logi Kristinsson, sem leikur eitt aðalhlutverkið í myndinni, til landsins og flytur gjörning. Svo munum við setja upp nýtt vídeóverk sem Magnús og Hreinn gerðu saman og kallast að einhverju leyti á við okkar kvikmynd, okkur hálfvegis grunar að þeir hafi verið að gera grín að okkur þar. Auk þess verða valin vídeóverk eftir Hrein á dagskrá eitt kvöldið og á síðasta degi sýningarinnar, þann fimmta júní, verður haldið á safninu sjónþing um kvikmyndina og verkin hans Hreins og samhengið þar á milli.“

olof@frettabladid.is

> **Rýmið er hrátt og svolítið frekt en Hreinn hafði strax áhuga á að vinna sérstaklega með gólfið sem er flísalagt, þannig að nýju verkin hans eru unnin beint inn á þetta gólf.**
>
> *Ragnheiður Gestsdóttir myndlistarmaður og leikstjóri*

**HVAR?** Nýlistasafnið, Skúlagötu
**HVENÆR?** Á morgun kl. 17.
**HVERJIR?** Sýning á verkum Hreins Friðfinnssonar.




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVARPIÐ FM 98.9

HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

BYLGJAN 989




# Hver tekur græna jakkann?

Nú styttist í einn vinsælasta íþróttaviðburð og fyrsta risamót ársins. Bestu kylfingar heims keppa um þann heiður að klæðast græna jakkanum á hinum sögufræga Augusta National. Masters-mótið verður í beinni útsendingu alla fimm keppnisdagana á Golfstöðinni.
**Enginn golfáhugamaður má missa af þessum stórviðburði!**

**BEINAR ÚTSENDINGAR FRÁ MASTERS 2014**

| | |
|---|---|
| **9. apríl** | 19.00 – 21.00 (par-3 keppnin) |
| **10. apríl** | 19.00 – 23.30 |
| **11. apríl** | 19.00 – 23.30 |
| **12. apríl** | 19.00 – 23.00 |
| **13. apríl** | 18.00 – 23.00 |

Birgir Leifur og Þorsteinn Hallgrímsson lýsa Masters.




**Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!**
Golfstöðin, internet og heimasími í 3 ár frá aðeins 2.990 kr. á mánuði.
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**Frá 2.990 kr. + 0 kr.** ef þú ert með Stóra pakkann eða Sportpakkann.
4.990 kr ef þú ert með Skemmtipakkann.
5.990 kr. ef þú ert ekki með neina áskrift fyrir.
Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Golfstöðinni. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Nú fylgir net og heimasími með áskrift af Golfstöðinni!

180.000 kr. sparnaður á 36 mánuðum

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

Markhönnun ehf

# netto Danskir dagar!



-30%

**GRÍSASKANKAR**
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 698~~
**489,-**



-40%

**GRÍSAHRYGGUR**
PURUSTEIK-ÚRBEINUÐ
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 2.298~~
**1.379,-**



-42%

**SVÍNASÍÐA MEÐ PURU**
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 1.698~~
**985,-**



-40%

**BAYONNESKINKA**
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 1.992~~
**1.195,-**

KJÖTSEL




**KJÚKLINGAPOPP**
DANPO-240 G/PK
FROSIÐ
**VERÐ PER PK**
**498,-**




**KJÚKLINGABORGARAR**
DANPO-240 G/PK
FROSIÐ
**VERÐ PER PK**
**498,-**




**CORDON BLEU**
DANPO-240 G/PK
FROSIÐ
**VERÐ PER PK**
**598,-**




**KJÚKLINGANAGGAR**
DANPO-320 G/PK
FROSIÐ
**VERÐ PER PK**
**598,-**

Danpo

*Danskir dagar!*




**ARLA BUKO**
3 TEGUNDIR
**VERÐ PER PK**
**VERÐ FRÁ**
**382,-**




**SNOFRISK**
125 G
**VERÐ PER PK**
~~ÁÐUR 498~~
**423,-**




**COCIO**
SÚKKULAÐIMJÓLK 250 ML
**VERÐ PER STK**
**199,-**

**Tilboðin gilda 3 – 6. apríl 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



















FINTHAKKET SKINKESALAT
175 G
389 KR STK



ÆGGESALAT
175 G
298 KR STK



KYLLING&BACON SALAT
175 G
398 KR STK



REJE SALAT
175 G
389 KR STK






MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA DÖNSKUM KJÖTVÖRUM FRÁ TULIP

# KEPPA UM ÁHORFENDAVERÐLAUN

Sjö íslenskar stuttmyndir verða sýndar í Bíói Paradís á Reykjavík Shorts & Docs Festival sem haldin er í tólfta sinn á laugardaginn.



**LEITIN AÐ LIVINGSTONE** segir frá Þór og Denna sem leggja af stað í leiðangur um Suðurlandið í leit að tóbaki en allt tóbak í borginni er uppurið vegna verkfalls opinberra starfsmanna. Áhorfandinn kynnist þessum kláru en klaufalegu félögum á ferðalaginu og örvæntingarfullri leit þeirra að tóbaki, sem þeir trúa stöðugt að sé handan við hornið. Leikstjóri er Vera Sölvadóttir.



**TOOTH FOR A TOOTH** Ung stúlka er numin á brott gegn vilja sínum og bundin við stól á ókunnugum stað. Yfirheyrsla hefst og smám saman, fara hlutirnir að skýrast á sársaukafullan hátt. Leikstjóri er Aríel Jóhann Árnason.



**THE GOSPEL** Sigfús er ungur trúleysingi. En einn daginn vaknar hann upp við textaskeyti sem virðist koma frá Guði sjálfum. Daginn eftir byrjar hann að sjá undarleg skilaboð allt í kringum hann, sem virðast koma frá Guði. Leikstjóri er Atli Sigurjónsson.





**GLÁMA** Kokkur er ráðinn til að elda í stórri veislu í afskekktu sumarhóteli að vetri til á Vestfjörðum. Þegar þangað er komið áttar hann sig fljótlega á því að ekki er allt með felldu og fljótlega fara ýmsir undarlegir atburðir að gerast. Leikstjóri er Baldur Páll Hólmgeirsson.



**EYLIEN** Magnús er einstæður faðir. Dóttir hans Sóley elskar geimverur. Magnús þarf að fara óhefðbundnar leiðir til að segja dóttur sinni frá breytingum sem eru í vændum sem munu hafa mikil áhrif á líf þeirra. Leikstjóri er Gunnar Gunnarsson.



**GABRIELLA** Myndin fjallar um Gabriellu sem er að reyna að finna sjálfa sig á ný. Hún þarf að horfast í augu við fortíðina svo hún geti orðið hún sjálf aftur. Leikstjórar eru Gunna Helga Sváfnisdóttir og Sigga Björk Sigurðardóttir.

**SKER** Sönn saga um kajakræðara sem fer í siglingu á Vestfjörðum og rær að skeri. Hann ákveður að leggja kajaknum og fara á skerið en kemst fljótlega að því að það var kannski ekki svo góð hugmynd. Leikstjóri er Eyþór Jóvinsson.

# FÖSTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Sýningar

**17.00** Sýningin Stórt/smátt fljúgum hærra verður opnuð í dag í Listasal Mosfellsbæjar klukkan 17.00. Verkin eru eftir nemendur úr framhaldshópum Myndlistarskóla Mosfellsbæjar undir leiðsögn Önnu Gunnlaugsdóttur og Soffíu Sæmundsdóttur. Sýningin er opin á afgreiðslutíma Bókasafns Mosfellsbæjar klukkan 12 til 18 virka daga og 12 til 15 á laugardögum. Sýningin stendur til 23. apríl 2014. Aðgangur ókeypis.

**17.00** Þórdís Erla Zoëga opnar einkasýninguna Órókræn rannsókn í Símsalnum í dag klukkan 17.00 til 19.00. Titillinn á sýningunni vísar í áhuga Þórdísar á óuppgötvuðum lífformum og þróunarkenningum.

**20.00** Þungarokkararnir í Skálmöld ætla að henda leikmyndunum út af Stóra sviði Borgarleikhússins, rífa gat á búninginn hjá leikurunum og hækka í Marshall-mögnurunum. Skálmöld og listafólk Borgarleikhússins taka höndum saman og magna upp norrænan seið með vænum skammti af þungarokki maríneruðum í leikhúsinu. Sagan er Baldur, sem Skálmöld rakti svo listilega á samnefndum diski sveitarinnar og gerði hálfa þjóðina að þungarokkurum. Sýningin hefst klukkan 20.00 í Borgarleikhúsinu.

### Hátíðir

**16.00** Sauðfjárbændur fjölmenna í höfuðstaðinn í dag til þess að halda aðalfund og árshátíð Landssamtaka sauðfjárbænda. Af því tilefni bjóða þeir gestum og gangandi til mannfagnaðar á KEX Hosteli á Skúlagötu 28 milli klukkan 16.00 og 18.00. Þar munu þaulvanir rúningsmenn kynna verklagni sína og keppa um Gullklippurnar.

### Dansleikir

**21.30** Afríka 20:20 stendur fyrir afrísku dúndurballi í Iðnó í kvöld. Húsið verður opið klukkan 21.30 til 02.00. Dans við vinsæl dægurlög frá Afríku sunnan Sahara í boði DJ Kito frá Mósambík. Sérstakir gestir eru The Bangoura Band og Cheick og félagar frá Conakry í Gíneu slá trommur.

### Uppistand

**20.00** Bandaríski uppistandarinn Jim Gaffigan hefur vakið mikla eftirtekt síðastliðin ár, er orðinn gríðarlega vinsæll í heimalandi sínu og vel þekktur um allan heim. Hann er þekktastur fyrir að gera óspart grín að löndum sínum og þeirra venjum. Hvort sem það varðar hamborgaraát á McDonalds, beikonvæðingu þjóðarinnar eða trúmál, þá lætur Gaffigan allt flakka. Uppistandið hefst klukkan 20.00 í Háskólabíói.

### Tónlist

**12.00** Í dag mun Óp-hópurinn flytja tónlist úr óperunni Hans og Grétu eftir Humperdinck á hádegistónleikum í Háteigskirkju. Flutt verða valin atriði úr óperunni sem hópurinn setti upp í Salnum í Kópavogi í mars. Á milli atriða verður sagt frá tónlistinni, söguþræði og öðru skemmtilegu sem tengist óperunni eða uppsetningu hópsins nú í mars. Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og taka um hálfa klukkustund. Aðgangseyrir er 1.000 kr. Frítt er inn fyrir börn,12 ára og yngri.

**12.00** Hádegistónleikaröð Tónlistarfélags Akureyrar, Föstudagsfreistingar, er löngu orðin þekkt meðal Akureyringa. Að þessu sinni koma fram Þórhildur Örvarsdóttir söngkona og Pálmi Sigurhjartarson píanóleikari. Á tónleikunum flétta þau saman bæði vel þekktum og minna þekktum lögum úr kvikmyndum frá ýmsum tímum auk þess að gefa smá dæmi af þeirri kvikmyndatónlist sem Þórhildur hefur sjálf flutt síðustu ár.



**20.00** Nemendur tónlistaskóla FÍH eru búnir að vinna hörðum höndum að diskósjói undir leiðsögn Eyþórs Gunnarssonar. Fluttir verða diskósmellir sem allir kannast við. Tónleikarnir fara fram klukkan 20.00 í hátíðarsal tónlistarskóla FÍH í Rauðagerði 27.

**20.00** Björgvin Halldórsson og Bubbi Morthens munu halda sameiginlega tónleika í Hörpu í kvöld og hefjast þeir klukkan 20.00. Þessir tveir mikilvirkustu og vinsælustu söngvarar landsins, sem stundum hafa eldað saman grátt silfur, munu slíðra sverðin og ganga til leiks í sameiginlegri ást sinni á tónlistinni, hvort heldur það eru dægurvísur, sveitasöngvar eða rokk og ról. Þeir munu syngja sín eigin lög og lög hvor annars og saman flytja marga eðalsteina úr söngbókinni.

**21.00** Hljómsveitin Elín Helena sendi frá sér nýja breiðskífu fyrr í vikunni og ætla að halda upp á útgáfuna með veglegum tónleikum á Bar 11 og þeim til liðsinnis verður hljómsveitin Muck sem stefnir einmitt á að gefa út plötu fljótlega. Húsið verður opnað klukkan 21.00 og tónleikarnir hefjast um 22.00. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Reykjavíkurdætur skemmta á Harlem klukkan 21.00 í kvöld og mun DJ Sunna BEN hita upp svellkaldan lýðinn með ómótstæðilegri músík. Reykjavíkurdætur ætla að frumflytja nýtt lag.

**22.00** Frá því að fyrsta plata Helga Björns og Reiðmanna vindanna kom út hafa þeir notið dálætis þjóðarinnar með því að sækja í sönglagaarfinn, fríska upp á gamla gimsteina sem þjóðin hefur sungið í gegnum árin og blanda saman gömlum hesta- og útilegusöngvum, við dægurlög sem eiga sérstakan sess í þjóðarsálinni. Tónleikar Reiðmanna vindanna hefjast klukkan 22.00 á Græna Hattinum á Akureyri.

**22.00** Skúli mennski og hljómsveit skemmta á Café Rosenberg í kvöld og hefjast tónleikarnir klukkan 22.00.

**23.00** Pálmi Hjaltason og gestir skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, í kvöld og hefst skemmtunin klukkan 23.00. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**08.30** Seed Forum Iceland verður haldið í dag klukkan 08.30 í Arion banka, Borgartúni 19. Dagskráin er glæsileg, áhugaverðir fyrirlesarar og átta efnileg sprotafyrirtæki munu kynna hugmyndir sínar. Seed Forum Iceland er annars vegar vettvangur fyrir sprotafyrirtæki til þess að kynna sig fyrir fjárfestum, hins vegar er markmiðið að vekja athygli á mikilvægi sprotafyrirtækja á Íslandi.

**14.30** EDDA öndvegissetur við Háskóla Íslands, í samstarfi við utanríkisráðuneytið, stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um þátttöku kvenna í uppbyggingar- og friðarferlum er ber titilinn Addressing the Persistence of Gender Inequalities in Conflict Prevention and Peace Processes. Ráðstefnan verður haldin í dag og á morgun í Öskju, stofu 132, og fer fram á ensku. Fyrirlesturinn hefst klukkan 14.30.

**20.00** Klukkan 20.00 í kvöld heldur Halldór Haraldsson fyrirlestur um ævi og störf H.P. Blavatsky og lífspeki í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22. Þetta er fyrsti fyrirlesturinn í röð fyrirlestra í apríl um lífspekilegar kenningar.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Bændur rýja fé í borginni

Sauðfjárbændur landsins og þaulvanir rúningsmenn fjölmenna í höfuðstaðinn og bjóða til mannfagnaðar

„Það er aðalfundur fyrr um daginn og síðan keppa sex bændur á KEX Hosteli í rúningskeppni," segir Böðvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Kexland, en sauðfjárbændur fjölmenna í Reykjavík í dag til þess að halda árlegan aðalfund og árshátíð Landssamtaka sauðfjárbænda.

Að því tilefni bjóða þeir gestum og gangandi til mannfagnaðar á KEX Hosteli á milli fjögur og sex þar sem þaulvanir rúningsmenn munu kynna verklagni sína og keppa um Gullklippurnar.

„Gullklippurnar eru eins konar farandbikar," segir Böðvar en verðlaunin eru veitt þeim sem rýir með hvað mestum glæsibrag.

„Alveg tilvalið tækifæri fyrir fjölskyldur að koma með börnin og sýna þeim hvernig handtökin eru í sveitinni. Eina sauðféð sem sum börn hafa séð er bara í frystinum í Bónus."

Meðal gesta verður sauðfé frá Hraðastöðum í Mosfellsdal en því verður ekið í þar til gerðum sauðfjárvagni og mun dýralæknir sjá um að velferð dýranna sé í fyrirrúmi.

„Hér verða harmóníkuleikarar að spila og ýmislegt stuð," segir Böðvar, en rúið verður í portinu á KEX Hosteli og mun viðburðurinn hefjast klukkan fjögur. - bþ



**MIKIÐ STUÐ** Böðvar Guðjónsson segir að harmóníkuleikarar verði á staðnum.


SKORAÐU
ÞIG Á HÓLM
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ADIDAS VÖRUM TIL MÁNUDAGS
adidas
Fáðu aðstoð við valið á réttu Adidas vörunum handa þér. Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# LÍFIÐ

## Smekkbuxur eru komnar aftur

1 **Sarah Jessica Parker** í BlankNYC
2 **Diane Kruger** í MiH
3 **Alessandra Ambrosio** í Black Orchid
4 **Emma Watson** í Le Garcon
5 **Selena Gomez** í Black Orchid












## TÍST VIKUNNAR


**Hanna Eiríksdóttir**
@Hannaeir
2. apríl
Allavega einu sinni í viku gleymi ég að taka sokka með á æfingu og þarf að fara í sveittu æfingasokkunum í vinnuna. Yuck. #HannieMist


**Logi Bergmann**
@logibergmann
1. apríl
Er í alvöru einhver að horfa á Engla alheimsins á vod-inu en ekki United-Bayern?


**Bragi Valdimar**
@BragiValdimar
2. apríl
Sé að SDG er strax búinn að fá RT frá sjálfri heimspressunni. Er hann þá búinn að vinna Boladag? #boladagur


**Halldór Halldórsson**
@DNADORI
2. apríl
Að vera fullorðinn snýst um að vakna þunnur. Kreista hnefann. Þamba eina kók og carry on with life.


**Kristín Soffía**
@KristinSoffia
2. apríl
Það felast gríðarleg tækifæri í hlýnun jarðar. Það felast engin tækifæri í fækkun bílastæða í Borgartúni.


**Grímur Atlason**
@grimura
2. apríl
„Kristján Loftsson hjá Hval hf. segir ekkert nýtt í hótunum Barack Obama, forseta Bandaríkjanna.“ #priceless #hvenærkemurhlé

NIKITA × MORROW
LAGERSALA
LOKADAGAR!!!
VERÐDÆMI

| | |
|---|---|
| ÚLPUR | 6990 |
| JAKKAR | 3990 |
| GALLABUXUR | 2990 |
| KJÓLAR | 2990 |
| PEYSUR | 2990 |
| LEGGINGS | 1990 |
| TOPPAR/BOLIR | 990 |
| ATIKIN GALLABUXUR | 4990 |
| ATIKIN SKYRTUR | 2990 |
| ATIKIN PEYSUR | 2990 |

noland + morrow KRINGLUNNI • 3.HÆÐ • SÍMI 588 5777

ep!c
30%-80%
AFSLÁTTUR
VERSLUN FLYTUR
ep!c LAUGAVEGUR 56 • WWW.FACEBOOK.COM/VOLCOMICELAND


**FANGAR AUGNABLIKIN** GoPro-myndavélin þolir ýmislegt og virkar því vel þegar fanga á mikilfengleg augnablik í lífi okkar.

# GoPro-æðið mikla á Íslandi

GoPro-myndavélarnar eru geysivinsælar hér á landi og um heim allan. Einföld og hentug vél í hvað sem er.

„Þetta kom hingað til Íslands fyrir svona þremur til fjórum árum og varð strax mjög vinsælt,“ segir Hjörvar Freyr Hjörvarsson, vörustjóri tæknideildar Elko, en á Íslandi og um heim allan er mikið GoPro-myndavélaæði og ekki að ástæðulausu.

GoPro-myndavélar eru vatnsheldar, höggvarðar og einfaldar í notkun. „Þetta er lítil og meðfærileg tökuvél sem þolir ýmislegt. Hún þolir að fara á fjörutíu metra dýpi, er höggvarin og með góða linsu,“ segir Hjörvar Freyr um nytsemi vélarinnar.

Vélin, sem kom hingað til lands fyrir um fjórum árum, er hönnuð af manni að nafni Nick Woodman. Árið 2002 vildi hann taka upp myndband af sér á brimbretti við strendur Ástralíu en þá var erfitt að finna vél sem þoldi það að fara ofan í vatn og þess háttar.

Hægt er að festa GoPro-myndavélina á nánast allt, til dæmis hjálminn á meðan þú skíðar niður brekku eða hjólar í fjöllunum, á gæludýrið, á bílinn eða framan á kajakinn. „Þú getur notað þetta í nánast hvað sem er. Stórfyrirtæki eins og BBC eru farin að nota svona vélar. Þetta er líka mjög sniðugt fyrir þá sem eru ekkert of tæknivæddir því þetta er svo einfalt í notkun,“ bætir Hjörvar Freyr við.

GoPro Hero 3+ er nýjasta útgáfan, sem er í raun fjórða útgáfa vélarinnar. „Það eru svo til mismunandi útgáfur. Þetta kostar frá 40.000 krónum upp í 80.000 krónur. Við hjá Elko seljum mikið af þessu,“ segir Hjörvar Freyr.

Allar GoPro-vélarnar taka upp í HD gæðum en dýrari vélarnar taka upp í 4K-upptöku. 4K-upptakan er með um það bil fjórum sinnum meiri upplausn en Full HD.

gunnarleo@frettabladid.is



**HASAR** Hér er fjallgöngukappi að mynda ferð sína.

### Viltu hefjast handa?

Margar verslanir hér á landi selja GoPro-myndvélar og því auðvelt að nálgast vélina en hún kostar á bilinu 40.000 til 80.000 krónur hér á landi.

Vinsælir aukahlutir við GoPro-vélina eru til dæmis sogskálafestingar sem hægt er að nota við ýmis tilefni, höfuðólar sem eru hentugar fyrir þá sem eru í miklum hamagangi. Þá er einnig hægt að fá festingar fyrir hjálma, festingar fyrir bringu og handlegg.

Í raun eru möguleikarnir rosa miklir með GoPro-myndavélum. Þetta er tilvalin leið fyrir þá sem vilja fanga góð augnablik og leyfa öðrum að upplifa upplifun sína, til dæmis með því að festa vélina á höfuðið og skíða niður brattar brekkur og deila þar með upplifun sinni og reynslu í gegnum GoPro-vélina.



FRÁ ÞEIM SÖMU OG FRAMLEIDDU
HEIÐURSTÓNLEIKA FREDDIE MERCURY
Meat Loaf
BAT OUT OF HELL
TÓNLIST EFTIR JIM STEINMAN
VERÐUR FLUTT AF STÓRSKOTALIÐI
HLJÓÐFÆRALEIKARA OG SÖNGVARA
Á TÓNLEIKUM Í HÖRPU
BAT OUT OF HELL
MEST SELDA
ERLENDA PLATAN
FYRR OG SÍÐAR
Á ÍSLANDI !
BAT OUT OF HELL
TWO OUT OF THREE AINT BAD
PARADISE BY THE DASHBOARD LIGHT
YOU TOOK THE WORDS RIGHT OF MY MOUTH
(HOT SUMMER NIGHT)
HEAVEN CAN WAIT
FOR CRYING OUT LOUD
OG FLEIRI LÖG EFTIR JIM STEINMAN:
I'D DO ANYTHING FOR LOVE
ITS ALL COMING BACK TO ME NOW
TOTAL ECLIPSE OF THE HEART
HOLDING OUT FOR A HERO
MIÐASALAN HEFST
Í DAG KL. 12:00
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
ELDBORG 17. MAÍ KL. 20:00
MATTHÍAS MATTHÍASSON - STEFÁN JAKOBSSON - EIRÍKUR HAUKSSON
FRIÐRIK ÓMAR - DAGUR SIGURÐSSON - ERNA HRÖNN
HEIÐA ÓLAFS - STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR
BENEDIKT BRYNLEIFSSON TROMMUR - RÓBERT ÞÓRHALLSSON BASSI - ÞÓRIR ÚLFARSSON PÍANÓ -
KARL O. OLGEIRSSON HLJÓMBORÐ - KRISTJÁN GRÉTARSSON GÍTAR - EINAR ÞÓR JÓHANNSSON GÍTAR -
DIDDI GUÐNASON SLAGVERK - STEINAR SIGURÐARSON SAXAFÓNN
BÚNINGAMEISTARI: REBEKKA INGIMUNDARDÓTTIR - GERVI OG FÖRÐUN: SÓLVEIG BIRNA
HLJÓÐMEISTARI: HAFFI TEMPÓ - LJÓSAMEISTARI: AGNAR HERMANNSSON
RIGG Music & events
MIÐASALA HEFST Í DAG Á WWW.HARPA.IS OG Á midi.is FÖSTUDAGINN 4. APRÍL KL. 12:00
MIÐAVERÐ 4990/6990/8990
HARPA

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ













SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA | KL. 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| NOAH | KL. 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 3.30 | L |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 10.15 | 16 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIDE ALONG | KL. 8 - 10.15 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| NYMPHOMANIAC PART 2 | KL. 6 - 9 | 16 |
| HEILD | KL. 6 - 8 | L |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 - 9 - 10.15 | 7 |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL. 5.40 | L |

Miðasala á: eMiði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁS BÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓ







Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 3D | 5, 8, 10:45 | 12 |
| NOAH | 6, 8, 9, 10:45 | 12 |
| HNETURÁNIÐ 2D | 4, 6 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | 4 | L |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is
















SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 3 - 10:20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 VIP 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | VIP |
| NOAH | KL. 3 - 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 3 - 5:40 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 3 - 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:15 - 8 -10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 8 - 10:45 2D: 5:10 | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:45 | 16 |
| GAMLINGINN | KL. 5:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 10:45 2D: 6 - 9 - 11:45 | 12 |
| NOAH | KL. 8 -10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:45 | 12 |
| HNETURÁNIÐ ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |


# Á Bolungarvík

**BAKPANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Í apríl 2009 var ég á svipuðum stað og í dag að einu leyti. Mig langaði að skemmta mér um páskana og var ferð á tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður á Ísafirði efst á lista. Ég var ekki lengi að sannfæra þáverandi kærustu mína um að við skyldum skella okkur og á nokkrum dögum hafði myndast ellefu manna hópur, tvö pör auk sjö einhleypra snillinga. Eftirvæntingin var mikil. Fyrir vestan hitti maður svo auðvitað einvala lið fólks sem dansaði í takt við Hemma Gunn heitinn og fleiri góða sem trylltu lýðinn.

**FIMM** árum síðar er stefnan aftur sett á Ísafjörð en hlutirnir hafa svo sannarlega breyst. Sex af hinum þáverandi einhleypu sjö er búið að veiða í samband, margir hafa fjölgað mannkyninu, annað parið er hætt saman og hitt flutt til útlanda. Eftir stendur sá sem þetta skrifar í bullandi basli með að finna góðan ferðafélaga. Það er ekki oft sem skegglaus maður, nýkominn á fertugsaldurinn, upplifir sig sem „gamlan“. Sú var þó raunin þegar horft var fimm ár aftur í tímann þar sem við, unga fólkið á þrítugsaldri, skellti sér áhyggju- og ábyrgðarlaust vestur. Sem betur fer sá góður vinur minn, enn eldri, aumur á mér svo farið verður í veisluna fyrir vestan.

**FYRIR** utan félagsskapinn, tónlistina og bjórdrykkjuna stendur ýmislegt upp úr í ferðinni fyrir fimm árum. Þá helst að loksins lærði ég að nota forsetninguna í með staðarheitinu Bolungarvík. Það tókst heimakonu nokkurri í pottinum í Bolungarvík að stimpla inn í heila minn eftir erfiða fæðingu. Er engu logið til um að vinur minn, sem við sóttum heim í Víkina fögru, hafi verið farinn að óska eftir yfirvinnukaupi við að leiðrétta forsetningaval mitt.

**EFTIR** að hafa kjaftað aðra í kaf í pottinum og ítrekað verið leiðréttur fyrir ranga forsetningu missti konan sig og sagði grjóthörð: „Myndirðu segja á Reykjavík!“ Svör voru fá en lærdómurinn öllu meiri.



**ÍSLENSK HÖNNUN** Á markaðnum verða einnig föt úr þeirra eigin herrafatalínu til sölu.



**SPJÁTRUNGSLEGUR** Fötin henta ungum sem öldnum herramönnum. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

# Spjátrungar selja föt

## Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar heldur fatamarkað á KEX þar sem gamlar gersemar úr versluninni verða til sölu ásamt fötum úr einkasafni starfsmanna

„Við verðum með ýmsar gamlar gersemar úr herrafataversluninni,“ segir Ragnar Ísleifur Bragason, starfsmaður og svonefndur smávörukóngur Herrafataverslunar Kormáks og Skjaldar. Verslunin undirbýr nú sinn þriðja fatamarkað á KEX Hosteli næstkomandi laugardag klukkan 12.

„Föt úr einkasafni starfsmanna verða einnig til sölu, en þar kennir ýmissa grasa,“ segir Ragnar og bætir því við að starfsmenn verslunarinnar séu einstaklega smekklega til fara. „Þeir hafa verið að sanka að sér vönduðum fatnaði í gegnum árin,“ segir Ragnar. „En allt hefur sinn tíma og þeir hafa ákveðið að leyfa öðrum að njóta klæðanna.“

„Það hefur alltaf verið mikil umferð fólks,“ segir Ragnar, en þegar piltarnir opnuðu dyrnar að markaðnum í fyrra var töluverður hópur fólks mættur á svæðið.

„KEX er líka svo góður vettvangur fyrir markaðinn þar sem staðurinn er svo nálægt versluninni,“ segir Ragnar. „Það þarf ekki að flytja fötin langt.“

Ragnar segir verðbilið vera mjög lágt miðað við gæði fatnaðarins. „Við erum að selja vörur frá eitt þúsund og upp í svona fimmtán þúsund krónur,“ segir Ragnar.

Ef marka má orð um smekkvísi starfsmanna verslunarinnar þá verður ýmislegt að finna á markaðnum. „Þetta eru ljúfir strákar með húmorinn í lagi,“ segir Ragnar.

liljakatrin@frettabladid.is

### Herrafatamarkaður

**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28.
**Hvenær?** Kl. 12-17, laugardaginn 5. apríl.



**HRESSIR** Ragnar Ísleifur Bragason.

„Það virðist vera mikill spenningur fyrir þessu enda hefur alltaf gengið afskaplega vel,“ segir Ragnar sem segir Kormák og Skjöld vera landi og þjóð þakklátir fyrir þær viðtökur sem markaðurinn hefur nú þegar hlotið.







FÖSTUDAGUR 4. APRÍL
18:00 Marie Krøyer, Danmörk (2012)
20:00 Pionér, Noregur (2013)

Allar kvikmyndirnar eru sýndar með enskum texta og er frítt inn á hátíðina.

Nánari upplýsingar á norraenahusid.is.

ÍSLANDS BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



Buxna-dagar
Buxur á rugl verði
Merkjavörur frá: Deres SMASH galleri sautján COMPANYS URBAN
Bolur: 3.000.-
carhartt
Allar Buxur:
7.000.-
DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING
DIESEL buxur: 4.000.-
Allar 5 Units buxur: 4.000.-
Humör
Allar Humör buxur: 6.000.-
CHEAP MONDAY
Allar Cheap Monday: 4.000.-
G-STAR RAW
7.000.-
Bolur: 3.000.-
Allar 5 Units buxur:
4.000.-
Sokkar 3 í pk: 1000,-
Allir hlýrabolir: 1000,-
Mikið úrval af sólgleraugum:
1000,-
Stútfull verslun af flottri merkjavöru...
Sendum í póstkröfu
+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna
Opið alla helgina
OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook
OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977



KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
FRÁBÆRT VERÐ!
ÍSLENSKT
1398 kr. kg
Krónu Hamborgarhryggur
31% afsláttur
1498 kr. kg
Verð áður 2147 kr. kg
Grísalundir
GRÍSAKJÖTS-ÚTSALA
25% afsláttur
30% afsláttur
23% afsláttur
749 kr. kg
Verð áður 998 kr. kg
Grísasíður pörusteik
1189 kr. kg
Verð áður 1698 kr. kg
Grísahnakki úrbeinaðar sneiðar
998 kr. kg
Verð áður 1298 kr. kg
Grísahryggur m/pöru
26% afsláttur
25% afsláttur
20% afsláttur
1098 kr. kg
Verð áður 1498 kr. kg
Grísagúllas
1098 kr. kg
Verð áður 1469 kr. kg
Grísakótilettur
679 kr. kg
Verð áður 849 kr. kg
Grísahakk
Krónan Árbæ
Krónan Bíldshöfða
Krónan Breiðholti
Krónan Granda
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Lindum
Krónan Mosfellsbæ
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Vallakór
Krónan Akranesi
Krónan Reyðarfirði
Krónan Selfossi
Krónan Vestmannaeyjum
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

# Páskatvenna

4x2L Coke, Coke light eða Coke zero og Freyju rísegg nr. 4*







**1398 kr. tvennan**

Páskatvenna

* Gildir um 4x2L Coke®, Coke light® eða Coke zero® á meðan birgðir endast.

facebook.com/kronan.is



# 15% afsláttur af öllu kaffi

# KAFFI dagar

STANDA TIL 9. APRÍL

# KAFFILEIKUR

## Veglegir vinningar

6 x Dolce Gusto Piccolo kaffivél
1 x Dolce Gusto Circolo

Margar veglegar gjafakörfur frá Lavazza, BKI, Te & kaffi, Kaffitár og Gevalia

Kíktu á facebook-síðu Krónunnar til að taka þátt, dregið út daglega í heila viku!

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



**TVÖ STIG** Demond Watt Jr. skorar með sniðskoti í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KARLA

**UNDANÚRSLIT, 1. LEIKUR**

**KR - STJARNAN 94-91 (38-37)**

**KR:** Helgi Már Magnússon 27/7 fráköst, Demond Watt Jr. 19/18 fráköst/3 varin skot, Pavel Ermolinskij 16/11 fráköst/9 stoðsendingar, Brynjar Þór Björnsson 15, Martin Hermannsson 11, Darri Hilmarsson 6.

**Stjarnan:** Junior Hairston 24/14 fráköst/, Justin Shouse 18/7 stoðsendingar, Fannar Freyr Helgason 14/6 fráköst/5 stoðsendingar, Jón Sverrisson 11/4 fráköst, Marvin Valdimarsson 9/6 fráköst, Sigurður Dagur Sturluson 8, Björn Brynjólfsson 3/5 fráköst, Dagur Kár Jónsson 2, Sæmundur Valdimarsson 2.

### EVRÓPUDEILD UEFA

**8-LIÐA ÚRSLIT, FYRRI LEIKIR**

**AZ ALKMAAR - BENFICA 0-1**

Aron Jóhannsson var í byrjunarliðinu en Jóhann Berg Guðmundsson kom inn á sem varamaður.

**LYON - JUVENTUS 0-1**
**BASEL - VALENCIA 3-0**
**PORTO - SEVILLA 1-0**

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Er að uppskera eftir erfiðið

Alexander Petersson snýr aftur í íslenska landsliðið í dag eftir að hafa misst af EM í upphafi árs. Hann sér loksins fyrir endann á löngu bataferli vegna þrálátra axlarmeiðsla og vill eiga nokkur góð ár til viðbótar.

**HANDBOLTI** Alexander Petersson spilar sinn fyrsta landsleik í tæpt ár er Ísland mætir Austurríki í vináttulandsleik í Laugardalshöllinni. Þrálát axlarmeiðsli, sem ógnuðu ferli hans um tíma, hafa sett strik í reikninginn en vegna þeirra hefur hann misst af síðustu tveimur stórmótum með íslenska landsliðinu – HM á Spáni og EM í Danmörku.

Hann hefur náð sér vel á strik með Rhein-Neckar Löwen í vetur og gat nú gefið kost á sér í landsliðið á ný. Hann segir að fríið í upphafi árs hafi gert sér gott.

„Ég var með gott „prógramm“ í janúar og febrúar – lagði mikið á mig á hverjum degi og þetta er allt að koma hjá mér. Ég er að uppskera eftir erfiðið,“ sagði Alexander við Fréttablaðið í vikunni.



**KOMINN Á FULLT** Alexander á æfingu íslenska landsliðsins í Laugardalshöllinni í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Sleppti öllum kolvetnum

Hann þvertekur fyrir að hafa misst áhugann á því að spila með íslenska landsliðinu enda stefnir hann á að gera það næstu árin, á meðan heilsan leyfir.

„Mér finnst alltaf jafn gaman að koma aftur heim og hitta strákana. Það er allt öðruvísi að æfa með landsliði en félagsliði og ég vil spila ef ég get,“ segir hann.

Meðal þess sem Alexander hefur gert til að flýta bataferlinu er að taka mataræðið í gegn. „Ég hef skipt yfir í kolvetnasnautt mataræði og tel að það hafi hjálpað mikið. Ég borða því nóg af hollri fitu en sleppi kolvetnunum sem þýðir enginn bjór, hamborgari eða pitsa,“ segir hann í léttum dúr. „Ég held að þetta hjálpi til. Kannski er þetta bara í hausnum á manni en ef maður trúir því þá hjálpar það.“

Hann segist því vongóður um að komast aftur í toppform. „Ég er mun bjartsýnni en áður og sé nú fram á að geta haldið áfram að spila í nokkur ár til viðbótar.“

Alexander er samningsbundinn Löwen til 2015 en hefur ekkert rætt við félagið um nýjan samning. „Þeir vilja bíða og ég líka. Við ræðum við aftur saman í sumar og þá kemur þetta betur í ljós.“

### Aldrei upplifað annað eins

Þangað til verður nóg að gera hjá ljónunum en eftir landsleikjafríið tekur við þétt dagskrá þar sem tímabilið gæti ráðist hjá liðinu. Það byrjar á úrslitahelginni í þýska bikarnum en nokkrum dögum síðar tekur liðið á móti Kiel í toppslag þýsku úrvalsdeildarinnar. Að honum loknum er svo komið að fyrri leiknum gegn stórliði Barcelona í 8-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.

„Ég hef aldrei upplifað annað eins á mínum ferli en finnst þetta bara skemmtilegt. Markmiðið er að vinna þetta allt saman og vonandi verður niðurstaðan jákvæð eftir þessa viku.“ **eirikur@frettabladid.is**




TETRIZ ER MÁNAÐARLEGUR OLD SCHOOL HIP HOP ÞÁTTUR Í UMSJÁ BENNA B RUFF. FYRSTA FÖSTUDAG HVERS MÁNAÐAR KLUKKAN 12:00

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
X 97.7
SMASH



**FYRRVERANDI LANDSLIÐSFÉLAGAR** Aron Kristjánsson, þjálfari íslenska landsliðsins, með Patreki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Hljóðir í hestaferð

Patrekur Jóhannesson er með þétta dagskrá fyrir sína leikmenn í austurríska landsliðinu í handbolta.

**HANDBOLTI** Aldrei þessu vant þurfti Patrekur Jóhannesson ekki að fara út fyrir landsteinana til að sinna vinnu sinni sem landsliðsþjálfari Austurríkis en hann gat í þetta sinn tekið á móti liðinu hér heima. Ísland mætir Austurríki í Laugardalshöllinni í kvöld í fyrri vináttulandsleik liðanna en sá síðari fer fram í Ólafsvík á morgun.

„Þetta hafa verið mjög skemmtilegir dagar,“ sagði Patrekur sem tók á móti liðinu seint á mánudaginn. „Eftir góða æfingu um kvöldið og lyftingaæfingu á þriðjudagsmorgun förum við til Einars Bollasonar sem fór með liðið í hestaferð. Það var mjög skemmtilegt en margir strákanna höfðu aldrei farið á hestbak áður. Þeir voru mjög hljóðir til að byrja með og fylgdust sérstaklega vel með öryggismyndbandi sem var spilað áður en við lögðum í hann,“ segir Patrekur í léttum dúr.

Eftir túrinn fór hópurinn í Bláa lónið en gærdagurinn fór í æfingar og fundi.

„Ég fékk Jóhann Inga Gunnarsson, sem ég er svo lánsamur að þekkja vel, til að halda fyrirlestur fyrir strákana. Við eigum erfitt verkefni gegn Noregi [í undankeppni HM 2015] í vor og þá þarf hausinn að vera í lagi,“ segir Patrekur sem gaf strákunum sínum frí eftir morgunæfingu í gær.

Austurríki mætir hingað til lands með ungt en sterkt lið. Örfáa leikmenn vantar en Patrekur segist ánægður með hversu vel Íslandsferðin er að nýtast liðinu.

„Ég mun nota þessa leiki til að vinna bæði í okkar varnarleik og sóknarleik. Við notuðum 6-0 vörnina oftast á EM en erum líka með 5+1 vörn sem við komum til með að nota. Við munum svo líka æfa okkur í því að taka markvörðinn út af til að vera með aukamann í sókninni,“ segir Patrekur sem hlakkar til leiksins í kvöld.

„Ég syng þjóðsönginn hátt með liði andstæðinganna í kvöld en svo þegar leikurinn hefst þá skiptir ekkert annað máli.“

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.30 og svo aftur á morgun klukkan 16.00, þá í Ólafsvík. Síðast spilað Ísland landsleik þar í bæ fyrir ellefu árum er strákarnir gerðu jafntefli við Pólland, 28-28. **- esá**

# -SKÓSALA-

## 30% AFSLÁTTUR AF KULDASKÓM

### 20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÖÐRUM SKÓM



AFSLÁTTURINN GETUR NUMIÐ ALLT AÐ

# 80%

AF UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!*

*AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ NUMIÐ ALLT AÐ 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 19.45
**Spurningabomban**



Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvoru sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir og þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.



### Men in Black II
**STÖÐ 2 KL. 20.35** Bráðskemmtileg ævintýramynd frá 2002 með Will Smith og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum. Svartklæddu mennirnir eru mættir aftur þegar mannkynið er enn á ný í bráðri hættu.



### Wipeout - Ísland
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.05** Hér er á ferðinni bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða þraut á sem stystum tíma og reynir ekki aðeins á líkamlegan styrk heldur einnig kænsku, jafnvægi, snerpu og ekki síst heppni.



### Slaktaumatölt
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00** Bein útsending frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum. Að þessu sinni er keppt í slaktaumatölti. Telma Tómasson hefur umsjón með MD 2014 á Stöð 2 Sport.

### Bylgjan kl. 16.00
**Reykjavík síðdegis**

Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar.




# FRÉTTABLAÐIÐ
ER HELGARBLAÐIÐ



## BIÐIN EFTIR BARNI ERFIÐ

**Ásta Sól Kristjánsdóttir, Jessica Leigh Andrésdóttir** og **Berglind Ósk Birgisdóttir** tala um ófrjósemi og skilningsleysið í samfélaginu.



### Gefur brjóst í pásum
**Þórunn Arna Kristjánsdóttir** leikur Litla prinsinn átta vikum eftir að dóttirin fæddist. Það verður síðasta hlutverk hennar í Þjóðleikhúsinu því hún hefur skrifað undir samning við Borgarleikhúsið.

### Forsetakosningar í Afganistan
Forsetakosningar verða haldnar í Afganistan á laugardag. Þrátt fyrir efasemdir um gildi þeirra hefur kosningabaráttan verið býsna lífleg. Átta frambjóðendur sækjast eftir að taka við af Hamid Karzai.





### Fagurkerar á Stúdentagörðunum
Fréttablaðið heimsótti stúdenta sem hafa komið sér vel fyrir á fáum fermetrum þar sem hvert einasta rými er nýtt.

FRÉTTABLAÐIÐ
*Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Malcolm In the Middle**
**08.25 Kingdom of Plants**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Fairly Legal**
**11.05 Celebrity Apprentice**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Glee Project**
**13.45 Contact** Eleanor
**16.25 Mike and Molly**
**16.45 How I Met Your Mother**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons**
**19.45 Spurningabomban** Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvoru sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir og þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.
**20.35 Men in Black II**
**22.05 The Paperboy** Spennandi mynd frá 2012 með Zac Efron, Matthew McConaughey, Nicole Kidman og John Cusack í aðalhlutverkum. Sagan er byggð á sönnum atburðum og fjallar um blaðamann sem snýr aftur til heimabæjar síns í Flórída til að rannsaka morðmál og sanna sakleysi manns sem dæmdur var til dauða fyrir morðið.
**23.50 Die Hard 4. Live Free or Die Hard**
**01.55 The Dept**
**03.45 Contact** Eleanor

## SPORT
*besta sætið*

**07.00 KR - Stjarnan**
**13.10 Haukar - Snæfell**
**14.40 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - Atletico**
**16.20 AZ Alkmaar - Benfica**
**18.00 NBA. Bballography. Auerbach** Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.
**18.30 La Liga Report**
**19.00 Slaktaumatölt**
**22.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**23.00 Evrópudeildarmörkin 2013/2014**
**02.10 KR - Stjarnan**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.10 Sunderland - West Ham**
**12.50 Stoke - Hull**
**14.35 WBA - Cardiff**
**16.20 Premier League World**
**16.50 Messan**
**18.20 Swansea - Norwich**
**20.00 Match Pack** Vikulegur
**20.30 Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.30 Football League Show 2013/14**
**22.00 Arsenal - Man. City**
**23.40 Fulham - Everton**
**01.20 PL Classic Matches. Leeds - Man United, 2001**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Reykjavíkurrölt **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**12.35 Simpson-fjölskyldan**
**12.55 Friends**
**13.20 Mindy Project**
**13.40 Suburgatory**
**14.00 Glee**
**14.45 Hart of Dixie**
**15.25 Gossip Girl**
**16.10 The Carrie Diaries**
**16.50 Pretty Little Liars**
**17.35 Jamie's 30 Minute Meals**
**18.00 Raising Hope**
**18.20 The Neighbors**
**18.40 Cougar town 4**
**19.00 Top 20 Funniest**
**19.45 How To Make it in America** *(5:8)*
**20.15 Community** *(2:24)*
**20.35 American Idol** *(25:37)*
**20.55 Grimm** *(21:22)*
**21.35 Sons of Anarchy** *(1:13)*
**22.30 Memphis Beat**
**23.10 Dark Blue**
**23.50 Top 20 Funniest**
**00.35 American Idol**
**00.55 How To Make it in America**
**01.25 Community**
**01.45 Grimm**
**02.25 Sons of Anarchy**
**03.15 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Hvellur keppnisbíll **08.55** UKI **09.00** Brunabílarnir **09.22** Ævintýri Tinna **09.47** Hello Kitty **09.52** Tom and Jerry **10.00** Skógardýrið Húgó **10.23** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Hvellur keppnisbíll **12.55** UKI **13.00** Brunabílarnir **13.23** Ævintýri Tinna **13.45** Hello Kitty **13.53** Tom and Jerry **14.00** Skógardýrið Húgó **14.22** Latibær **14.46** Ævintýraferðin **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Hvellur keppnisbíll **16.55** UKI **17.00** Brunabílarnir **17.23** Ævintýri Tinna **17.45** Hello Kitty **17.53** Tom and Jerry **18.00** Skógardýrið Húgó **18.22** Latibær **18.46** Ævintýraferðin **19.00** Gnómeó og Júlía **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00 Strákarnir**
**18.30 Friends**
**18.55 Seinfeld**
**19.20 Modern Family**
**19.45 Two and a Half Men**
**20.05 Wipeout - Ísland** *(1:10)*
**21.00 Twenty Four** *(3:24)*
**21.45 World Without End** *(1:8)*
**22.35 It's Always Sunny In Philadelphia**
**22.55 Footballers Wives**
**23.45 The Practice**
**00.30 Wipeout - Ísland**
**01.25 World Without End**
**02.15 It's Always Sunny In Philadelphia**
**02.40 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**12.00 Chasing Mavericks**
**13.55 Spy Next Door**
**15.30 Straight A's**
**17.00 Chasing Mavericks**
**18.55 Spy Next Door**
**20.30 Straight A's**
**22.00 The Place Beyond the Pines**
**00.20 Special Forces**
**02.10 Private Lives of Pippa Lee**
**03.50 The Place Beyond the Pines**

## RÚV

**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Litli prinsinn**
**17.43 Hið mikla Bé**
**18.05 Nína Pataló**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Eldað með Ebbu**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.35 Skólahreysti** *(1:6) (Akureyri og Norðurland)* Í Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
**20.20 Landsleikur í handbolta** *(Ísland-Austurríki)* Bein útsending frá síðari hálfleik fyrri æfingalandsleiks Íslands og Austurríkis.
**21.00 Útsvar** *(Akranes - Reykjanesbær)* Spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**22.10 Fjórða gráðan** *(The Fourth Kind)* Dulmagnaður spennutryllir með Millu Jovovich í aðalhlutverki. Mynd sem af mörgum er sögð byggjast á sannsögulegum atburðum og renna stoðum undir að annað líf sé að finna í alheiminum, en það sem fyrirfinnst á jörðinni.
**23.45 Beck - Gammurinn** *(Beck - Gamen)*
**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**14.35 Dogs in the City**
**15.25 The Biggest Loser - Ísland**
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 Minute To Win It**
**18.50 The Millers**
**19.15 America's Funniest Home Videos**
**19.40 Got to Dance** *(13:20)* Breskur raunveruleikaþáttur sem farið hefur sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansarar á Englandi keppa sín á milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**20.30 The Voice** *(11:28)*
**22.45 The Tonight Show** Harry Potter-stjarnan Daniel Radcliffe er gestur kvöldsins ásamt stuðpinnanum Cedric the Entertainer.
**23.30 Friday Night Lights**
**00.15 The Good Wife**
**01.05 Californication**
**01.35 The Tonight Show**
**03.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **13.50** Bundesliga Highlights Show **14.40** RKC Waalwijk - AFC Ajax **16.40** FC Bayern München - 1899 Hoffenheim **18.40** AFC Ajax - FC Twente **20.40** Dutch League - Highlights 2014 **21.15** Vitesse - Heerenveen **23.15** Motors TV

## Golfstöðin

**08.05** PGA Tour 2014 **11.05** PGA Tour 2014 - Highlight **12.00** Golfing World 2014 **12.50** Tvöfaldur skolli **13.25** LPGA Tour 2014 **16.25** Inside The PGA Tour 2014 **16.50** Augusta Masters Official Film **17.45** PGA Tour Latinoamerica **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** LPGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



# > Vel sjóaðir reynsluboltar

Þeir ná lengst sem sækja fram með samstilltum hætti og fylgja sendingum eftir alla leið. Samskip eru stoltur bakhjarl íslenska handboltalandsliðsins.

Áfram Ísland!

SAMSKIP

Saman náum við árangri

www.samskip.is

ENNEMM / SÍA / NM60294

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



**„Ætli það sé ekki bara lagið When a Fire Starts to Burn með Disclosure.“**

Eydís Helena Evensen fyrirsæta

# Rétt kom í veg fyrir tískuslys

## Harpa Einarsdóttir fatahönnuður lenti í hremmingum í aðdraganda RFF.

„Ég er enn þá að jafna mig,“ segir Harpa Einarsdóttir, fatahönnuður sem hannar undir nafninu Ziska, en hún varð fyrir því óláni að fatalínan hennar sem átti að sýna á Reykjavík Fashion Festival um síðustu helgi í Hörpu, barst ekki til landsins í tæka tíð. Fatalína hennar er framleidd á Indlandi. „Ég sendi allt tímanlega til verksmiðjunnar, en gjaldeyrishöftin urðu til þess að greiðslan barst ekki tímanlega. Þannig að verksmiðjan hóf ekki störf fyrr en viku fyrir sýningu sem er allt of seint,“ segir Harpa, sem dó þó ekki ráðalaus. „Þegar kom í ljós að þetta myndi ekki hafast, viku fyrir sýningu, þá tókum við Selma Ragnarsdóttir klæðskeri aldeilis við okkur. Það voru reyndar tíu flíkur sem voru gerðar hér heima, sem áttu að vera á móti því sem kom frá Indlandi, þannig að þær voru inni í sýningunni. Svo fylltum við bara upp í,“ segir Harpa og hlær.

„Ég hafði náttúrulega engan tíma til að stílísera eitthvað sérstaklega. Við saumuðum allar nætur og til fjögur, nóttina fyrir sýningu. En það var margt gott sem kom út úr þessu, eins og til dæmis hvíti kjóllinn sem hefði aldrei orðið til ef þetta hefði ekki gerst,“ segir Harpa, en hvítur kjóll úr línu hennar vakti sérstaka athygli á sýningunni. „Við náðum fimmtán innkomum fyrirsæta, sem ég tel bara nokkuð gott!“ segir Harpa að lokum og hlær. - ósk



**FATALÍNAN KOM EKKI Í TÆKA TÍÐ** Gjaldeyrishöft urðu til þess að fatalína Hörpu Einarsdóttur kom ekki úr verksmiðju í Indlandi í tæka tíð fyrir tískusýningu hennar á Reykjavík Fashion Festival.








**DATT Á MESSI** Messi hló þegar Stony datt á hann. Tónlistarkonan Janelle Monáe leikur líka í auglýsingunni. „Hún er ein fínasta manneskja sem ég hef hitt,“ segir Stony. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Alls engir stjörnustælar í goðinu Lionel Messi

## Þorsteinn Sindri Baldvinsson, betur þekktur sem Stony, leikur aðalhlutverkið í nýrri, alþjóðlegri auglýsingu fyrir Pepsi. Í henni leikur hann á móti þekktustu knattspyrnumönnum heims. Allt byrjaði þetta með einu YouTube-myndbandi í maí á síðasta ári.

„Ég er ekki vaknaður enn þá. Ég er ekki enn búinn að fatta þetta. Það er mjög súrrealískt að koma frá Akureyri og standa allt í einu við hliðina á Messi. Það bergmálar enn þá hvernig leikstjórinn kynnti okkur: „Stony – Messi. Messi – Stony“,“ segir Þorsteinn Sindri Baldvinsson, betur þekktur sem Stony. Stony fer með aðalhlutverkið í nýrri, alþjóðlegri Pepsi-auglýsingu ásamt fótboltastjörnunum Robin van Persie, David Luiz, Sergio Ramos, Sergio Agüero, Jack Wilshere og fyrrnefndum Lionel Messi.

Saga Stony er nánast ótrúleg því allt byrjaði þetta með myndbandi sem hann setti á YouTube í maí í fyrra þar sem hann spilar sína útgáfu af laginu Can't Hold Us sem Macklemore og Ryan Lewis gerðu frægt. Myndbandið fór eins og eldur um sinu um internetið og endaði á vefsíðunum Reddit og Buzzfeed og hefur verið skoðað tæplega milljón sinnum á rás Stonys, StonysWorld.

„Þaðan berst það til Ryans Seacrest og hann setur það í eins konar ábreiðukeppni í ágúst. Það lendir í öðru sæti og þá hélt ég að þetta væri búið,“ segir Stony. Sú var aldeilis ekki raunin því í september í fyrra fékk Stony Facebook-skilaboð frá auglýsingastofunni 180LA.

„Þeir spurðu mig hvort ég væri til í að taka þátt í verkefni en sögðu mér ekki hvað það væri strax. Ég flaug til New York á fyrsta farrými sem er eitthvað sem ég hef aldrei upplifað áður. Í New York fékk ég að vita að þetta væri auglýsing fyrir Pepsi,“ segir Stony. Eftir fundinn fór hann aftur heim til Íslands og nokkrum dögum síðar aftur upp í flugvél – nú til Brasilíu. Tökur á auglýsingunni hófust 7. desember og stóðu yfir í þrjá daga. Því næst var ferðinni heitið til London.

„David Luiz var sá eini sem ég spjallaði almennilega við. Hann er töff gaur með töff hár. Hann vildi að ég kenndi honum að snúa kjuðum þar sem hann hefur mikinn áhuga á trommum. Í tökunum fékk ég aðstoðarmann og bílstjóra. Ég er alls ekki vanur því,“ segir Stony.

Eini knattspyrnumaðurinn sem vantaði í London var Lionel Messi, sem er af mörgum talinn besti fótboltamaður heims. Tökuliðið gerði sér sérferð í einn dag til Barcelona í janúar til að taka upp með honum. Þar lenti Stony í skemmtilegu atviki.

„Í tökunum átti ég að stíga upp á gangstétt, ganga fram hjá honum og slá blað úr höndum hans. Í annarri tökunni hrasaði ég og lenti ofan á fætinum á honum sem er eflaust dýrasti fótleggur í heimi. Þá hugsaði ég að ég yrði örugglega rekinn og gæti farið heim núna. Það hlógu allir að þessu og hann líka. Það hafa örugglega ekki margir dottið á fótlegg hans utan vallar. Messi var mjög fínn og engir stjörnustælar í honum.“

Auglýsingin var frumsýnd í vikunni en Stony segir það hafa verið erfitt að halda hlutverkinu leyndu.

„Þetta er eitt það erfiðasta sem ég hef gert. Ég sagði engum nema foreldrum mínum frá. Það var mikill léttir að geta deilt þessu með fólki,“ segir Stony en von er á nýrri tónlist frá honum á næstu dögum.

„Ég er á fullu að vinna í minni eigin tónlist og er að fara í tökur á nýju myndbandi. Annars er ég opinn fyrir fleiri svona verkefnum og væri frábært að fá fleiri störf enda hef ég mikinn áhuga á tónlist og leiklist og öllu sem tengist því.“

liljakatrin@frettabladid.is



**NÝTT EFNI VÆNTANLEGT** Stony segist ætla að gefa út nýja tónlist á næstu dögum.

MYND/BALDUR KRISTJÁNS

### TÆPT ÁR FRÁ FYRSTA YOUTUBE-MYNDBANDINU

- **Maí 2013** Stony setur myndbandið við lagið Can't Hold Us á YouTube. Nýtur það strax gríðarlegra vinsælda og lendir á síðum eins og Buzzfeed og Reddit.
- **Ágúst 2013** Útvarpsmaðurinn og Idol-kynnirinn Ryan Seacrest velur myndbandið í ábreiðukeppni og lendir það í öðru sæti.
- **September 2013** Stony fær Facebook-skilaboð frá auglýsingastofunni 180LA, sömu stofu og gerði Pepsi-auglýsingu með Beyoncé.
- **Nóvember 2013** 180LA býður Stony á fund til New York og verkefnið er kynnt fyrir honum.
- **Desember 2013** Tökur í þrjá daga í Brasilíu og því næst í London. Stony fer heim til Íslands í jólafrí.
- **Janúar 2014** Einn tökudagur í Barcelona með Lionel Messi.

Regatta GREAT OUTDOORS® · CRAGHOPPERS · DARE 2b · BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

# OKKAR VERÐ

## NÝJAR VÖRUR! SUMAR 2014



**HJÓLAJAKKAR**
9.990.-



**FLÍSPEYSUR**
4.990.-



**ISOLITE JAKKAR**
4.990,-



**CLIMAPLUS JAKKAR**
11.990.-



**HJÓLAJAKKAR**
9.990,-



**FLÍSPEYSUR**
3.990.-



**SOFTSHELL BUXUR**
8.490.-



**STRETCH ZIP-OFF BUXUR**
8.490.-

## VERÐDÆMI

### Börn

| | |
|---|---|
| Flíspeysur | 2.990,- |
| Softshell peysur | 4.490,- |
| Softshell buxur | 5.490,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.490,- |
| Skór | 7.990,- |

### Dömur & herrar

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.990,- |
| Skyrtur | 3.990,- |
| Flíspeysur | 3.990,- |
| Softshell peysur | 5.990,- |
| Core Stretch peysur | 5.490,- |
| Buxur | 4.990,- |
| Softshell buxur | 8.490,- |
| Zip off buxur | 8.490,- |
| Stretch buxur | 8.990,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.990,- |
| Hjólajakkar | 6.990,- |
| Kápur | 8.990.- |
| Skór | 7.490,- |
| Bakpokar | 4.990,- |

o.fl. o.fl.

**„ÓDÝRA HORNIÐ“ VERÐHRUN!**



**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 – 16**

facebook.com/
utivistogsport

Kíktu á síðuna!
Myndir af nýjum vörum!

**ÚTIVIST & SPORT**

*Faxafen 12 S. 533-1550 www.utivistogsport.is*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla og Vesturbergi
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### DJ Margeir semur við erlenda útgáfu

DJ Margeir skrifaði á dögunum undir samning við þýska útgáfufyrirtækið Hasen-music en fyrirtækið gefur meðal annars út hinn virta tónlistarmann Trentemöller. „Útsendarar fyrirtækisins voru staddir í einu af þessum mögnuðu Bláa lóns partíum sem ég spila í og í kjölfarið spruttu upp viðræður um samstarf,“ segir **DJ Margeir** um upphafið. „Ég er mjög sáttur við samninginn því að fyrirtækið deilir sömu sýn á tónlistarbransann sem er í stöðugri þróun.“ Platan er væntanleg í vor og kemur út um allan heim. Næsta gigg Margeirs er í Taílandi og ætlar hann svo sannarlega að trylla Taílendingana en Margeir skemmti í Taílandi fyrir fjórum árum. „Það mættu 300.000 manns á staðinn síðast en fólkið var reyndar í öðrum erindagjörðum þá, því það var að mótmæla ríkjandi stjórnvöldum og ekki í neinu stuði til að dansa,“ segir Margeir, sem vonast eftir hressari áheyrendum í ár.



- glp

### Tónlist, trúðar og forsetinn

Seltjarnarnesbær heldur upp á 40 ára kaupstaðarafmæli sitt miðvikudaginn 9. apríl næstkomandi en þá munu þau Ari Bragi Kárason og söngkonan rómaða **Sigríður Thorlacius** koma fram á tónleikum sem haldnir verða á bókasafni bæjarins. Ásamt dúóinu koma fram hljóðfæraleikararnir Einar Scheving, Eyþór Gunnarsson og Richard Anderson. Tónlistarmennirnir munu spila þekkt íslensk dægurlög í bland við erlent efni en æft er af kappi fyrir tónleikana. Mikið verður um dýrðir í Seltjarnarnesbæ og forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hyggst flytja ávarp auk þess sem trúðar leika listir sínar.



- ssb

## Mest lesið Vísir

1 „Ég geri þá kröfu að þú hleypir mér héðan út!“
2 Helgi Seljan hefur sigur gegn kerfinu
3 Ummæli Sigmundar Davíðs komin í heimspressuna
4 Kennaraverkfalli gæti lokið á morgun
5 „Mjög óhugnanlegt“ – Ferðast ekki um einar lengur


RE/MAX Lind

FAGLEG FASTEIGNAÞJÓNUSTA

**Þórunn Pálsdóttir**
Sölufulltrúi
Byggingarverkfr., MBA
thorunnp@remax.is
773 6000



**Þórunn Gísladóttir**
Löggiltur fasteignasali
510 7900
thorunn@remax.is



RE/MAX Lind • Hlíðasmára 6 • 201 Kópavogur

BETRA BAK FRÁ FERMINGU TIL FULLORÐINSÁRA

HEILSUSAMLEG GJÖF Á GÓÐU VERÐI!



Serta
Serta Crown Plus

30% FERMINGAR AFSLÁTTUR SERTA CROWN PLUS

Verðdæmi: Serta Crown Plus heilsurúm 120x200 cm frá kr.
FERMINGARTILBOÐ 114.800

Vaxtalausar afb. í 12 mánuði*
10.067
SERTA CROWN PLUS 120x200 cm

Öllum fermingarrúmum fylgir 5 miða bíókort í
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is

Serta
Serta Crown Plus

Vandað 5 svæðaskipt pokagormakerfi.
Steyptar kantstyrkingar.
Betri aðlögun.
Hægt að snúa.
Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
Þykkt 32 cm.

FALLEG SÆNGURFÖT – TILVALIN FERMINGARGJÖF – MIKIÐ ÚRVAL



Verðdæmi SÖDAHL sængurföt
FERMINGARTILBOÐ 12.990

VANDAÐAR DÚNSÆNGUR OG HEILSUKODDAR
SEM FULLKOMNA GÓÐAN NÆTURSVEFN

Verðdæmi NOCTURNE PURE & SLEEP dúnsæng
FERMINGARTILBOÐ 19.900



NOCTURNE PURE & SLEEP DÚNSÆNG
MJÚK OG HLÝ DÚNSÆNG.
Stærð: 140x200 cm. Fylling: Moskusdúnn. Áklæði: 100% bómull.

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

FÁANLEGUR MJÚKUR, MEDIUM OG STÍFUR

Verðdæmi TEMPUR TRAD. heilsukoddi
FERMINGARTILBOÐ 13.930



TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN
Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstellingum. Fáanlegur mjúkur, milli stífur og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

betrabak.is

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5 • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16